**ÁSLAUG DÓRA EYJÓLFSDÓTTIR**

*Finnur leikinn í hreyfingunni*

Valentínusardagur heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**KÓPAVOGUR**

*Höfnin í Kópavogi*

Öldurnar brotna á skerjunum

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**HVAÐA LAG ER BEST?**

ICY - TRÍÓIÐ LÍKLEGT

Taktu þátt í kosningu á visir.is

FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. febrúar 2006 — 44. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Fólksflótti frá Litháen er alvarlegt vandamál

**Eitt stærsta vandamálið í Eystrasaltslöndunum í dag er flótti fólks til annarra landa. Fyrir nokkrum árum var 20 prósenta atvinnuleysi í Litháen. Núna fá allir vinnu sem vilja.**

**LITHÁEN** Eitt stærsta vandamálið í Eystrasaltslöndunum í dag er flótti fólks til annarra landa í leit að vinnu, einkum er farið til Írlands og Norðurlandanna. Fyrir nokkrum árum var 20 prósenta atvinnuleysi í Litháen. Núna er vandamálið að fá fólk til starfa. Allir sem vilja geta fengið vinnu. Slíkur hefur flóttinn verið.



FRÉTTABLAÐIÐ Í LITHÁEN

GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR

ghs@frettabladid.is

Vytautas Brutas, blaðamaður á dagblaðinu Lietuvos Rytos, segir að fólksflóttinn sé stórt félagslegt vandamál sem ekkert sé gert við. Það þyki eftirsóknarvert að komast utan til starfa. Unga fólkið streymi burt og sama gildi um láglaunafólkið.

„Núna er vandamálið að fá menn í láglaunastörf í Vilníus. Við verðum að ráða fólk í byggingavinnu frá Hvíta-Rússlandi því að það eru ekki til góðir iðnaðarmenn í Vilníus. Litháískir verkamenn krefjast mikilla peninga fyrir vinnu sína og þeir fá góð laun vegna stöðunnar á markaðnum. Fólk sem kemur frá öðrum löndum, til dæmis Hvíta-Rússlandi, vinnur hins vegar fyrir lægri laun," segir hann.

Meðallaun verkamanna eru um 30 þúsund krónur, eða 1.338 litur, en það er þó ekki alveg að marka því að mikið er um svarta atvinnustarfsemi. Litháar velta sköttum heldur ekki mikið fyrir sér, það sem skiptir þá mestu máli er hvað þeir fá í hendurnar eftir skatta.

Litháar hafa verið fjölmennir á Íslandi. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni voru þeir 423 talsins árið 2004. Búast má við að þeim hafi fjölgað verulega í fyrra.

Stéttaskiptingin er gríðarleg í Litháen. Vytautas segir að þeir ríku verði sífellt ríkari og það séu bæði Litháar og Rússar, sérstaklega stjórnmálamenn sem hafa makað krókinn og nýtt sér aðstöðu sína. Hann segir að engin millistétt hafi enn myndast í landinu en lágstéttin sé fjölmenn.

Skiptingin milli Litháa, Rússa og Pólverja er líka mikil þó að hún hafi minnkað með árunum. Litháar eru langflestir í Litháen en í dag eru Pólverjarnir fleiri en Rússarnir, eða um 8,5 prósent.

Verkalýðshreyfingin er afar veik í Litháen og hefur engin pólitísk áhrif. Vytautas segist vera mjög svartsýnn á framtíð hennar. Ástandið gæti þó hugsanlega verið betra ef ekki kæmu reglulega upp hneyksli vegna spillingar. ■



**GAMLA STÚKAN ENDURNÝJUÐ** Þess er ekki langt að bíða að 6500 Íslendingar fagni góðri frammistöðu íþróttamanna í nýrri stúku í Laugardal. Hún verður vígð í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Amfetamínsmyglarinn enn í gæsluvarðhaldi:

# Sætir stöðugum yfirheyrslum

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem tekinn var í Leifsstöð með rúmlega 3,5 kíló af amfetamíni er enn í gæsluvarðhaldi og sætir stöðugum yfirheyrslum. Lögreglan verst allra frétta af málinu.

Það var að kvöldi 4. febrúar síðastliðins sem maðurinn, sem er 25 ára, var tekinn í Leifsstöð ásamt unnustu sinni, sem er rúmlega tvítug. Þau voru að koma frá París, en keyptu efnið í Hollandi, samkvæmt upplýsingum blaðsins. Við leit fannst verulegt magn af amfetamíni í farangri þeirra. Reyndist vera um rúmlega 3,5 kíló af efninu að ræða. Parið var úrskurðað af Héraðsdómi Reykjavíkur til að sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur. Konunni var sleppt síðastliðinn föstudag, þar sem þáttur hennar í málinu var talinn fullrannsakaður. Hún bar stöðugt að hún hefði ekki vitað af efninu. Gæsluvarðhald yfir manninum rennur út á föstudaginn.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík varðist allra frétta af rannsókninni í gær, að öðru leyti en því að henni miðaði vel. Hann vildi til að mynda hvorki svara því hvort styrkleiki efnisins lægi fyrir né öðrum spurningum blaðsins um málið.

-jss



**AMFETAMÍNIÐ** Magnið sem tekið var í Leifsstöð reyndist rúmlega 3,5 kíló.

**Valentínusardagurinn er í dag**

Dagur rómantíkur og ástar er í dag og víst er að margir munu nota daginn til að gleðja ástvini með blómum og kannski gjöfum.

TILVERA 14



**Á grænni grein**

Íslenska fyrirtækið Sideline Sports hefur gert risasamning við alþjóða körfuknattleikssambandið, FIBA, til ársins 2012. Samningurinn gæti skilað fyrirtækinu miklum fjármunum í framtíðinni.

ÍÞRÓTTIR 30



**Tónleikar Mezzoforte í hættu**

Þátttaka Mezzoforte á djasshátíð í Indónesíu er í hættu vegna þess að danskur liðsmaður hljómsveitarinnar gæti verið í hættu staddur.

FÓLK 34



**VEÐRIÐ Í DAG**




**SNJÓKOMA Í DAG** verður norðaustan hvassviðri á Vestfjörðum, annars hægari. Snjókoma eða él norðvestan til og smáskúrir við suðausturströndina annars yfirleitt þurrt. Vægt frost á Vestfjörðum og við norðurströndina annars frostlaust.

VEÐUR 4

MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA

Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.



**FÁLKI SEM SLAPP** Fálki sem skotinn hafði verið í vænginn náði að jafna sig í Húsdýragarðinum eftir að börn náðu honum í bakgarði á Húsavík. Hann hefur jafnað sig og verið sleppt.

Dráp á friðuðum fuglum:

# Tveir menn verða ákærðir

**LÖGREGLA** Tveir hafa játað í yfirheyrslum lögreglunnar á Húsavík aðild að drápi á tveimur fálkum, tveimur branduglum og smyrli. Mennirnir verða einnig ákærðir fyrir brot á vopnalögum.

Lögreglan fann fuglana í atvinnuhúsnæði meindýraeyðis í haust og hélt eigandinn því fram að hann hefði fundið frystikistu á ruslahaugi og að fuglarnir hefðu þá verið í henni. Sagan var ekki á rökum reist, en maðurinn er ekki talinn viðriðinn málið og verður líklegast ekki ákærður.

Sýslumaður fær nú málið og ákveður framhald þess. - gag

Bátur sökk á Hvaleyrarvatni:

# Tveir drengir hætt komnir

**LÖGREGLA** Tveir drengir, ellefu og tólf ára, urðu að synda 100-150 metra að landi þegar gúmbátur þeirra sprakk á Hvaleyrarvatni við Hafnarfjörð á laugardag. Hluti vatnsins var ísi lagður og rakst báturinn í ísinn með þessum afleiðingum.

Móðir annars drengsins og vegfarandi óðu út í vatnið á móti drengjunum en þeir voru mjög kaldir og þrekaðir. Voru þeir, fluttir á slysadeild til aðhlynningar. Mildi þykir að ekki fór verr þar sem vatnið er mjög kalt á þessum árstíma. - sdg



**Engin takmörk**

**Menntadagur iðnaðarins** verður 22. febrúar 2006. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.si.is**

SI Samtök iðnaðarins



## SPURNING DAGSINS

*Dagur, er komið að efsta degi?*

Það hlýtur að vera á kjördegi.

Dagur B. Eggertsson bar sigurorð af Steinnunni Valdísi Óskarsdóttur og Stefáni Jóni Hafstein í baráttunni um 1. sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir sveitastjórnarkosningarnar í vor.

Hátt matvöruverð hér á landi vekur enn á ný umræður á Alþingi:

# Athugar lækkun vörugjalds

**MATVÖRUVERÐ** Nefnd, sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra skipaði eftir áramótin til þess að móta tillögur um lækkun matvöruverðs, hefur haldið tvo fundi. Hann vonast til þess að nefndin skili niðurstöðum fyrir haustið.

Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hóf umræðu um matvöruverð utan dagskrár á Alþingi í gær. Hún sagði meðal annars að matvöruverð væri enn um 40 prósentum hærra en í nágrannalöndunum eins og kannanir hefðu sýnt. Verð færi lækkandi í öllum vöruflokkum nema í matvöru. Málið væri ekki einfalt en allir vísuðu ábyrgð á háu vöruverði frá sér.



**MATVÖRUR** Forsætisráðherra telur að til greina komi að lækka vörugjald sem lagt er á innfluttar matvörur.

Fram kom einnig í máli Halldórs að vörugjald á matvöru skekkti samkeppnisstöðu. Það þyrfti að lækka en ekki væri ljóst hvernig það skilaði sér í matvöruverðinu. Hann gat einnig um matarskattinn en taldi vafa undirorpið að lækkun hans skilaði sér einvörðungu í vasa neytenda.

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði að lækkun matvöruverðs væri ekki ofarlega á forgangslista stjórnvalda og eina úrræði þeirra væri að setja málið í nefnd.

Halldór benti á að þótt matvöruverð væri hærra hérlendis en í löndum Suður-Evrópu væri það lægra hlutfall af tekjum íslenskra heimila. **- jh**

Rukkað um of í glasafrjóvgun:

# Fimmtíu hafa gefið sig fram

**LÖGREGLA** Um helmingur þeirra eitt hundrað para sem grunur leikur á að hafi verið rukkuð um of háar fjárhæðir vegna aðgerða á glasafrjóvgunardeild Landspítala - háskólasjúkrahúss hefur veitt leyfi sitt fyrir því að lögreglan rannsaki fjárdrátt fyrrverandi starfsmanns deildarinnar.

Jóhannes Pálmason, yfirlögfræðingur spítalans, segir upplýsingunum þegar hafa verið komið til ríkislögreglustjóra. Ítrekunarbréf hefur verið sent til þeirra sem ekki svöruðu kalli spítalans. Þó nokkrir til viðbótar hafi þegar gefið sig fram. **- gag**



**LOÐNUSKIP AÐ VEIÐUM** Loðnuafli var lítill í janúar eða um 195.000 lestum minni en á sama tíma í fyrra. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Bráðabirgðatölur Fiskistofu:

# Minnsti janúarafli í níu ár

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli íslenska fiskiskipaflotans í janúar hefur ekki verið minni í tæp níu ár og dregst saman í flestöllum tegundum. Heildaraflinn var 40.624 lestir sem er 1/6 þess sem veiddist í janúar 2005.

Mestu munar um loðnuaflann en hann er aðeins 8.090 lestir nú borið saman við 202.680 í fyrra. Afli er minni af öllum helstu botnfisktegundum, eða 31.912 lestir á móti 33.736, en lítið eitt meira veiddist af tegundum eins og steinbít, karfa og kola.

Hvorki rækja né skel veiddust í janúar. **-shá**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Fuglaflensa breiðist út í Evrópulöndum

**Skæða afbrigði fuglaflensunnar hefur nú fundist í fuglum í átta Evrópulöndum. Viðbúnaðarstig hérlendis verður ekki hækkað fyrr en og ef fuglaflensu verður vart í Bretlandi eða í Skandinavíu.**

**FUGLAFLENSA** „Að svo stöddu verður viðbúnaðarstigið ekki aukið hérlendis og það verður ekki gert nema hún greinist mun nær okkur eins og til dæmis í Bretlandi," segir Jarle Reiersen, dýralæknir og sérfræðingur í alifuglasjúkdómum. Engar sérstakar ráðstafanir eru gerðar hér í kjölfar frétta um að skæðasta afbrigði fuglaflensu hafi fundist í fuglum á Ítalíu og Búlgaríu síðustu dægrin. Sjúkdómurinn hefur þar með fundist í alls átta löndum Evrópu og í fimmtán löndum heimsins svo vitað sé.

Jarle segir allt óbreytt hér á landi. Dreift hefur verið vítækum upplýsingum um sjúkdóminn til allra sem hagsmuna eiga að gæta víðs vegar á landinu auk þess sem kynningarfundir hafa verið haldnir og verða áfram í flestum byggðum landsins. „Að flensan hafi fundist á Ítalíu breytir engu fyrir okkur. Engir farfuglar sem hingað til lands fljúga koma þaðan og eina leiðin til þess að hún berist hingað er að sjúkir fuglar blandist við þá sem hingað fljúga annars staðar í Evrópu. Annars er líklegra að fuglar sæki suður á bóginn frá Ítalíu en ekki norður á þessum árstíma en við fylgjumst vel með og gerum ráðstafanir um leið og fréttir berast að flensan hafi fundist nær okkur en þetta."




**ÚTBREIÐSLA FUGLAFLENSUNNAR** Tyrkland er hingað til eina landið í Evrópu þar sem hins mannskæða afbrigðis fuglaflensunnar, H5N1, hefur orðið vart. Telja sérfræðingar líklegra að farfuglar fljúgi suður á bóginn en vestur eða norður á þessum árstíma. Heimild: WHO

Heilbrigðisyfirvöld í Frakklandi og á Spáni hafa aukið sitt viðbúnaðarstig en fuglafræðingar eru almennt sammála Jarle og telja að farfuglar sæki fremur suður á bóginn en vestur og komi það á daginn er mesta hættan á vesturströnd Afríku. Viðbúnaður margra ríkja í þeirri álfu er afar takmarkaður en töluverð hræðsla er vegna tveggja tilfella sem komið hafa upp í Nígeríu. Læknar höfðu þó ekki staðfest að tvö ung börn sem um ræðir væru sýkt af fuglaflensu eða veik af öðrum orsökum. Milljónir manna í álfunni hafa lifibrauð sitt af eldi og sölu á alifuglum og fuglakjöt er víða eina kjötið sem fátækir íbúar geta keypt án þess að fórna aleigunni. Greinarmun verður einnig að gera á „venjulegri" fuglaflensu og því afbrigði hennar, svokölluðu H5N1, sem ógnað getur fólki. Alþjóða heilbrigðisstofnunin segir 90 staðfest dauðsföll af völdum veirunnar en langflest þeirra í Suðaustur-Asíu.

albert@frettabladid.is



**Í HÚSAKYNNUM RÍKISSÁTTASEMJARA** Þrátt fyrir að menn fundi í Karphúsinu er ekki búið að vísa deilunni til ríkissáttasemjara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sveitarfélög og slökkilið:

# Kjaraviðræður halda áfram

**KJARAMÁL** Ekkert tilboð var lagt á borð samninganefndar um kjör slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna á fundi þeirra með launanefnd sveitarfélaganna í gær.

Bragi Mikaelsson, formaður launanefndarinnar í viðræðunum, segir þær ganga ágætlega. Nefndirnar ætli að halda fundarsetunni áfram á fimmtudag en hittist einnig á miðvikudag og ræði starfslok slökkviliðsmanna.

„Ein krafa slökkviliðsmanna er að flýta starfslokum. Starfsmenn í svona krefjandi starfi eiga erfitt með að vinna til sjötugs," segir Bragi: „Þetta er gamalt mál frá síðustu samningalotu sem ekki er búið að leysa." **- gag**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tveir teknir með fíkniefni** Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði bíl aðfaranótt sunnudags og við leit fannst efni sem lögregla ætlar að sé amfetamín. Efnið er í rannsókn. Tveimur piltum sem voru í bílnum var sleppt eftir skýrslutöku og málið telst upplýst.

**Bíll valt á Vesturlandsvegi** Ökumaður er grunaður um ölvun eftir að hafa keyrt útaf og velt bíl sínum á Vesturlandsvegi í Leirár- og Melasveit á laugardag. Ökumaðurinn var fluttur með sjúkrabíl á Akraness til aðhlynningar og útskrifaður daginn eftir.

**Fíkniefnaneytandi kærður** Kona á fertugsaldri hefur verið kærð fyrir að hafa á sér lítilræði af amfetamíni. Konan hefur margsinnis komið við sögu lögreglu áður vegna fíkniefnabrota en þess er krafist að hún verði dæmd til refsingar fyrir að hafa amfetamínið á sér.






Kostnaðaráætlun fyrir varnir gegn fuglaflensu lögð fyrir ríkisstjórnina:

# Fé til sýnatöku verði tryggt

**HEILBRIGÐISMÁL** Áætlun um kostnað til varnar fuglaflensu verður lögð fyrir fund ríkisstjórnar í dag, að sögn Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra. Þar á meðal verður kostnaðaráætlun vegna sýnatöku úr um þrjú þúsund alifuglum og nokkrum villtum fuglum. Heilbrigðisráðherra vildi í gær ekki segja til um hver heildarkostnaðartalan væri sem lögð yrði fyrir ríkisstjórnina í dag.

„Ég á von á því að við leysum úr þessum málum þannig að nægt fjármagn verði til þeirra varnaraðgerða sem nauðsynlegar eru taldar," segir heilbrigðisráðherra um það atriði að fyrirliggjandi fjármunir hefðu einungis nægt til sýnatöku úr 5-600 fuglum. Hann bætir við að kostnaðaráætlunin nái til viðbúnaðaraðgerða á ýmsum sviðum, sem þegar hafi verið hafnar. Hann nefnir þar fuglaflensulyf.



**FUGLAFLENSA.** Varnaraðgerðir gegn fuglaflensu eru í gangi víða um lönd. Þessi mynd er frá Kína.

„Eftirspurnin er gríðarleg og menn þurfa að passa að lenda ekki úti þar," segir ráðherra. „Það viðbúnaðarstig sem við viljum hafa hér vegna fuglaflensunnar hlýtur óhjákvæmilega að leiða til einhvers kostnaðar. Ég á ekki von á því að það verði nein fyrirstaða í því." **-jss**



Frá 6.073 kr. aðra leið, London hefur aldrei verið nær

Kynntu þér málið núna, á ba.com

oneworld

BRITISH AIRWAYS

Skráðu þitt tölvupóstfang á ba.com fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfargjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006.
Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á ba.com

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 13.2.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,76 | 64,06 |
| Sterlingspund | 110,85 | 111,39 |
| Evra | 75,77 | 76,19 |
| Dönsk króna | 10,147 | 10,207 |
| Norsk króna | 9,342 | 9,398 |
| Sænsk króna | 8,108 | 8,156 |
| Japanskt jen | 0,5391 | 0,5423 |
| SDR | 91,45 | 91,99 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**106,5154**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Spenna á Haíti þegar dregur að lokum talningar í forsetakosningum:

# Kjósendur telja brotið á Préval

**HAÍTÍ, AP** Stuðningsmenn forsetaframbjóðandans Renés Préval á Haítí reistu vegartálma úr brennandi hjólbörðum og fóru í háværa kröfugöngu um höfuðborgina Port-au-Prince í gær til að krefjast þess að hann yrði tafarlaust lýstur sigurvegari kosninganna.

Mótmælin spruttu upp er nýjustu opinberar tölur úr talningu atkvæða gáfu til kynna að fylgi Prévals væri að síga niður fyrir 50 prósentin, en gerist það verður hann að mæta þeim frambjóðanda sem næstflest atkvæði hlýtur í úrslitaumferð. Stuðningsmenn Prévals grunar kjörstjórnina um að beita brögðum við talninguna til að hafa af honum sigurinn. Préval var pólitískur samherji Jean-Bertrands Aristide, sem flæmdur var af forsetastóli fyrir tveimur árum í þessu fátækasta landi Vesturheims. Óstaðfestar fregnir voru af því að friðargæsluliðar SÞ hefðu skotið á mótmælendur í gær. **-aa**



**REIÐI Í GARÐ KJÖRSTJÓRNAR** Stuðningsmenn Prévals við einn vegartálmann í Port-au-Prince í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra í Svíþjóð:

# Átti einkafund með konungi

**UTANRÍKISMÁL** Skopmyndir af Múhameð spámanni og sú mikla ólga sem þær hafa valdið í ríkjum múslíma var á meðal þess sem Geir H. Haarde ræddi á fundi með Lailu Freivalds, utanríkisráðherra Svía, í gær.

Geir er í opinberri heimsókn í Svíþjóð þessa dagana og í gær hitti hann konung Svía á einkafundi, varnarmálaráðherra og ráðherra norrænna mála.

Í dag fundar Geir með utanríkismálanefnd sænska þingsins en megintilgang heimsóknarinnar segir hann vera að styrkja vináttubönd þjóðanna. **-shá**



**YFIRLITSMYND FRÁ REYKJAVÍK** Framkvæmdir hefjast senn en kylfingar bíða óþreyjufullir eftir stækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/SK

Korpúlfsstaðavöllur 27 holur:

# Golfarar þurfa að bíða til 2009

**GOLF** Stækkun Korpúlfsstaðavallar í 27 holur hefst árið 2009. Samþykkt var af borgarráði að ganga fljótlega til samninga við Golfklúbb Reykjavíkur og veita 210 milljónir til uppbyggingar og endurbóta á völlum félagsins.

Uppbygging Grafarkotsvallar er lokið og æfingaflata í Grafarholti sem tengjast Básum. Næstu verkefni eru bygging vélageymslu í Grafarholti og þjónustubyggingar við Bása. Þar stendur til að byggja hús fyrir pútt- og vippæfingar. Sléttun og endurbygging brauta á Grafarholtsvelli heldur áfram. **-shá**

Sjávarútvegsráðherra fundar:

# Rætt um ólöglegar veiðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Kolmunnaveiðar og samningar um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum var á meðal þess sem Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra ræddi á fundi sínum við Joe Borg, framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála ESB í gær. Fullur stuðningur framkvæmdastjórans fékkst við átak Íslendinga gegn ólöglegum karfaveiðum og hann upplýsti að framkvæmdastjórnin legði að aðildarríkjunum að virkja hafnríkislögsögu sína betur í þeirri baráttu. Tollalækkanir á sjávarafurðum bar einnig á góma. **-shá**



**EKKI Í SÁTTAHUG** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti talar á fundi með erlendum sendiherrum í Teheran í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Teheran teflir á tæpara vað

## Íransstjórn afboðaði í gær viðræður sem til stóð að hæfust í Moskvu í vikunni um hugsanlega málamiðlun í kjarnorkudeilunni. Auk þess hótaði hún að segja sig frá alþjóðasáttmála gegn útbreiðslu kjarnavopna.

**ÍRAN, AP** Íransstjórn tefldi á enn tæpara vað í alþjóðadeilunni um kjarnorkuáætlun hennar í gær. Þá sló hún skyndilega á frest um óákveðinn tíma áformuðum viðræðum við bandamenn í Moskvu um áætlun sem gerði Írönum kleift að stunda tilraunir með auðgun úrans í Rússlandi, en slík áætlun væri til þess fallin að draga úr áhyggjum manna af því að klerkastjórnin ynni að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Ráðamenn í Teheran hótuðu því jafnframt í gær að segja sig frá alþjóðasáttmálanum gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Sendierindrekar við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (IAEA) í Vínarborg sögðu í gær ennfremur frá því að í kjarnorkutilraunastöðinni í Natanz í Íran væri auðgun úrans hafin í smáum stíl, en með auðgun úrans er hvort tveggja hægt, að framleiða eldsneyti til raforkuframleiðslu í kjarnorkuverum og efni í kjarnorkusprengjur.

„Úrangas hefur verið leitt inn í þrár skilvindur,“ sagði háttsettur IAEA-erindreki sem ekki vildi láta nafns síns getið þar sem hann hefði ekki heimild til að tala opinberlega um málið að svo stöddu. Annar fulltrúi við stofnunina staðfesti að auðgun úrans væri komin í gang í Natanz, sem er um 100 km suður af Teheran.

Viðræðurnar í Moskvu áttu að hefjast á fimmtudag, en var frestað um óákveðinn tíma vegna „hinnar nýju stöðu“ eftir því sem Gholamhossein Elham, talsmaður Íransforseta, greindi frá. Hin „nýja staða“ vísar til ákvörðunar stjórnar IAEA fyrr í mánuðinum um að vísa deilunni um kjarnorkuáætlun Írana til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Klerkastjórnin heldur því fram að áætlunin hafi það eitt að markmiði að gera Íran kleift að framleiða raforku, en stjórnvöld í Bandaríkjunum og víðar telja ástæðu til að ætla að tilgangurinn sé að gera Íran kleift að kjarnorkuvígvæðast.

Íranar höfðu varað við því að þeir myndu hefja auðgun úrans í stórum stíl ef stjórn IAEA gerði alvöru úr þeirri hótun sinni að vísa deilunni til öryggisráðs SÞ, en það getur ákveðið alþjóðlegar þvingungaraðgerðir gegn Íran.

Í Berlín lýstu þýskir ráðamenn vonbrigðum yfir því að ekkert yrði af viðræðunum í Moskvu. Í nafni Evrópusambandsins höfðu Þjóðverjar, Frakkar og Bretar haldið úti langvinnum samningaumleitunum við Írana sem miðuðu að því að fá þá til að fallast á fullnægjandi alþjóðlegt eftirlit með kjarnorkuáætluninni gegn því að fá ýmsar tilslakanir í viðskiptum og öðru sem komið hefðu Írönum vel. Segja má að hinar áformuðu viðræður í Moskvu hafi verið síðasta vonin um að leysa mætti málið með samningum.

**audunn@frettabladid.is**

www.expressferdir.is

KONUR Í KÖBEN

9.-12. MARS

Stórskemmtileg konuferð til Kaupmannahafnar með sjálfa Diddú sem fararstjóra. Gist á Square hótelinu við Ráðhústorgið. Í boði er kanalsigling í gegnum borgina, dekurdagur í Vannkulturhuset, frábærir tónleikar, sameiginlegir kvöldverðir og skoðunarferð í nýju Óperuna.

Á FERÐ OG FLUGI MEÐ DIDDÚ

49.900 kr.

INNIFALIÐ: Flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, gisting á rómuðu hóteli, dekurdagur, kvöldverður á hinum fræga Olsen ved Stranden og íslensk fararstjórn. Ekki innifalið í verði: Kanalsigling, tónleikar og skoðunarferð í Óperuna.

» Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SLÆMAR HORFUR FYRIR VESTFIRÐI**
Hann er að snúa sér í norðlægar áttir með kólnandi veðri. Hvassviðri eða stormur verður á Vestfjörðum þegar líður á daginn og horfur á að þar verði mjög hvasst næstu 2-3 dagana. Vindur vex einnig vestan til næstu daga en annars verður þetta skaplegra. Dregur úr frosti um næstu helgi.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Norðaustan 5-10 m/s. Skýjað en úrkomulítið. Frostlaust í dag en smám saman frystir.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hvassviðri norðvestan til annars hægari.

*» fimmtudagur*




Hvassviðri norðvestan og vestan til.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C hálfkýjað | París | 10°C hálfskýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Berlín | 1°C hálfskýjað | Mílano | 10°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C hálfskýjað | Frankfurt | 3°C alskýjað | New York | 4°C léttskýjað |
| Helsinki | -2°C alskyjað | Madríd | 17°C hálfskýjað | San Francisco | 17°C hálfskýjap |
| London | 12°C skúrir | Barcelona | 13°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 17°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


ERTU AÐ SEGJA MÉR AÐ ALLT ÞETTA FÓLK FÁI ÁVÍSUN?
Nú endurgreiðum við um 260 milljónir til 20 þúsund viðskiptavina okkar í Stofni. Þannig verðlaunum við fyrir tjónlaust ár. Komdu í hópinn! Síminn er 440 2000.
SJÓVÁ
STOFN
GOTT FÓLK McCANN



## KJÖRKASSINN

*Á að gera jarðgöng til Vestmannaeyja?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 16% |
| NEI | 84% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Verður Dagur B. Eggertsson næsti borgarstjóri í Reykjavík?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Hafnfirðingar hafa áhyggjur af auknu landbroti:

# Hvaleyrin er í mikilli hættu

**HAFNARFJÖRÐUR** Landbrot á Hvaleyri við Hafnarfjörð var óvenjumikið síðastliðinn vetur og útlitið er ekki betra nú.

Mörg ár eru liðin síðan vakin var athygli á því að ef ekki yrði brugðist við gæti farið svo að landkostir á þessu svæði spilltust verulega vegna sjávargangs. Svæðið er mikilvægt útivistarsvæði fyrir Hafnfirðinga og þarf ekki annað en að líta til hins glæsilega golfvallar sem heimsþekktir kylfingar og golfvallahönnuðir keppast um að mæra.

Jón Kr. Óskarsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar, hefur nýlega lagt fram fyrirspurn til samgönguráðherra um hvort áform séu uppi um framkvæmdir við Hvaleyri á þessu ári til að fyrirbyggja frekara landbrot.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, Lúðvík Geirsson, segir að nú sé tími til kominn að klára þessar framkvæmdir þar sem verið sé að vinna á þessu svæði. Hann segir jafnframt að Hafnfirðingar sjálfir muni líklega klára málið ef stjórnvöld samþykki ekki að veita fjármagni til verkefnisins nú. Árið 2002 var 650 þúsund krónum veitt til nauðsynlegra umhverfisrannsókna fyrir verkefnið en heildarkostnaður er áætlaður um 100 milljónir króna. - shá



**HVALEYRARVÖLLUR** Golfparadís Hafnfirðinga er hluti þeirra svæða sem gætu spillst vegna ágangs sjávar. Bæjarstjóri vill aðgerðir strax.

Leiðtogi Hamas-samtakanna:

# Friðmælist við Ísraelsmenn

**PALESTÍNA** Khaled Meshaal leiðtogi palestínsku Hamas-samtakanna herskáu lofar Ísraelum friði gegn því að þeir dragi allt herlið sitt frá þeim svæðum sem Palestínumenn gera tilkall til.

Er þetta haft eftir honum í rússnesku dagblaði.

Þykja ummæli leiðtogans merkileg þar sem samskipti Hamas og ísraelska ríkisins hafa hingað til nánast eingöngu einkennst af blóðugum átökum og hafa leiðtogar Hamas ekki gefið annað til kynna eftir að þeir komust til valda í Palestínu en að svo yrði áfram. ■



**SKAFLAR Í NEW YORK** Vegfarendur vaða krapann framhjá snjóruðningum við Pennsylvaníu-lestarstöðina á Manhattan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fádæma fannfergi vestra:

# Snjóbylur veldur usla

**BANDARÍKIN, AP** Mikill snjóbylur gekk yfir austurhluta Bandaríkjanna í gær með þeim afleiðingum að rafmagn fór af á stóru svæði og þúsundir vegfarenda lentu í hrakningum.

Flugvöllum var lokað og yfir 2000 flugferðum aflýst. Þjóðvegir lokuðust vegna ófærðar og þurftu fjölmargir bíleigendur að dúsa í bílum sínum klukkutímum saman þangað til hjálp barst. Bandaríska veðurstofan varaði við hættu á flóðum en áratugir eru síðan svo mikill snjór féll í New York og Washington. ■

## SLÖKKVILIÐ

**Logaði í ruslageymslu** Kveikt var í ruslageymlu við fjölbýlishús í Vesturbergi í Breiðholti í fyrrinótt. Lögreglan náði að slökkva mesta eldinn áður en dælubíl slökkviliðsins bar að og lauk verkinu.

## ÞÝSKALAND

**Niðurskurður hjá Volkswagen** Um 20 þúsund starfsmenn bílaframleiðandans Volkswagen gætu misst vinnu sína næstu misserin en fyrirtækið hefur kynnt niðurskurðaráætlanir sem miða að því að rétta við mikinn taprekstur undanfarinna ára.

**Vetrarhörkur** Sökum mikilla kulda í Þýskalandi þennan veturinn hyggst orkurisinn E-on takmarka sölu jarðgass til orkufrekra aðila það sem eftir lifir vetrar. eða meðan ekkert lát er á kuldum þeim er halda meginhluta Evrópu í heljargreipum.

# ESA krefst úrbóta á öryggi í Leifsstöð

**Krafist er aðskilnaðar brottfarar- og komufarþega á Keflavíkurflugvelli eftir úttekt eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Öryggismál á alþjóðaflugvöllum eru í sífelldri naflaskoðun að sögn yfirmanns ESA. Úrbóta á öryggi í Leifsstöð er þörf.**

**ÖRYGGISMÁL** Starfshópur á vegum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) taldi margvíslegra úrbóta þörf á öryggismálum á Keflavíkurflugvelli, en hópurinn kom hingað til lands í eftirlitsferð í síðustu viku.

Stefán Thordersen, yfirmaður öryggissviðs flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, segir ýmis atriði hafa komið fram hjá hópnum sem betur megi fara á vellinum. „Ég get ekki tjáð mig um einstök atriði sem hópurinn setti út á, þar sem það grefur undan öryggi á vellinum, en það má með sanni segja að það sé ekkert nýtt fyrir okkur að þurfa að færa öryggismál til betri vegar á vellinum þar sem þau eru í sífelldri naflaskoðun.“

Eitt veigamesta atriðið sem starfshópur ESA setti út á, var sameiginlegt rými brottfarar- og komufarþega. Að auki verður allt innra eftirlit á vellinum eflt til muna til þess mæta þörfum sem gerðar eru til öryggismála á flugvöllum.

Alþjóðlegt átak ESA hefur ekki síst snúið að því að auðvelda löggæslumönnum og almennu starfsfólki á flugvöllum að fylgjast með ferðum fólks á flugvallarsvæðum, bæði innan- og utanhúss. Sérstaklega er þar hugað að því að takmarka aðgengi að svæðum þar sem einungis starfsfólk flugvalla á að vera, en starfshópurinn sem hingað kom á vegum ESA fór meðal annars yfir samgang á milli svæða þar sem farþegar og starfsfólk gátu með tiltölulega litlili fyrirhöfn komist á milli svæða.



**FARÞEGAR KOMA OG FARA Í KEFLAVÍK** Sérstök áhersla verður lögð á aðskilnað milli komu- og brottfararfarþega eftir að nýjar öryggisáherslur verða komnar til framkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hallgrímur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri eftirlitsstofnunar EFTA í Brussell, getur ekki tjáð sig um það í hverju eftirlitið felst nákvæmlega, þar sem hann er bundinn trúnaði sem yfirmaður öryggiseftirlitsins. Hann segir eftirlitið þó vera nákvæmt og það gegni afar mikilvægu hlutverki. „Starf ESA felst meðal annars í reglulegu eftirliti með aðbúnaði og aðstöðu á flugvöllum. Það eru gerðar úttektir á flugvöllunum með reglulegu millibili, án vitundar starfsfólks. Eftirlitið þarf að vera óvænt en í hverri eftirlitsferð fyrir sig er farið nákvæmlega yfir langan lista af atriðum sem þurfa að vera í lagi.“

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir samvinnu milli lögreglumanna og flugmálastjórnar á Keflavíkurvelli ganga vel og telur hana geta gengið enn betur í framtíðinni. „Flugmálastjórn er eftirlitsaðili með okkar störfum á flugvellinum og hún ber ábyrgð á því hvernig við vinnum okkar vinnu. Samstarfið á milli okkar hefur gengið vel og það er ljóst að við munum lagfæra fljótt þau atriði sem starfshópur ESA setti út á.“

magnush@frettabladid.is



**VIÐ HAFNARFJARÐARHÖFN** Ákveðið var að leggja 3,4 kílómetra göngu- og hjólreiðastíga þegar fráveitumálin voru endurnýjuð í Hafnarfirði. Helmingur þeirra er tilbúinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lokafrágangur í höfn:

# Vígðir í haust og tilbúnir nú

**SAMGÖNGUR** Frágangur á rúmlega eins og hálfs kílómetra löngum göngustíg, sem lagður var um höfnina í tengslum við nýja fráveitu í Hafnarfirði, er á lokastigi. Stígurinn var vígður í heimsókn forsetans til bæjarins í októberlok.

Helga Stefánsdóttir, aðstoðarsviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar, segir verktakann Magna ehf. hafa séð um byggingu stígsins inni í Firði og við Herjólfsgötu. Ístak hafi lagt stíginn um Hvaleyrarhraun. Aðeins hluti stígsins hefur verið lagður. Gert er ráð fyrir að hann verði helmingi lengri. - gag

Varaforseti í veiðislysi:

# Cheney skaut veiðifélaga

**BANDARÍKIN, AP** Dick Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, varð það á að skjóta veiðifélaga sinn með haglabyssu í andlitið um helgina. Vinirnir voru á akurhænuveiðum á landi sameiginlegs vinar á laugardag er slysið varð, en ekkert var tilkynnt opinberlega um það fyrr en í gær. Kvaðst Cheney ekki hafa séð þann sem fyrir skotinu varð, lögmanninn Harry Whittington, fyrr en skaðinn var skeður. Hann fékk högl í andlit, háls og brjóst, en líðan hans kvað vera eftir atvikum góð. ■

CHEVROLET
18. febrúar 2006

Stjórnmálaskýrendur í Litháen:

# Þróunin á leið aftur á bak

**LITHÁEN** Vytautas Brutas, þingfréttamaður Lietuvos Rytas, stærsta dagblaðsins í Litháen, segir að stjórnmálaskýrendur í landinu telji að Litháen sé að mörgu leyti á leiðinni aftur á bak, ekki fram á við.



FRÉTTABLAÐIÐ Í LITHÁEN
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

„Það er alveg útilokað að við förum aftur yfir í sovéska kerfið. Það er ekki hægt að snúa sögunni við og enginn vill það. En það er stór hætta fyrir hendi að Litháen verði ófullvalda hérað innan ESB. Það verði í ESB og njóti ábatans af því en verði lélegasti meðlimurinn, ósjálfstætt hérað,“ segir hann.



**Í LITHÁEN** Mykolas Burokevicius fyrrverandi leiðtogi kommúnistaflokksins í Litháen. Að mati litháískra stjórnmálaskýrenda minnir hugsunarháttur stjórnmálamanna á sovéttímann. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYSPHOTO

Vytautas telur að stjórnmálaumræðan í dag snúist ekki um pólitík og hvorki sé hægt að tala um frjálshyggju né nýfrjálshyggju í Litháen. Stjórnmálin snúist bara um að stýra kjósendum.

Litháískir stjórnmálamenn noti þau rök að Litháar séu í forystu fyrir Eystrasaltsþjóðunum innan ESB en það sé misskilningur. Hann óttast að Litháar verði síðastir í stað þess að vera í forystu fyrir Eystrasaltsríkjunum eins og stjórnmálamennirnir tali um nú.

Vytautas bendir á að Litháen sé vestrænt ríki að forminu til en pólitíkin hafi lítið sem ekkert breyst eftir að múrinn féll. „Þó að Litháen sé lýðveldi og hafi frjálsa fjölmiðla, alþingi og ríkisstjórn þá minna verk og hugsunarháttur stjórnmálamannanna meira á sovéttímann og Rússland en vinnubrögð í Evrópu,“ segir hann.



Baci konfekt
fylgir öllum blómum
Dagur
elskenda
10 stk.
Túlípanar
990
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

# Sumar 2006



**Vinsælasta sólarströnd Ítalíu - Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum**

## Rimini
**frá 43.895 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða 21. júní. Riviera íbúðahótelið.

**Heitasti staðurinn í fyrra. Brottfarir í júní og ágúst að seljast upp**

## Króatía
**frá 45.895 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjónmeð 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða sept. Diamant íbúðahótelið.

**Margar brottfarir í júní og ágúst að seljast upp**

## Costa del Sol
**frá 39.696 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 3 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Castle Beach íbúðahótelið.

**Frábærir gististaðir Margar brottfarir að seljast upp**

## Mallorca
**frá 35.495 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Brasilia íbúðahótelið.

**Glæsilegasta nýjungin sumarið 2006**

## Fuerteventura
**frá 34.695 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða júní. Oasis Royal íbúðahótelið.

**Sala hafin! - Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum**

## Benidorm
**frá 17.188 kr.**
Flugsæti til Alicante með sköttum. Gildir í valdar brottfarir. Netverð á mann.

**Sala hafin! Barcelona – alltaf vinsæl**

## Barcelona
**frá 23.990 kr.**
Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann.

**Sala hafin! Lloret de Mar – frábærir gistivalkostir**

## Lloret de Mar
**frá 36.495 kr.**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, 5 nætur í maí eða júní (nema 29. júní). Bolero íbúðahótelið.

**Bókaðu beint á www.heimsferdir.is**

Bókaðu núna og tryggðu þér 10.000 kr. afslátt á mann!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500


Litlir matvörumarkaðir blómstra enn í Lettlandi:

# Mjólkinni hellt yfir á flöskur fyrir viðskiptavinina

**EYSTRASALTSLÖNDIN** Mótsagnirnar eru gríðarlegar í Eystrasaltslöndunum. Þó að Litháen hafi í fyrra flokkast sem fátækasta ríkið innan ESB og Lettland hið næstfátækasta þá virðast lífskjör fólks samt afar góð og kaupgetan í lagi. Matvöruverð er mjög lágt.




FRÉTTABLAÐIÐ Í LETTLANDI
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is


Stærstu fyrirtæki og verslanakeðjur á Norðurlöndum og í öðrum Evrópuríkjum eru með starfsemi í þessum löndum. Þannig má t.d. nefna flesta helstu bankana, stórmarkaðina og fjarskiptafyrirtækin.

Þótt þekkta stórmarkaði megi finna í miðborg Riga í Lettlandi má einnig sjá frumstæða markaði í gömlum stíl þar sem mjólk er hellt yfir á plastflöskur og matur keyptur ferskur.

Af stuttri heimsókn að dæma er þar eldra fólk sem afgreiðir og viðskiptavinirnir láglaunafólk.



**Á MARKAÐNUM** Í Lettlandi eru útimarkaðir með ferskan mat. Þessi kona hellti mjólk yfir á plastflösku fyrir viðskiptavin áður en smellt var af. FRÉTTABLAÐIÐ/GHS

Loðnuvertíðin hafin í Vestmannaeyjum:

# Hundrað nemendur til starfa

**LOÐNUVEIÐI** Meðan loðnuveiðar standa yfir verður Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum að tvöfalda starfsmannafjölda sinn. Til að bregðast við því hefur verið komið á samstarfi við fjölbrautarskólann í bænum og sækja nú um hundrað nemendur vinnu hjá Vinnslustöðinni í mismiklum mæli þó.

Rúnar Kristinn Rúnarsson, nemandi fjölbrautarskólans kvað allflesta vera sólgna í að fá vinnu. „Maður fær svona um 50 þúsund fyrir þrjár vaktir svo þetta er nokkuð gott. Menn beita öllum brögðum til að fá vakt,“ segir hann.

Til að fá vinnu verða nemendur þó að vera með 100 prósenta mætingu og í ár vill svo til að allir nemendur skólans geta státað af slíkri ástundun. Nemendur sem blaðamaður spjallaði við meðan þeir voru að setja loðnu í frysti sögðu ástæðuna fyrir þessari góðu ástundun vera þá að allir vildu komast í þessa vinnu. Þór Vilhjálmsson starfsmannastjóri segir nemendurna vera afar duglega í vinnu. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson framkvæmdastjóri segir að Vinnslustöðin hafi tekið á móti um sjö þúsund tonnum af loðnu og unnið sé á stanslausum vöktum. - jse



**LOÐNUVEIÐAR** Það er handagangur í öskjunni á loðnuveiðum



**SKÓLANEMAR Á LOÐNUVERTÍÐ** Mikil ásókn í að komast í vinnu við frystingu á loðnu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


FRAMKVÆMDASVIÐ

*Úlfarsárdalur – nýtt hverfi í mótun*



# Úlfarsárdalur - útboð

Útboðsskilmálar, tilboðseyðublöð, deiliskipulagsskilmálar og almennir lóðaskilmálar verða afhent í sýningaskála Skipulags- og byggingarsviðs, Borgartúni 3. Þessi gögn fást endurgjaldslaust á geisladiskum eða útprentuð gegn 2.500 króna gjaldi. Þau er einnig að finna á vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is**. Nánari upplýsingar eru veittar í **síma 411 1111.**

Kauptilboðum í byggingarrétt skal skila í lokuðum umslögum, merktum „Úlfarsárdalur – kauptilboð“ **fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 16. febrúar nk.** Tilboðum verður veitt móttaka í húsakynnum Skipulags- og byggingasviðs, Borgartúni 3, gegn greiðslu tilboðstryggingar, 250.000 kr. vegna hvers bjóðanda. Tilboðin verða opnuð **16. febrúar kl. 16:30** í Skúlatúni 2, 5. hæð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Munið að skila kauptilboðum fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 16. febrúar nk.

Nánari upplýsingar í síma 411 1111 og á www.reykjavik.is




SKRIFSTOFAN Í VASANUM

Þú getur gert flest allt sem þú gerir á skrifstofunni þinni nánast hvar sem þú ert í heiminum.



BlackBerry 7290™

BlackBerry 7100g™

BlackBerry™

Sérhæft, þráðlaust samskiptatæki sérstaklega hannað til að vinna með gögn auk þess að vera farsími. Tækið hefur einfalt og þægilegt lyklaborð og stóran skjá.

Windows Mobile

Microsoft sími sem gerir þér kleift að vinna með tölvupóst o.fl í Microsoft umhverfi.





OpenHand

Hugbúnaður sem veitir aðgang að tölvupósti, dagbók o.fl. Openhand er hægt að keyra á nokkrum mismunandi gerðum GSM síma.

The RIM and BlackBerry families of related marks, images and symbols are the exclusive properties of and trademarks of Research In Motion - used by permission.

ENNEMM / SÍA / NM20438

„Í mínu vafstri er nauðsynlegt að vera alltaf í takt við það sem er að gerast"

Kári Sturluson, framkvæmdastjóri Ungfrú Uglu ehf.

Fyrir þá sem eru á ferðinni skiptir miklu máli að hafa greiðan og öruggan aðgang að hvers kyns gögnum. Því er mikilvægt að geta hreinlega verið með skrifstofuna í vasanum og hafa þar með meiri sveigjanleika í starfi og betra aðgengi að upplýsinum auk þess að nýta tímann vel.

Hjá Símanum færðu samskiptatæki, sem auk þess að vera farsími, veita þér öruggan og auðveldan aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðaskrá og netþjóni þíns fyrirtækis.

Síminn býður einnig sérhæfðar lausnir í þráðlausum samskiptum sem hjálpa þér að nálgast nauðsynlegar upplýsingar og gögn og sinna starfi þínu nánast hvar sem þú ert.

Ráðgjafar Símans hjálpa þér að velja þá lausn sem hentar þér best. Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í **800 4000** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

800 4000 - **siminn.is**

Síminn



**KÓLERA Í ZIMBABWE** Martin Mhizha sækir vatn úr uppsprettu í Epworth í Zimbabwe, um 30 km suður af höfuðborginni Harare. Í Epworth hafa fimm manns látist úr kóleru á undanförnum dögum, en kólerusmit hefur banað alls 27 manns í Zimbabwe frá því í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tólf starfsmannaleigur hafa skráð sig hjá Vinnumálastofnun:

# Meirihlutinn er íslenskur en tvær þeirra eru portúgalskar

**VINNUMARKAÐUR** Tólf starfsmannaleigur hafa skráð sig á vef Vinnumálastofnunar en Fréttablaðið hefur áður greint frá því að sjö starfsmannaleigur hafi skráð sig frá því lög um skráningu tóku gildi um síðustu mánaðamót.

Athygli vekur að rúmlega helmingurinn af starfsmannaleigunum tólf, eða sjö, er íslenskur. Tvær starfsmannaleiganna eru portúgalskar og svo er ein frá Írlandi, ein frá Bretlandi og ein frá Noregi.



**STARFSMANNALEIGUR** Tvær portúgalskar starfsmannaleigur hafa skráð sig. Tengiliður Rais Vinnumiðlunar er Fernando Costa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Nýju starfsmannaleigurnar eru Útrás ehf., sem er íslensk starfsmannaleiga með Sigurð G. Ringsted sem tengilið, Nett frá Portúgal með Fernando Enrique Sineiro Costa sem tengilið, Rais Vinnumiðlun með tengiliðinn Fernando Costa, írska leigan Rimec með Mark Lundgren sem tengilið og Foral Ísland með Eyþór Ragnar Jósepsson sem tengilið.

Áður höfðu sjö starfsmannaleigur skráð sig. Þær eru Holtan Industrier frá Noregi, People Select Aviation Limited frá Bretlandi, Epalmo Europe frá Portúgal og íslensku leigurnar 2b, Islit, FH Verk og GM Staffing. - ghs

Silvio Berlusconi:

## Ber sig saman við Jesú Krist

**ÍTALÍA** Forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi, olli pólitísku fjaðrafoki er hann líkti sér við Jesú Krist undir kvöldverði með dyggum stuðningsmönnum sínum um helgina.

Kemur þessi yfirlýsing í kjölfar þess að í síðustu viku bar hann sig saman við Napóleón er hann dásamaði afrek sín í embætti síðastliðin fimm ár. Síðar sagðist Berlusconi aðeins hafa verið að grínast.

Andstæðingar Berlusconis hafa gagnrýnt yfirlýsingarnar og segja þær bera vott um mikilmennskubrjálæði. ■



**Á SJÚKRAHÚSI** Læknar semja um kjör sín hjá ríkissáttasemjara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Læknar og sveitarfélögin:

## Sækja aðstoð sáttasemjara

**KJARAMÁL** Læknar hjá sveitarfélögunum hafa vísað kjaradeilu sinni til ríkissáttasemjara. Um er að ræða 700 lækna utan skurðlækna sem vinna á stofnunum sem launþegar. Samningur þeirra rann út um áramótin.

Sigurður E. Sigurðsson, formaður samninganefndar Læknafélags Íslands, segir ákvörðun samninganefndanna um að leita til sáttasemjara sameiginlega. Engin harka sé í viðræðunum. Hann getur ekki gefið upp hvernig viðræðurnar ganga, því um þær ríki trúnaður.

Næsti fundur nefndanna er í dag. - gag

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ölvaður á ólöglegum hraða** Maður á þrítugsaldri er grunaður um ölvun við akstur. Hann var stöðvaður af lögreglunni á Sauðárkróki um helgina á leið út úr bænum á ólöglegum hraða. Hann var færður til blóðtöku.

**Sextán aka of hratt** Fjórir voru teknir á yfir 130 kílómetra hraða í eftirliti lögreglunnar á Selfossi á Suðurlandsvegi í fyrrakvöld. Sextán voru teknir allt í allt fyrir of hraðan akstur. Lögregla furðar sig á hraðakstri fólks, aðstæður á Hellisheiðinni séu fjarri því að vera góðar.

# Ísland skiptir litlu máli í starfseminni

**Ilona Milca, eigandi Vislande í Lettlandi, telur að umfjöllun um fyrirtækið hafi verið ósanngjörn og gert starfsemi þess tortryggilega. Hún segir að Vislande reki ekki lengur starfsmannaleigu á Íslandi.**

**STARFSMANNALEIGUR** Lettneska fyrirtækið Vislande, sem hefur stundum verið í fréttum á Íslandi vegna lettneskra starfsmanna, hefur stundað ýmiss konar starfsemi í Lettlandi, meðal annars sem verktaki í byggingageiranum. Fyrirtækið er ekki lengur starfsmannaleiga og hefur enga starfsmenn á Íslandi.



FRÉTTABLAÐIÐ Í LETTLANDI
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

Ilona Milca, eigandi Vislande, segir að Vislande taki að sér alls kyns verkefni. Fyrirtækið hafi ekki nein stór verkefni í gangi núna en nefnir sem dæmi innanhússvinnu í fimm raðhúsum í Lettlandi. Þá stundar fyrirtækið inn- og útflutning, meðal annars á byggingarefnum.

„Þetta er ekkert stórt. Við erum að þróast og læra. Við þjálfum starfsmenn og sendum þá til útlanda," segir hún og undirstrikar að Vislande vinni samkvæmt öllum lögum og reglum en hafi verið gert tortryggilegt í íslenskum fjölmiðlum að ósekju. Ísland sé lítill markaður og skipti ekki miklu máli í starfseminni.

Ilona segist reyna að tileinka sér nýjungar og hvernig megi auka framleiðni í lettneskum fyrirtækjum með nýrri tækni og skila auknum gæðum á styttri tíma. „Við Lettar erum að byggja mikið og þurfum að tileinka okkur aðferðir annars staðar frá. Við getum lært margt af Íslendingum. Húsin á Íslandi eru mjög sterk. Ef það er 40 metra vindhraði í Lettlandi þá hrynja húsin en á Íslandi eru húsin öðruvísi. Við þurfum að læra að byggja svoleiðis hús," segir hún.





**VIÐ BARÓNASTRÆTI** Vislande og Nordic Barter leigja saman skrifstofuhúsnæði við eina stærstu götuna í Riga, Barónastræti. Fjórir fastir starfsmenn starfa hjá Vislande, sem er í eigu Ilonu Milca. RÉTTABLAÐIÐ/KASPARS GOBA

Vislande er til húsa við eina af aðalgötunum í Riga, Barónastræti 79, en Ilona á tvær íbúðir í Sigulda, í klukkustundar akstursfjarlægð frá Riga. Ilona segir að móðir sín hafi búið í annarri þeirra þar til hún lést í fyrra. Sjálf búi hún í hinni íbúðinni með dóttur sinni. „Það er gott að búa í Sigulda," segir hún.

Vislande hefur fjóra fasta starfsmenn. Fyrirtækið leigir skrifstofu með Nordic Barter, fyrirtæki í eigu Viðskiptanetsins á Íslandi. Ilona er eini starfsmaðurinn sem talar íslensku og hún sinnir meðal annars þýðingum fyrir Nordic Barter.



**VISLANDE OG NORDIC BARTER** Við útidyrahurð Vislande og Nordic Barter í Riga. FRÉTTABLAÐIÐ/KASPARS GOBA

Lettar á vegum Vislande fóru tvisvar fyrir dóm í fyrra. Héraðsdómur Austurlands komst að þeirri niðurstöðu að þeir gætu stundað vinnu hér í allt að 90 daga án atvinnuleyfis. Héraðsdómur Suðurlands dæmdi hins vegar aðra Letta fyrir að vinna hér án atvinnuleyfa.



**REYKINGABANN** Skemmtistaðir Noregs eru reyklausir.

Unglingar í Noregi:

## Mun færri reykja en áður

**OSLO, AP** Fjöldi unglinga sem reykja að staðaldri hefur minnkað um helming og nú reykja aðeins fimm prósent norskra táninga.

Norska ríkið hefur stundað forvarnarstarf og líkt og á Íslandi er mikil skattlagning á tóbak. Sígarettupakkinn kostar um 66 krónur sem er um 640 íslenskar krónur.

Auk þess að banna reykingar á vinnustöðum hafa Norðmenn einnig bannað reykingar á öllum skemmtistöðum og veitingahúsum. ■

Erlendur starfsmaður:

## Vann án leyfis í fimm mánuði

**DÓMSMÁL** 67 ára gamall maður í Kópavogi hefur verið kærður fyrir að hafa haft í fimm mánuði portúgalskan starfsmann í vinnu hjá sér, án þess að hann hefði til þess tilskilin atvinnuleyfi.

Portúgalinn, sem er á fertugsaldri, vann við hreingerningar og móttökustörf á hóteli í Kópavogi. Þess er krafist að maðurinn, sem ákærður er fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga verði dæmdur til refsingar. - mh

FORESTER
30 ÁRA FARSÆLD Á ÍSLANDI SUBARU

ENNÞÁ BETRI Í FEBRÚAR!

Subaru Forester sameinar veghæð jepplings, afl sportbíls (158 hestöfl) og frábæra aksturseiginleika Subaru. Lárétt Boxer-vél og Subaru fjórhjóladrif bregðast við ástandi vegar og vegleysu af óviðjafnanlegri getu. Og í febrúar færðu **230.000 króna kaupauka** sem gerir hann ennþá meira freistandi!

| Tegund | Verð |
|---|---|
| FORESTER beinskiptur | 2.390.000,- |
| FORESTER sjálfskiptur | 2.550.000,- |

230.000 kr. KAUPAUKI

- Vindskeið
- 16" álfelgur
- Heilsársdekk
- Upphækkun í 23 cm veghæð



Fíton/SÍA

www.subaru.is SYMMETRICAL AWD
SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100
Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141
Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808
Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376
Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990
Leiruvogi 6, 730 Reyðarfjörður, 474-1453
Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

Aukabúnaður á mynd: Þokuljós.




# 100 KRÓNUR* FYRIR BÖRN

## 22.900** KR. FYRIR AÐRA

+ Bókaðu á www.icelandair.is

Nú geta allir krakkar pantað hollan mat á Latabæjar-bakka, fengið Latabæjar-litabók og hlustað á flugrás Latabæjar. Kíkið á www.icelandair.is/latibaer

Sölutímabil: 9. til 17. febrúar.
Ferðatímabil: 15. febrúar til 31. mars (síðasta heimkoma 10. apríl).

Þessi flug gefa 3.000 Vildarpunkta.

* *Fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.*
*Innifalið: Flug báðar leiðir. Flugvallarskattar bætast við.*
** *Innifalið: Flug báðar leiðir og flugvallarskattar.*

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA

VILDARPUNKTAR

VISA

Nýttu 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 kr. ef bókað f. 10. mars

ICELANDAIR
www.icelandair.is



**SADDAM HUSSEIN ÆFUR Í RÉTTARSAL** Fyrrverandi forseti Íraks var engan veginn sáttur þegar hann var leiddur inn í réttarsal í Bagdad í gær. Hann hrópaði slagorð gegn George W. Bush, forseta Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





1.550.000,-

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

Það geta fáir boðið eins ríkulegan aukabúnað á svona lágu verði. Opel Astra hefur verið endurhugsuð frá grunni og útkoman er gjörbreyttur bíll að innan sem utan. Kynntu þér nýja Opel Astra í dag.

EURO NCAP ★★★★★

NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði – Aukabúnaður á mynd: þokuljós og álfelgur.


# Niður með George Bush

**Saddam Hussein hrópaði á dómarann þegar hann mætti fyrir rétt á ný í gær. Annar sakborningur settist á gólfið og sneri baki í dómarann mest allt réttarhaldið. Vitni báru fyrir sig minnisleysi.**

**BAGHDAD,AP** „Niður með Bush," hrópaði Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, þegar hann mætti fyrir rétt í Bagdad í gær.

Saddam kom í réttarsalinn klæddur bláum kyrtli en ekki jakkafötum eins og hann hefur jafnan klæðst fyrir réttinum. Skömmu áður en Saddam var leiddur inn í réttarsalinn stóð Barzan Ibrahim, einn sakborninganna átta, í stympingum við réttarverði. Þegar inn var komið settist hann á gólfið og sneri baki í dómarann í mótmælaskyni.

Við upphaf réttarhaldanna kvartaði Saddam undan því að hafa verið neyddur til að mæta fyrir réttinn.

Tvö vitni úr æðstu röðum Saddams voru leidd fyrir dóminn. Það voru þeir Ahmed Hussein Khudayer al-Samarrai, fyrrverandi yfirmaður forsetaskrifstofunnar, og Hassan al-Obeidi, fyrrverandi leyniþjónustumaður.

Aðspurðir um grimmdarverk Saddams gegn sijtum í bænum Dujail árið 1982 báru þeir fyrir sig minnisleysi. Al-Samarrai sagðist ekki vera hæfur til að vitna í málinu og uppskar bros frá Saddam.

Saksóknarar hafa nú leitt alls 26 vitni fyrir dóminn frá því réttarhöldin hófust 19. október. Auk þess hafa verið lesnar yfirlýsingar frá 23 öðrum vitnum sem ekki treystu sér til að mæta í réttarsalinn. Mörg vitnanna hafa greint frá pyntingum og ofsóknum en ekkert þeirra hefur þó með óyggjandi hætti getað bendlað Saddam við óhæfuverkin. - th/hvá



Miðbæjarfélag á Selfossi:

# Miðbærinn sé stolt íbúanna

**SKIPULAGSMÁL** Stofnað hefur verið Miðbæjarfélag á Selfossi af félagi áhugafólks um skipulagsmál og var Elfa Dögg Þórðardóttir kjörin formaður þess.

Félagsmenn hafa áhyggjur af því að uppbygging svæðisins frá Eyravegi að Tryggvagötu taki meira mið af hagsmunum lóðaeigenda og fjárfesta heldur en óska og hagsmuna íbúa. Svæðið sé einstakt enda óskipulagt í hjarta bæjarins. Það sé því hægt að skipuleggja fallegan miðbæ sem geti orðið stolt íbúanna. Borgarafundur um málið verður haldinn á Hótel Selfossi í kvöld klukkan átta. **- fgg**

Anders Fogh Rasmussen hitti fulltrúa hófsamra múslima:

# Mótmæli byggð á misskilningi

**DANMÖRK** „Múslimar hafa algjörlega misskilið viðhorf Dana til trúmála og spámannsins Múhameðs,“ sagði Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur á blaðamannafundi í Kaupmannahöfn í gær, eftir viðræður við fulltrúa hófsamra múslima.

Fullyrti Fogh að röngum upplýsingum hefði verið dreift meðal múslima um teikningarnar og danskt samfélag. Hann vildi ekki fullyrða um hver stæði á bakvið þessa ófrægingarherferð. Í frétt Politiken er því haldið fram að spjótin beinist að sendinefnd danskra múslima sem fór til Miðausturlanda til að ræða teikningar Jótlandspóstsins. Fulltrúar nefndarinnar hafa neitað þessum ásökunum.



**BROSAÐ Í MÓTLÆTINU** Danski forsætisráðherrann sló á létta strengi fyrir blaðamenn og fulltrúa hófsamra múslima í gær. Þingmaðurinn Naser Khader, einn stofnenda samtaka lýðræðissinnaðra múslima, stendur til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á blaðamannafundinum hrósaði Anders Fogh forsvarsmönnum nýskipaðra samtaka lýðræðissinnaðra múslima í Danmörku. Sagði hann samtökin hafa unnið gott starf við að leiðrétta þann misskilning sem ríkti um landið víða um heim.

Önnur samtök múslima í landinu hafa gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að gera hinum nýju samtökum svo hátt undir höfði. Á fundinum í gær sagði Anders Fogh að til stæði að hitta forsvarsmenn fleiri samtaka múslima í landinu á næstu dögum og vikum. **- ks**



**BLAIR Í SUÐUR-AFRÍKU** Breski forsætisráðherrann heilsar íbúum í Soweto í Suður-Afríku í gær, er hann hélt heim á leið eftir leiðtogafund í Pretóríu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**PÁFABIFREIÐIN** Ekki tókst að selja hana í þetta sinn. MYND/AP

Gömul páfabifreið:

# Árangurslaust uppboð í París

**PARÍS, AP** Uppboðshúsið Christie´s í París gerði tilraun til þess að bjóða upp gamla bifreið, sem áður fyrr var í eigu biskupsins í Kraká í Póllandi. Biskupinn hét Karol Jozef Wojtyla og varð síðar Jóhannes Páll páfi II.

Hæsta boð í bifreiðina var 60 þúsund pund en uppboðið var dregið til baka vegna þess að boðið þótti ekki nógu gott. Gert hafði verið ráð fyrir lágmarksboði upp á 200 þúsund pund.

Bifreiðin er pólsk, af gerðinni FSO Warszawa M20, árgerð 1958, og er líklega eina einkabifreiðin sem Jóhannes Páll átti um ævina. ■

Vísindamaðurinn Hwang:

# Biður um meiri tíma

**SEOUL, AP** Hinn smánaði stofnfrumuvísindamaður Hwang Woo-suk hefur beðið yfirvöld í Suður-Kóreu að afturkalla ekki rannsóknarleyfi sitt fyrr en saksóknari hefur lokið rannsókn á þeim ásökunum að hann hafi falsað upplýsingar og gögn um klónun mennskra fósturvísa.

Í síðustu viku ákvað háskóli Hwangs að banna honum og sex öðrum prófessorum, sem hafa unnið með honum, tímabundið að kenna eða stunda rannsóknir vegna aðildar þeirra að stofnfrumuhneykslismálinu.

Saksóknarar hafa rannsakað þetta hneykslismál síðan um miðjan janúar en þrátt fyrir það hefur Hwang aldrei verið yfirheyrður. Talsmenn yfirvalda hafa ekki viljað tjá sig. ■

Stríðsfangi lét lífið:

# Banvæn árás í Abu Ghraib

**BAGDAD,AP** Íraskur stríðsfangi lét lífið á laugardag eftir að hafa orðið fyrir árás nokkurra fanga í fangelsinu Abu Ghraib í Bagdad í Írak.

Bandarískir sjúkraliðar reyndu að lífga manninn, sem var 53 ára, við með því að barkaþræða hann en allt kom fyrir ekki. Rannsókn á tildrögum manndrápsins er hafin. ■

## SRI LANKA

**Danski fáninn dyramotta** Danski þjóðfáninn gegnir hlutverki dyramottu í flestum ef ekki öllum moskum á Srí Lanka, en reiði virðist ekkert fara dvínandi þar vegna birtingar Jótlandspóstsins á teikningum af Múhameð spámanni.



## „ORÐRÉTT“

*Gæði framar fjölda*

**„Ég fékk kannski ekki nógu mikið af atkvæðum en þau atkvæði sem ég fékk voru frábær að gæðum.“**

**Stefán Jón Hafstein um úrslit prófkjörs Samfylkingar í Reykjavík í Morgunblaðinu.**

*Hressandi ástardagur*

**„Hugmyndin er hressandi í skammdeginu, enda tilvalin eftir allan víkinginn; hrútspungana og súra slátrið.“**

**Valdís Gunnarsdóttir um Valentínusardaginn í Fréttablaðinu.**

nær og fjær
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÚLFAR JÓNSSON IPGA GOLFÞJÁLFARI

# *Spilar minna en nýtur þess betur*



„Kylfingar eru að fara af stað með hækkandi sól og undirbúa golfsumarið. Ég er þess vegna að kenna mikið þessa dagana, en það er mitt aðalstarf,“ segir Úlfar Jónsson og reynir að hafa stjórn á tveimur veikum sonum sínum á meðan hann talar við blaðamann. Þegar Úlfar hefur náð yfirhöndinni á nýjan leik heldur hann áfram: „Það er líka að fara af stað mjög öflug dagskrá á Sýn þar sem sýnt verður frá stærstu mótunum á bandarísku mótaröðinni. Þar er að byrja fimm helga törn þar sem við sýnum frá lokadögunum á helstu mótunum.“

Eins og allir golfáhugamenn vita þá hefur útsendingum frá golfi fjölgað mjög og ekki síst er fengur í því að fá útsendingar frá Íslandsmótunum í golfi. Úlfar þekkir þann vettvang betur en flestir aðrir bæði sem margfaldur meistari en einnig sem þáttagerðarmaður. Þar njóta menn reynslu hans við útsendingar: „Þetta eru viðamestu útsendingar frá íþróttaatburðum hér á landi og öllu tjaldað til. Allar myndavélar notaðar, allir tæknimenn og aðrir starfskraftar eru til taks. Við erum búnir að sýna frá öllum mótum frá 1998 og erum sífellt að reyna að fága það ár frá ári.“

Áhugi Íslendinga á golfi hefur aukist gífurlega mikið á fáum árum og skiptir innkoma Tigers Woods þar miklu máli auk umfjöllunar í sjónvarpi. Nú stendur til að fjölga útsendingum frá mótum kvenna sem er eðlilegt svar við síauknum áhuga kvenna á öllum aldri. En vandamálið er að það eru ekki nógu margir golfvellir fyrir allt þetta fólk. Eða hvað? „Það væri auðveldlega hægt að fylla tvo eða þrjá 18 holu velli hér á höfuðborgarsvæðinu en við megum ekki gleyma því að stutt er að fara á mjög góða velli. Vellirnir á Akranesi og í Þorlákshöfn eru dæmi um þetta og eru vannýttir.“

Úlfar spilar þegar hann fær tækifæri til en lætur annað ganga fyrir núna, ólíkt sem áður var. Hann spilar glimrandi golf þegar hann kemst á völlinn og nýtur þess betur nú en oft áður: „Ég fer líka stundum til útlanda með fjölskylduna og lauma þá golfsettinu með.“ Úlfar kveður hress í bragði til að takast á við það aðkallandi verkefni að sinna strákunum sínum tveimur.

## SJÓNARHÓLL

PRÓFKJÖR SAMFYLKINGAR



TINNA HRAFNSDÓTTIR LEIKKONA

### *Mjög sátt*

„Ég er bara mjög sátt við þessa niðurstöðu og hef fulla trú á að þeir sem þarna voru kosnir muni standa undir merkjum,“ segir Tinna Hrafnsdóttir leikkona um úrslit prófkjörs Samfylkingar á sunnudag þar sem Dagur B. Eggertsson hlaut afgerandi kosningu í fyrsta sætið, Steinunn Valdís Óskarsdóttir varð í öðru sæti og Stefán Jón Hafstein í því þriðja.

Sjálf kaus Tinna ekki um helgina og segist ekki fylgjast mjög náið með pólitík enda ekki bundin sérstökum flokki. Hún er fullviss um að borgarstjórnarkosningarnar í vor verði spennandi en spáir þó ekki neinum sérstökum flokki sigri. „Ég mun að sjálfsögðu kjósa,“ segir Tinna sem hefur þó ekki gert upp við sig hvað það verður.

Golfmót fyrir konur:

# Farandbikarinn er bleikur

Krabbameinsfélag Íslands og Golfsamband Íslands hófu á síðasta ári samstarf um sérstök golfmót fyrir konur undir nafninu Bleiki bikarinn. Samstarfinu verður haldið áfram í sumar og ætla fimmtíu golfklúbbar að halda mót og fleiri hafa sýnt áhuga. Allur ágóði mótanna rennur til rannsókna á brjóstakrabbameini.

Sá golfklúbbur sem skilar mestum tekjum til söfnunarinnar fær afhentan farandbikar. Nýlega var Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar afhentur bikarinn bleiki sem Jónas Bragi Jónasson glerlistamaður gerði.



**MEÐ BLEIKU SNIÐI** Guðrún Agnarsdóttir forstjóri Krabbameinsfélags Íslands afhendir fulltrúum Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar bikarinn bleika.

# Valentínusardagurinn er kærkomin hefð

**Valentínusardagurinn er í dag, dagur hinna rómantísku og ástföngnu. Reyndar virðist sem ástfangnir hafi ekki einkarétt á að halda daginn hátíðlegan þar sem margir kjósa að nota daginn til að gleðja ástvini með gjöfum og kveðjum.**

Sumir vilja meina að Valentínusardagurinn sé amerísk kaupmannahefð og óþörf hér á landi þar sem nú þegar séu tveir dagar, konudagur og bóndadagur, sem þjóni þeim tilgangi að gleðja ástvini. Hjördís Reykdal Jónsdóttir á Blómaverkstæði Binna blæs á þessar raddir og segir ánægjulegt að til séu dagar sérstaklega ætlaðir til þess að gleðja ástvini og tjá tilfinningar. „Helst vildi ég hafa svona dag einu sinni í viku, sambönd og samskipti fólks græða bara á þessu. Íslendingar eru náttúrulega hálfgerðir klakar“ segir Hjördís þegar blaðamaður bendir á meinta tilfinningalokun Íslendinga. Rósir eru það sem langflestir kaupa á Valentínusardaginn en tískusveiflur eiga sér einnig stað í blómabransanum og hvítar liljur vinsælastar um þessar mundir.



**HJÖRDÍS REYKDAL JÓNSDÓTTIR** Stendur hér með fangið fullt af rauðum rósum en þær eru langvinsælastar á Valentínusardag



**SÚKKULAÐI EÐA UNDIRFÖT?** Vinsælar gjafir á Valentínusardag.

Súkkulaði er gjarnan tengt við þennan dag og Margrét Jónsdóttir í Konfektbúðinni segir fólk kaupa mikið af hjartalaga súkkulaði og hjartalaga konfektöskjum fyrir Valentínusardaginn. Margrét segist taka eftir að karlmenn komi frekar á sjálfan Valentínusardag til að versla en konurnar komi frekar dagana á undan. Undir þetta tekur Þóra Hlíf Jónsdóttir í La Senza sem segir karlmenn oft í seinna fallinu með undirfatakaup handa konunni. Hún tekur sérstaklega fram hversu klárir þeir séu orðnir í innkaupunum miðað við áður, menn séu frekar með númer á hreinu og viti hvað þeir vilji. Þóra segist verða vör við aukna aðsókn karlmanna fyrir Valentínusardaginn en segir hann þó ekki komast í hálfkvisti við konudaginn enn sem komið er.

- sdg


# DV

Hefur þú séð DV í dag?

JÚLÍUS DÆMDUR Í EINS ÁRS FANGELSI

Hrottafengin hefnd vegna misnotkunar á frænku hans



„Þessi óþverri fékk það sem hann átti skilið“


Hlýja veðrið að undanförnu hefur vakið sumar plöntur af vetrardvalanum:

# Birkið lætur ekki blekkjast

Það er hlýtt á Íslandi um þessar mundir. Einhverjir gætu haft áhyggjur af því að gróðurinn misskilji góðærið og fari að lifna til lífsins löngu fyrir vorið. Ingunn Óskarsdóttir, yfirgarðyrkjufræðingur í Grasgarðinum, hefur hins vegar ekki miklar áhyggjur af gróðri landsins. „Gróðurinn er svona aðeins að vakna en þetta verður í lagi ef það verður ekki mikið meira,“ segir Ingunn sem segir kuldakaflann sem kom nú um daginn hafa komið plöntunum aftur í hvíld og þannig bjargað málunum nokkuð.

Að sögn Ingunnar eru nokkrir runnar og þyrnar farnir að bæra aðeins á sér þannig að sést í grænt en eru þó ekki búnir að opna blöð. Þá eru krókusarnir að koma upp en það er ekki óeðlilegt á þessum tíma enda spretta þeir oft upp úr snjó.



**LIFNAR YFIR GRÓÐRI** Nokkrar plöntur eru farnar að bæra á sér eftir hlýindin undanfarið. Helst eru það erlendu plönturnar sem láta plata sig til að halda að vorið sé komið en hið gamalreynda íslenska birki veit betur enda fer það eftir birtustigi en ekki hitastigi.

Ingunn segir hlýindin þó engin áhrif hafa á íslenska birkið. „Það lætur ekkert dobla sig hversu heitt sem verður enda fer það eftir birtuskilyrðum,“ segir Ingunn og bendir á að það séu frekar erlendu plönturnar sem láti leika á sig.

# NÚ er rétti tíminn fyrir TEMPUR

Betra BAK




## Febrúartilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum



Að sofa er eitt, að hvílast er annað.

Í febrúar bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði. Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF **NASA** OG SKJALFEST AF GEIMFERÐA-STOFNUN BANDARÍKJANNA

AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

www.design.is @ 2005

Betra BAK

***Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477***
***betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is***
***Opið virka daga frá kl. 10-18***
***og laugardaga frá kl. 11-16***

## Svona erum við

> Hlutfall áfengis og tóbaks af meðalneyslu á heimili 2004.




# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** VALENTÍNUSARDAGUR

# *Dagur elskenda allt frá miðöldum*

Í dag er 14. febrúar, sem nefndur er Valentínusardagur. Í ýmsum löndum er hefðbundið að elskendur tjái ást sína, til dæmis með elskendakorti, gjöfum og með því að fara út að borða. Tækifærið er einnig notað til að senda nafnlausa ástarjátningu til þess sem ástarinnar nýtur. Valentínusardagur hefur notið vaxandi vinsælda hér á landi, þrátt fyrir að bóndadagur og konudagur séu dagar sem hafðir eru í heiðri sem séríslenskir dagar elskenda.

**Hvar á þessi dagur uppruna sinn?**
Sögu Valentínusardags er hægt að rekja til hátíðardags kaþólsku kirkjunnar, til heiðurs heilögum Valentínusi. Tengingin við rómantíska ást varð ekki fyrr en eftir miðaldir, en þá fyrst þróaðist hugmyndin um rómantíska ást.



**Hver var heilagur Valentínus?**
Ekki er alveg vitað hver heilagur Valentínus var, en tveir að jafnvel þrír píslavottar í sögu kirkjunnar báru þeta nafn. Einn var rómverskur prestur og læknir. Einn lést af völdum Kládíusar II Rómakeisara í ofsóknum á kristnum mönnum. Annar var biskupinn af Terní á Ítalíu. Um þann þriðja er lítið annað vitað en að hann hafi dáið í Afríku.

**Hver er fyrsta heimildin um Valentínusardag?**
Fyrstu skráðu heimildirnar sem tengja Valentínusardag við rómantíska ást eru enskar og franskar heimildir frá 14. öld. Á þeim tíma var 14. febrúar hefðbundinn dagur fyrir mökun fugla. Á 14. öld varð algengt að elskendur skiptust á skilaboðum þennan dag og kölluðu hvort annað „Valentínusinn“ sinn. Á breska bókasafninu má finna Valentínusarbréf frá 14. öld.



**PÖNDUR AÐ LEIK** Tai Shan, sjö mánaða pönduhúnn leikur hér við móður sína, Mei Xiang, í snjónum í dýragarðinum í bandarísku höfuðborginni Washington DC Þetta var í fyrsta sinn sem pönduhúnninn sá snjó, enda gerist það sjaldan þar að fönn þeki jörð. Washington er á svipaðri breiddargráðu og Madríd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.ru.is



Global Challenge:
An International Finance Perspective

Opinn hádegisfyrirlestur í boði Viðskiptadeildar HR
16. febrúar kl. 11:45 - 12:45

Globalization of world economy has forged a set of "global challenges" for countries, institutions, and individuals. These challenges affect, trade, cultural, and social relations. Dr. Rahnema will review the financial and economic situation in the world to understand some of these complex challenges.



*Fyrirlesari er dr. Ahmad Rahnema frá IESE háskólanum í Barcelona. Hann kennir Alþjóðafjármál á öðru ári í MBA námi Háskólans í Reykjavík.*

*Boðið verður upp á léttar veitingar.*

***Staðsetning:** Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, 3. hæð*

***Skráning:** Sendið tölvupóst á elisabetth@ru.is*

MBA
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# Mikil endurnýjun meðal borgarfulltrúa

**Að loknum prófkjörum er fyrirsjáanlegt að mikil endurnýjun verður í röðum borgarfulltrúa. Líkur eru á að sjö til átta nýir fulltrúar taki sæti í borgarstjórn.**

Frambjóðendur á fimm framboðslistum eru nú tilbúnir í baráttuna um völdin í borgarstjórnarkosningunum 27. maí næstkomandi.

Þótt engar stórkostlegar sviptingar hafi orðið í efstu sætum í prófkjöri Samfylkingarinnar um helgina er ljóst að endurnýjun í borgarstjórn getur orðið umtalsverð miðað við fylgiskannanir.

Framsóknarflokkurinn hefur átt tvo fulltrúa í borgarstjórn í krafti R-listans. Alfreð Þorsteinsson, þrautreyndur stjórnmálamaður, gaf ekki kost á sér. Eftirmaður hans er Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráherra eftir að hinn fulltrúi flokksins, Anna Kristinsdóttir, dró sig í hlé þegar hún hafði tapað baráttunni um fyrsta sætið í prófkjöri Framsóknarflokks. Kannanir gefa ekki enn til kynna að Framsóknarflokkur fái mann kjörinn en sagan kennir að fylgi flokksins kann að duga fyrir einum fulltrúa.

Kannanir sýna að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er nær öruggt með einn fulltrúa af 15 manna borgarstjórn. Svandís Svavarsdóttir vermir nú efsta sæti listans eftir að Árni Þór Sigurðsson, annar þrautreyndur borgarfulltrúi, vék fyrir henni og er nú í öðru sæti listans.



**RÁÐHÚSIÐ** Að loknum kosningum í vor mun líkindum nærri helmingur borgarfulltrúanna taka sæti í borgarstjórn í fyrsta skipti.

Fjórir núverandi borgarfulltrúar skipa sex efstu sæti á lista Samfylkingarinnar, þar af tvö ný nöfn í fimmta og sjötta sæti. Samfylkingarmenn telja ekki óraunhæft að listinn, undir forystu Dags. B. Eggertssonar, nái sex fulltrúum í borgarstjórn. Nýliðar listans yrðu þá Oddný Sturludóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir.

Nýliðunin varð einnig umtalsverð hjá Sjálfstæðisflokknum í prófkjörinu í byrjun nóvember. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir (6), Jórunn Frímannsdóttir (7), Sif Sigfúsdóttir (8), Gísli Marteinn Baldursson (3), Júlíus Vífill Ingvarsson (5) og Bolli Thoroddsen (9) eru í raun öll ný á listanum þótt bæði Júlíus og Gísli Marteinn hafi áður setið í borgarstjórn sem aðal- og varamenn.

Hvort heldur Sjálfstæðisflokkurinn nær hreinum meirihluta eða aðrir nái sér á strik blasir við að um helmingur borgarfulltrúa í nýkjörinni borgarstjórn tekur þar sæti í fyrsta skipti eftir kosningarnar 27. maí næstkomandi.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is



### Björn Ingi Hrafnsson (1973) oddviti Framsóknarflokksins

Björn Ingi Hrafnsson er aðstoðarmaður forsætisráðherra. Hann hlaut trausta kosningu í efsta sæti framboðslista Framsóknarflokksins í prófkjöri í lok janúar, en hartnær fjögur þúsund manns tóku þátt í því. Björn Ingi hefur átt sæti í miðstjórn Sambands ungra Framsóknarmanna frá árinu 2002 og setið í miðstjórn flokksins frá 2003.
Hann hefur setið í skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur frá árinu 2002. Það sama ár varð hann formaður stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.



### Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson (1946) oddviti Sjálfstæðisflokksins

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lögfræðingur er þrautreyndur stjórnmálamaður og var fyrst kjörinn í borgarstjórn 1982. Hann situr í borgarráði en hefur á löngum ferli gegnt trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn í ótal ráðum og nefndum í nærri aldarfjórðung. Vilhjálmur hefur verið formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 1990 og formaður málefnanefndar Sjálfstæðisflokksins um sveitarstjórnar- og byggðamál frá 1992.
Vilhjálmur hlaut nærri 54 prósent atkvæða í fyrsta sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í prófkjöri flokksins í nóvember síðastliðnum sem 12.500 tóku þátt í.



### Ólafur F. Magnússon (1952) oddviti Frjálslynda flokksins

Ólafur F. Magnússon læknir er borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins. Hann sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum í árslok 2001 og sagði jafnframt af sér sem varamaður í borgarráði og skrifari borgarstjórnar. Hann hafði þá verið virkur í Sjálfstæðisflokknum frá 1990 og setið í ráðum og nefndum borgarinnar á vegum flokksins.
Hann sat sem óháður borgarfulltrúi til loka kjörtímabilsins vorið 2002 en var endurkjörinn borgarfulltrúi af F-lista Frjálslyndra og óháðra í borgarstjórnarkosningunum í maí 2002.



### Dagur B. Eggertsson (1972) oddviti Samfylkingarinnar

Dagur B. Eggertsson læknir var fyrst kosinn í borgarstjórn árið 2002, en hann hafði tekið sæti á Reykjavíkurlistanum í nafni óháðra.Hann gegnir fjölmörgum trúnaðarstörfum á vegum R-listans og á sæti í borgarráði. Hann er formaður skipulagsráðs, menningar- og ferðamálaráðs, stjórnkerfisnefndar og hverfisráðs Árbæjar.
Þegar ljóst varð í fyrra að dagar R-listans væru taldir gaf Dagur til kynna að hann ætlaði að draga sig í hlé frá borgarmálunum. Um síðir gekk hann í Samfylkinguna og er nú borgarstjóraefni flokksins eftir sigur í prófkjöri um síðustu helgi sem 9.300 tóku þátt í.



### Svandís Svavarsdóttir (1964) oddviti vinstri grænna

Svandís Svavarsdóttir málfræðingur er framkvæmdastjóri Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hún var valin í efsta sæti lista vinstri grænna í forvali hreyfingarinnar í október í fyrra, en rétt til þátttöku höfðu um 750 félagsmenn í Reykjavík. Svandís hóf afskipti af borgarmálum á vegum VG í upphafi yfirstandandi kjörtímabils. Hún er aðalmaður í tómstundaráði Reykjavíkurborgar á vegum R-listans og varamaður í menntaráði og menningar- og ferðamálaráði.


HARÐUR NAGLI Á HRAÐFERÐ?
ÓLAFUR F. NÚMASON / MYNDAK.
UMFERÐARSTOFA
HÆGÐU Á ÞÉR

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Þrátt fyrir virkjun og álver heldur Austfirðingum áfram að fækka.

## Straumurinn stöðvast ekki

Í umræðum um byggðamál á Alþingi í síðustu viku var lagt til að taka ætti málaflokkinn af iðnaðarráðuneytinu og flytja til forsætisráðuneytisins. Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra fannst lítið til um málflutning kollega sinna á þingi og kallaði umræðuna „raus í átta klukkustundir“.

Hugmyndin um tilfærslu byggðamála er þó alls ekki fráleit, áfangastaður þeirra á hins vegar ekki að vera forsætisráðuneytið heldur menntamálaráðuneytið. Þar með væri skrefið stigið til fulls og viðurkennt að byggðastefna er ákveðin verndarstefna um menningarverðmæti; að hugmyndin að baki henni er í raun og veru sú að hægt sé að koma í veg fyrir að viss tegund af lífsháttum verði tímanum og gleymskunni að bráð.

Núverandi byggðastefna virðist þegar upp er staðið snúast að mestu leyti um að berjast gegn fækkun íbúa úti á landi, helst með sértækum stjórnvaldsaðgerðum og niðurgreiðslu til þess sem er kallað atvinnuskapandi verkefni. En þrátt fyrir alla viðleitni undanfarinna ára hefur þó lítið lát orðið á straumi fólks til suðvesturhornsins.

Stærsta og besta dæmið er að þrátt fyrir hinar gríðarlegu framkvæmdir á Austurlandi, virkjun við Kárahnjúka og álver í Reyðarfirði, halda Austfirðingar áfram að flytjast brott frá heimahögunum. Samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar fjölgar vissulega íbúum á svæðinu, en sú fjölgun byggir eingöngu á útlendingum, eða eins og segir á vef Hagstofunnar; „Ef einungis er tekið mið af innanlandsflutningum til Austurlands vekur athygli að brottfluttir Austfirðingar voru fleiri en aðfluttir.“ Og hinir nýju íbúar á Austurlandi eru hreint ekki komnir til langdvalar, heldur eru að langstærstum hluta farandverkamenn sem halda til annarra starfa í öðrum löndum þegar vinnu þeirra er lokið hér.

Þetta er sláandi staðreynd, en kemur þó ekki á óvart því sömu fréttir hafa borist frá Hagstofunni um hver áramót frá því framkvæmdirnar fyrir austan hófust. Og vissulega er þetta líka umhugsunarefni fyrir Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra á Akureyri, og aðra ráðamenn fyrir norðan sem eiga sér þá ósk heitasta að fá álver í sveitina sína.

Hvar fólk kýs að búa snýst ekki um atvinnutækifæri nema að takmörkuðu leyti. Við Íslendingar erum ekkert öðruvísi en annað fólk, allt frá Suður-Afríku til Noregs, þar sem straumurinn liggur til þéttbýliskjarna. Borgarlíf er lífsmáti nútímans. Nálægð við fleira fólk, verslun, þjónustu, félags- og menningarlíf er hinn sterki segull sem fábreyttari tilvera landsbyggðarinnar á erfitt með að streitast gegn.

En eins og svo margt annað leitar lífið alltaf ákveðins jafnvægis og undanfarin ár hafa Íslendingar í stórum stíl sótt til sveita aftur. Ekki eru aðeins góðar sumarbústaðajarðir í kringum höfuðborgina fyrir löngu uppseldar heldur teygir tómstundabyggð landsmanna sig nú um allt land, frá eyðifjörðum og eyjum til lítilla þorpa þar sem yfirgefin hús hafa öðlast nýtt líf. Sífellt fleiri höfuborgarbúar eiga sér annað heimili úti á landsbyggðinni þar sem þeir una sér fjarri hraða og skarkala þéttbýlisins. Og þetta hefur gerst af sjálfu sér, án handleiðslu stjórnvalda.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Upplýsingar á borðið

Stóriðjustefnan er rædd dag hvern á Alþingi. Síðast í gær þegar Ögmundur Jónasson hjá vinstri grænum staldraði við arðsemi vatnsaflsvirkjana. „Ríkisstjórnin segir arðsemina í góðu lagi og því óhætt að halda áfram á sömu braut,“ sagði Ögmundur og kallaði sér til fulltingis framámenn í atvinnulífinu sem sagt hefðu að þegar ríkið stæði í umræddum stórframkvæmdum yrðu allar upplýsingar að vera aðgengilegar. Hann spurði hvort arðsemin væri 11 prósent eins og forstjóri Landsvirkjunar héldi fram eða 6,7 prósent eins og stjórnvöld hefðu sagt, en efaðist fyrst og síðast um forsendur allra upplýsinga sem fram væru reiddar og krafðist þess að Alþingi fengi þær allar í hendur.



### Græðum og græðum

Forsætisráðherra er áreiðanlega undir álversatlögur búinn alla daga. Og dró því úr pússi sínu upplýsingar frá Landsvirkjun um arðsemi. Sagði að í nýjustu útreikningum væri gert ráð fyrir því að arðsemin væri komin í 7,4 prósent miðað við að álverð væri 1.560 dollarar fyrir tonnið. Söluverð raforkunnar er háð heimsmarkaðsverði á áli sem kunnugt er. „Núna er álverðið einhvers staðar á bilinu 2.400 til 2.500 dollarar fyrir tonnið... Þannig að ég vænti þess að háttvirtur þingmaður gleðjist yfir því... eða hvaða arðsemiskröfu gera vinstri grænir til fjármagnsins?“

Kristinn H. Gunnarsson, flokksbróðir Halldórs, er áhyggjufullur í skrifum á vefsíðu sinni: „Áframhaldandi boðun gífurlegra framkvæmda veldur áframhaldandi væntingum um háa stýrivexti og þar af leiðandi áfram hátt gengi. Störfum í sjávarútvegi, einkum fiskvinnslu mun fækka, ferðaþjónusta verður í viðvarandi erfiðleikum og íslensk fyrirtæki munu halda áfram að flytja störf úr landi... Þeir, sem munu tapa eru íbúar á landssvæðum utan álveranna, þar mun störfum fækka vegna framkvæmdanna.



johannh@frettabladid.is

## Af ræðum á Viðskiptaþingi

Í DAG
VIÐSKIPTAÞING
VALGERÐUR BJARNADÓTTIR



*Þetta finnst mér vont ástand. Það er vont að vera í þeirri stöðu að ráða ekki örlögum sínum heldur verða að fljóta með straumnum. En það er einmitt það sem hefur gerst í utanríkismálum þjóðarinnar nú síðasta áratuginn.*

Það þóttu aldeilis mikil tíðindi á Viðskiptaþingi, (sem áður hét ábyggilega fundur í Verslunarráði, en Viðskiptaþing er flottara – ég er sammála því) í síðustu viku þegar virtur maður úr viðskiptalífinu sagði þá skoðun sína að að e.t.v. væri annað arðvænlegra til að byggja upp atvinnulíf í landinu á næstu árum og áratugum en álbræðsla. Tímasetningin var líka ágæt því ræðan kom mitt í enn einni hrinunni þegar áætlanir um álvæðinguna, þessar uppáhaldsverksmiðjur ráðafólksins, voru til umræðu. Nú er talað um að stækka í Straumsvík og byggja fyrir norðan og kannski eitthvað fleira. Það var þó ábyggilega tilviljun að þessi ræða athafnamannsins kom mitt í þessa bylgju, því Viðskiptaþing eru ábyggilega ákveðin með löngum fyrirvara.

Ræðumaður sagði ekki einungis að í framtíðinni ætti að líta til annarra verkefna en þess að bræða ál. Það vakti einnig athygli mína að hann telur að of lág arðsemiskrafa hefði verið gerð til Kárahnjúkavirkjunar. Ýmsir hafa verið til að vekja athygli á þessu fyrr, og einhverjir áður en ráðist var í framkvæmdir. Slíkar yfirlýsingar eða útreikningar sem bentu til þess að sú væri raunin áttu sannarlega ekki upp á pallborðið. Ef marka má framgöngu aðstoðarmanns iðnaðarráðherra í Silfri Egils á sunnudaginn þá á þessi skoðun ekki enn eftir að auka á vinsældir manna, að minnsta kosti ekki í hans hópi. Það gerir konu svolítið óttaslegna þegar menn eru endalaust svona vissir í sinni sök, en það er kannski ekki nema von að ungir menn séu staffírugir þegar ráðherrarnir telja skoðanir andstæðinga sinna raus og kjaftæði og ekkert annað.

Það er svo sannarlega gleðilegt þegar menn, sem litið er upp til vegna afreka þeirra á einhverjum sviðum eins og t.d. í viðskiptalífinu, láta skoðanir sínar í ljós um þau mál sem eru til umræðu í þjóðfélaginu. Því miður er alltof sjaldgæft að aðrir en þeir sem hafa stjórnmál að aðalstarfi eða sem sérstakt áhugamál láti skoðun sína í ljós. Stundum hefur verið látið að því liggja að þetta stafi af einhvers konar hræðslu, fólk telji að það komi síðar í bakið á því ef það láti í ljós skoðanir sem ekki fara saman við skoðanir þeirra sem fara með völdin. Umræðan verður þess vegna líkari hanaslag en aðferð til að komast að skynsamlegustu niðurstöðunni. Þetta er auðvitað skelfilegt ástand.

Forsætisráðherrann talaði einnig á Viðskiptaþinginu og spáði því að við yrðum komin í Evrópusambandið eftir 10 ár. Eftir því sem ég fékk best skilið þá spáir ráðherrann þessu vegna þess að annað verði ekki umflúið. Evrópusambandið verði orðið svo stórt og þar verði „allir“ og þess vegna verðum við að vera með. Þetta finnst mér vont ástand. Það er vont að vera í þeirri stöðu að ráða ekki örlögum sínum heldur verða að fljóta með straumnum. En það er einmitt það sem hefur gerst í utanríkismálum þjóðarinnar nú síðasta áratuginn.

Síðan heimsviðburðir gerðu það að verkum að einungis hálfgerðir sérvitringar hefja umræðu um hvort við eigum að vera í NATO eða ekki, hefur Evrópusamvinnan og hversu mikið við eigum að taka þátt í henni verið helsta ágreiningsmál í utanríkisstefnu þjóðarinnar. Það var síður en svo átakalaust að koma því í kring að Ísland yrði aðili að EES-samningnum, þó fáir vilji kannast við það í dag að þeir hafi ekki mælt með þeirri ráðagerð, enda fátt eða ekkert orðið þjóðinni til jafn mikils framdráttar á síðustu árum. Menn þorðu hins vegar ekki að taka skrefið til fulls og sækja um aðild að Evrópusambandinu og létu Norðmenn í raun velja fyrir okkur þegar þeir felldu aðild árið 1994. Síðan hefur okkur rekið án þess að hafa nokkra stjórn á því sjálf og maðurinn sem verið hefur utanríkisráðherra nærri allan tímann síðan þá spáir því nú að þetta endi með því að okkur reki inn í sambandið. Hann, eða ríkisstjórnin sem hann nú fer fyrir, hefur hins vegar aldrei haft þann kjark að setja stefnuna á inngöngu í Evrópusambandið og þar með auka möguleika okkar á að hafa einhver pólitísk áhrif í hinu stóra samfélagi þjóða sem við búum í.

Hið sama er að segja um annað stórt utanríkismál, sem er vera varnarliðsins. Það mátti vera öllum ljóst þegar kalda stríðinu lauk að það kæmi að því að varnarliðið ætti ekkert erindi hér. Menn horfðust hins vegar ekki í augu við það og þess vegna rekur okkur í því efni líkt og í Evrópumálunum. Ég var eiginlega mest hissa á því að fosætisráðherrann skildi ekki líka spá því á Viðskiptaþinginu að herinn yrði farinn eftir tíu ár.

Vildarþjónusta fyrirtækja



Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærri innlánsvextir
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu

sph

550 2000 | www.sph.is

ARGUS 06-0052

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



**VALENTÍNUSAR-DAGUR**

Dagur ástar og rómantíkur sem á rætur sínar að rekja til miðalda.

VALENTÍNUSARDAGUR 5



**RÓMANTÍK**

Allt fyrir elskuna á Valentínusardaginn.

VALENTÍNUSARDAGUR 4



## ALLT HITT

**[HEILSA VALENTÍNUS]**

**Klínískar** leiðbeiningar um átraskanir er að finna á vef Landlæknisembættisins. Leiðbeiningarnar eru afrakstur vinnuhóps sem starfað hefur á vegum embættisins síðan vorið 2004. Leiðbeiningarnar eru birtar sem drög til umsagnar til 20. mars. Drögin verða síðan endurskoðuð af vinnuhópnum innan fjögurra vikna frá lokum umsagnartímans í ljósi nýrrar vitneskju og athugasemda sem berast.

**Valentínusardagur** er runninn upp og hjörtu slá hraðar. Á heimasíðu OgVodafone er hægt að velja sérstaka hringitóna í tilefni dagsins undir heitinu Valentínusardagur. Eru þar fjórar rómantískar hringingar sem söngla fræg ástarlög.

**Á** heimasíðu Símans er hægt að komast á GSM-stefnumót sem er vettvangur sem gefur kost á að eiga í nafnlausum samskiptum við annað fólk. Stefnumótið fer fram í gegnum GSM-símann.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 14. febrúar, 45. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.27 | 13.42 | 17.58 |
| Akureyri | 9.20 | 13.27 | 17.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Áslaug Dóra í hjólatúr með börnum sínum Stefáni, Sólveigu og Jóni Nordal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hreyfing sem leikur

***Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu menningarmála í menntamálaráðuneytinu ræktar líkamann með ýmsu móti en skemmtilegast finnst henni að synda eða hjóla með fjölskyldunni.***

„Ég get ekki sagt að ég sé staðföst í líkamsræktinni en geri svona sitt lítið af hverju til að halda mér í formi," segir Áslaug Dóra. Hún kveðst vera með árskort í líkamsræktarstöð og fara í hana við og við, ýmist í tækin eða eitthvað annað. „Body combat felst mest í að kýla og sparka. Ég uppgötvaði að það væru skemmtilegir tímar og góðir til að fá útrás á ýmsum sviðum. Mikill hraði og mikið fjör," segir hún og bætir svo við: „Ég vildi samt nota kortið meira. Finnst ég mest hafa verið styrktaraðili stöðvarinnar undanfarið!" En hún kveðst hafa verið að prófa spennandi sport í síðustu viku. „Ég fór í badminton með þremur öðrum konum og fannst það mjög gaman. Það er bæði góð hreyfing og svo líka skemmtileg keppni því það fylgir með í pakkanum að telja stigin og reyna að vinna! Ég ætla pottþétt að halda áfram að leika mér í badminton."

Áslaug Dóra kveðst ekki vera manneskja sem alltaf mætir í sömu tímana á sama tíma heldur þurfi hún meiri fjölbreytni og einnig sé vinnunni þannig háttað að stundum sé hún lengur en hinn hefðbundna vinnudag. Þar fyrir utan á hún þrjú börn sem þarf að sinna. „Skemmtilegasta hreyfingin finnst mér að fara út að hjóla með fjölskylduna eða í sund. Kafa með krökkunum í djúpu lauginni og fara með þeim í fótbolta eða eltingaleik. Það er leikurinn sem gefur hreyfingunni gildi," segir Áslaug Dóra. Hún fer líka stundum út að skokka enda hefur hún toppaðstöðu í nágrenni heimilis síns á Seltjarnarnesi. „Fuglarnir, sjórinn og útsýnið, allt er það alveg dásamlegt og því verður trimmið eins og innhverf íhugun í leiðinni," segir hún brosandi. En svo örlar fyrir sektartóni þegar hún bætir við: „Þetta viðtal hljómar örugglega eins og ég sé þvílíkt að hreyfa mig en það er ekki beint þannig."

gun@frettabladid.is

## Austurlenskar lækningar

ÞÓRUNN BIRNA GUÐMUNDSDÓTTIR ER MEÐ FYRIRLESTUR UM AUSTURLENSKA LÆKNISFRÆÐI Í MANNI LIFANDI Í DAG MILLI 18.00 OG 19.30.

„Ég mun leggja áherslu á hvernig austurlenskar lækningaaðferðir hjálpa okkur við að skapa jafnvægi í líkama okkar. Hvernig hægt er að forðast árekstra innra með okkur sem valda veikindum og snúa málum til betri vegar," segir Þórunn Birna sem er með fyrirlestur um austurlenska læknisfræði í Manni lifandi síðdegis í dag.

Hún er með meistarapróf í austurlenskri læknisfræði sem og nuddgráðu í almennu og kínversku nuddi. Maður lifandi er í Borgartúni 24.



Þórunn Birna er með meistarapróf í austurlenskri læknisfræði.




**Jóga** er gott fyrir líkama og sál. Ýmsar heilsuræktarstöðvar bjóða upp á jógatíma fyrir þá sem það vilja, en svo er auðveldlega hægt að iðka jóga heima hjá sér.



Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
FEGRUNAR TATTÚ
LEYNDARMÁL MARGRA FAGURRA KVENNA
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í S. 561 3060
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn

Wellwoman
Skynsamleg vítamín fyrir konur
Fæst í apótekum

SJÓNARHÓLL
Gleraugnaverslun
Reykavíkurvegur 22
220 Hafnarfirði
565-5970
2 fyrir 1
Gott úrval umgjarða
1.000,-
frá morgni til hádegis
ALLA VIRKA DAGA
Full búð af nýjum umgjörðum
Fallegar umgjarðir
Þar sem gæðagleraugu kosta minna
www.sjonarholl.is

allt tíska
Alla fimmtudaga



Gréta Jónsdóttir, fjölskylduráðgjafi, vinnur með fólki að ýmsum vandmálum sem hrjáir það á fullorðinsaldri. Í meðferðum sínum styðst hún við Multimodal Therapy og PICT-meðferðir sem eru um margt frábrugðnar öðrum meðferðarformum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Orsök vandans fundin

***Gréta Jónsdóttir fjölskylduráðgjafi notar Multimodal Therapy og PICT-meðferð í ráðgjöf sinni. Hvoru tveggja eru meðferðarform sem miða að því að komast að orskök þeirrar vanlíðunar sem hrjáir fólk á fullorðinsaldri.***

Gréta Jónsdóttir útskrifaðist sem fjölskylduráðgjafi frá Newbold College á Englandi síðastliðið vor. Gréta lærði fjölskylduráðgjöf sem kallast Multimodal Therapy, eða margþætt meðferð, og er nú að ljúka námi í meðferð sem kallast Parks Inner Child Therapy, eða PICT.

Gréta aðstoðar fjölskyldur, hjón eða einstaklinga með ýmis vandamál eins og þunglyndi, kvíða, stress, sorg, átraskanir eða ýmis áföll. „Þessar meðferðir, PICT og margþætt meðferð, eru algjörlega byggðar á einstaklingsgrunni. Þegar fólk leitar til mín þá fyllir það út hjá mér spurningalista og út frá þeim lista er valin viðeigandi meðferð,“ segir Gréta og bætir við að PICT-meðferðin sé mjög árangursrík og gott meðferðarform fyrir fólk sem hefur lent í kynferðislegri misnotkun eða öðru ofbeldi og áföllum á barnsaldri.

„Til dæmis er orsaka átraskana oft að leita í barnæskunni. Yfirleitt veit fólk ekki nákvæmlega hvað olli því að það fékk átröskun og það sem ég geri er að vinna með undirmeðvitundina og reyni að komast að því hver orsök vandamálsins er,“ segir Gréta. „Þetta er gert í samráði við geðlækni og um leið og búið er að finna orsökina er það sem eftir kemur oftast leikur einn.“

Einnig þykir mörgum það kostur að meðferðin krefst þess ekki að viðkomandi ræði um einstaka atburði. „Margir leita sér ekki meðferðar því þeir vilja ekki segja frá ýmsum atburðum. Þetta á til dæmis við fólk sem hefur lent í kynferðislegu ofbeldi. Í PICT-meðferðinni þá þarf fólk ekki að deila reynslu sinni frekar en það vill. Oft kýs fólk að tala um atburðina eftir að meðferðin er komin af stað en á meðan er notast við stikkorð sem einstaklingurinn tengir þá atburðina við.“

Gréta segir þessi meðferðarform vera um margt ólík þeim sem eru í boði annars staðar. Meðferð með PICT tekur til dæmis aðeins fjóra til fimm mánuði, jafnvel skemur, en hefðbundin meðferð getur tekið allt að tvö ár. „Margir meðferðaraðilar vinna einnig að mestu með líðan fólks eins og hún er í dag og á fullorðinsárum. Ég reyni aftur á móti að finna út vandmál sem fólk hefur orðið fyrir í barnæsku,“ segir Gréta. „Ég vinn með barnæskuna beint í gegnum undirmeðvitundina þar sem leitað er að áföllum sem fólk hefur lent í sem skýra líðan þess í dag,“ segir Gréta. „Með því má losa fólk endanlega undan vanlíðan sem það glímir við á fullorðinsaldri.“

johannas@frettabladid.is

# Leggja grunn að lífinu

***Nýtt námskeið um uppeldi ungra barna hefst á morgun í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.***

Miðstöð heilsuverndar barna stendur fyrir sérstökum uppeldisnámskeiðum fyrir foreldra unga barna.

Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar nefnast fjögurra kvölda námskeið á vegum Miðstöðvar heilsuverndar barna. Eitt slíkt hefst á morgun, 15. febrúar í fundarsal á 2. hæð Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg og stendur frá 17-19. Námskeiðið er ætlað foreldrum barna á aldrinum 0-18 mánaða og þar er áhersla lögð á að kenna þeim aðferðir til að skapa æskileg uppeldisskilyrði sem líklegust eru til að skila árangri í lífi barnsins. Verðið er 6000 krónur fyrir einstakling og 9000 krónur fyrir par.
Skráning er í síma 585-1350.



Gott er að fá leiðbeiningar um hvernig best sé að meðhöndla litlu krílin.

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
**Fræðslusdagskrá hjá Maður lifandi**
**14. febrúar Hvað er Austurlensk læknisfræði?**
Verð 1.300 Þórunn Birna Guðmundsdóttir
**15. febrúar Heilbrigði og hamingja**
Verð 2.900 Benedikta Jónsdóttir kl. 18:30-22:00
**21. febrúar Sjálfstyrking lífstíll til framtíðar**
Verð 1.000 Bergþóra Reynisdóttir kl. 17:30-18:30
**22. febrúar10 grunnreglur Framhaldsnámskeið**
Verð 5.900 Þorbjörg Hafsteinsdóttir kl. 19:00-23:00
**23. febrúar 10 grunnreglur** kl. 19:00-23:00
Verð 6.900 Þorbjörg Hafsteinsdóttir kl. 19:00-23:00
**01. mars Að vinna með regnbogafæði.**
Lausn sem hentar öllum kl 18:30 - 20:00
Verð 1.000 Hildur Hákonardóttir

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
VÍSIR VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

## Heilbrigð sál



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG BA Í SÁLFRÆÐI

# Vertu þinn eigin Valentínus!

Það er oft þrautin þyngri að breyta hegðun sinni og venjum. Ef við erum ekki að ná árangri, í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur, er kominn tími til að endurskoða aðferðir okkar. Að horfast í augu við sannleikann er hverjum manni hollt og nauðsynlegt, sérstaklega þegar það þarf að koma sér upp úr djúpum hjólförum. Og svo þurfum við líka að nenna þessu. Nenna að eiga heilsu, nenna að öðlast betra líf, nenna að hugsa um okkur sjálf, en ekki bara alla aðra í kringum okkur.

### Heilsan sem forgangsatriði

Ég þekki margar konur sem eru töluvert of þungar og ekki við nógu góða heilsu. Einhverjar þeirra hafa, í langan tíma, hoppað og skoppað í ræktinni og „passað sig“ í mataræðinu, en árangurinn hefur látið á sér standa. Slíkt veldur oft mikilli vanlíðan og sjálfsásökunum. Öll hreyfing er þó að sjálfsögðu af hinu góða og ég tek ofan fyrir öllum þeim sem leita í heilsuvænlega fæðu.

Þegar ég spyr þær betur út í æfingarnar og fæðuna kemur oft í ljós að konurnar hafa ekki tíma fyrir ræktina og jafnvel ekki til að borða reglulega og heilsusamlega. Þær eru með börn sem þarf að keyra á leikskóla eða í skóla á morgnana, sækja og skutla seinni partinn og búa til matinn fyrir á kvöldin. Að þessu sögðu verð ég að taka fram að ég ber gríðarlega mikla virðingu fyrir fjölskyldunni og foreldrahlutverkinu og tel það vera eitt merkilegasta hlutverk sem fólk getur fengið. Ég heyri þó síður fjölskylduástæður hjá karlmönnum. Ástæður þeirra eru frekar að þeir hafi ekki tíma fyrir vinnu. Þeir finna sér tíma fyrir ræktina og geta svo haft þennan rosalega járnaga í mataræðinu! Það sem við konur þurfum kannski mest af öllu að læra er að forgangsraða hlutunum rétt. Við þurfum að læra að setja okkur í fyrsta sætið miklu oftar, því að þegar það tekst lætur árangurinn ekki á sér standa og allt fer að ganga upp. Við verðum ánægðari með okkur og öðlumst hugarró. Fjöldi rannsókna sýnir líka fram á að hamingjusamir foreldrar eiga frekar hamingjusöm börn og börn heilsuþenkjandi foreldra sækjast frekar í holla næringu, s.s. grænmeti og eru duglegri að hreyfa sig.

### Nokkur ár fram í tímann

Með réttri forgangsröðun á sér stað hugarfarsbreyting sem er nauðsynleg til þess að árangurinn verði verulegur og varanlegur. Spurðu sjálfan þig reglulega spurninga um framtíðina, eins og hvernig viltu að lífið verði eftir 5, 10 eða 30 ár. Hvað viltu geta gert? Sumu getum við ekki stjórnað, eins og hvenær eða hvort við eignumst börn eða eigum foreldra á lífi, en við getum haft veruleg áhrif á líðan okkar og velmegun. Í tilefni af Valentínusardeginum í dag bið ég þig því að vera þinn eigin Valentínus. Hugsaðu jafn vel um sjálfan þig og þá sem þú elskar.

*Kær kveðja,*
*Borghildur*

# Rifrildi valda stöðugri vanlíðan hjá börnum

***Ný rannsókn sýnir fram á að rifrildi foreldra geta valdið svefntruflunum og mikilli vanlíðan hjá börnum. Börn aðlagast ekki rifrildum heldur verður vanlíðan þeirra stöðug.***



Ný rannsókn sýnir að rifrildi foreldra hefur djúpstæð áhrif á líðan barna. Börnin upplifa reiði, ótta, kvíða og í mörgum tilfellum svefnleysi.

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að rifrildi foreldra geta haft neikvæð áhrif á börn til langs tíma. Niðurstöðurnar, sem birtust í tímaritinu Child Development, benda til að foreldrar sem rífast fyrir framan börnin sín skapi slæma líðan og valdi jafnvel svefntruflunum hjá börnunum.

Þó svo að foreldrar reyni að fela rifrildin fyrir börnunum eða reyni að rífast í minni mæli hefur það samt áhrif á líðan barnsins, það upplifir ótta, reiði og jafnvel sorg. Börnin verða oftast vör við rifrildin og einkennileg samskipti milli foreldranna, til dæmis þegar foreldrarnir talast ekki við eða eru ósáttir.

Einnig sýndu niðurstöðurnar fram á að rifrildi og ósamkomulag foreldra þar sem reiði er tjáð hafa áhrif á svefn barnanna. Börnin missa að meðaltali um þrjátíu mínútur af svefni á nóttu þegar þau búa við samskipti þar sem rifrildi foreldra eru í meðallagi. Einnig kom fram að börn aðlagast ekki rifrildum foreldra heldur verður vanlíðanin stöðug.

Hins vegar er öllum það eðlislægt að tjá tilfinningar sínar og reiði öðru hvoru. Mikilvægt er þó að reynt sé að leysa vandamálin á opinn máta, með samræðum og rökræðum og jafnvel með þátttöku barnanna en ekki rífast fyrir framan þau eða gefa ósætti til kynna.

*Frétt fengin af persona.is.*

**Námskeið í Bowen Tækni**
Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu.
Virkar vel á hverskonar vandamál.
Kennt á Akureyri 24. - 27. febrúar 2006
Kennt í Reykjavík 3. - 6. mars 2006
Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.
Uppl. síma 421 4569 og 897 7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is

**Ertu með slæma meltingu?**
Hefðurðu þá prófað PB8 mest selda asidófílusinn í Bandaríkjunum síðastliðin 9 ár í röð?



Útsölustaðir:
Maður lifandi
Heilsuhúsið - Yggdrasill.
Árbæjarapótek - Rima Apótek.
Laugarnesapótek - Apótek Ólafsvíkur.
Fjarðarkaup - Lyfja Spönginni og á Selfossi.
Heilsubúðin Njálsgötu.

**Námskeið í Baknuddi helgina 18-19 febrúar**
- Slökunarnudd með sérvöldum ilmkjarnaolíum
- Farið í nokkrar góðar ilmolíur og uppskriftir
- Þrýstipunktanudd, verkjastillandi punktameðferð
- Svæðanudd fyrir baksvæði

Kennsla milli kl. 10.00 – 14.00 báða dagana
Heilsusetur Þórgunnu Egilsgötu 30 101. Rvk.
Sími : 8969653 - 5521850 best milli 09-11

**UNGBARNANUDD**- fimmtud. 16.02.05
Námskeið fyrir foreldra barna á aldrinum 1-10 mán.
Nothæf námskeið sem gefa börnum og foreldrum góða slökunarstund saman -losa um spennu og loft í þörmum, stuðla að betri svefni og gera góð tengsl betri.
Uppl.á Heilsusetri Þórgunnu Egilsgötu 30
s: 8969653 5521850 veffang: **heilsusetur.is**
og netfang: **prema@mmedia.is**

Viltu ná glæsilegum árangri?



TT námskeið
Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega
*TT –námskeiðin sívinsælu!*
*Frá Toppi til Táar*
*Dansrækt JSB hefur sérhæft sig í námskeiðum fyrir konur sem vilja komast í kjörþyngd. Þau fela í sér líkamsrækt, leiðbeiningar um mataræði og líkamsbeitingu, fundi, aðhald, vigtun og mælingar ásamt ráðgjöf frá stílista um tísku og förðun. Þú nærð árangri hjá okkur – ef þú vilt!*

TT-tímatafla

| | Kl | Mán | Þri | Mi | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:20 | | X | | X | | X |
| 07:20 | | X | | X | | X |
| 08:20 | | X | | X | | X |
| 12:05 | | X | | X | | X |
| 14:30 | | X | | X | | X |
| 18:25 | | X | | X | | X |
| 19:20 | | X | X | X | X | X |
| 20:15 | | X | | | | |

*Vertu velkomin í okkar hóp!*
*Skráning hafin*



Hafðu samband!
*www.jsb.is*
*sími 581 3730*
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Valentínusardagurinn er tilvalinn dagur til þess að dusta rykið af rómantíkinni og gera eitthvað fallegt fyrir þá sem maður elskar.







Gefðu af sjálfum þér – komdu elskunni á óvart!

Nuddolían frá Olivia er ekki aðeins góð og falleg gjöf sem gleður. Hún nærir og endurlífgar húðina enda gædd áhrifamiklum, náttúrulegum eiginleikum ólívuolíunnar.

Gefðu fallega gjöf og fallega stund – gældu við elskuna þína.


# Allt snýst um að gleðja elskuna sína í dag

***Bretar halda upp á Valentínusardaginn með stæl eins og Vigdís Stefánsdóttir, háskólanemi í Wales, kann að lýsa.***



Vigdís fékk Valentínusarkort og blóm í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég held það sé óhætt að segja að Bretar haldi Valentínusardaginn þokkalega hátíðlegan. Ég veit ekki hversu gamall siðurinn er hér í landi, en hann virðist að minnsta kosti mjög ákveðinn og búinn að festa sig vel í sessi,“ svarar Vigdís Stefánsdóttir, nemi við háskólann í Cardiff í Wales, er hún er spurð út í hátíðahöld í tilefni Valentíusardagsins í Bretlandi.

„Nokkrum vikum fyrir Valentínusardaginn koma áminningar til fólks frá öllum veitingahúsum, hótelum og pöbbum um að bóka sig í tíma. Þegar nær líður fyllast allar bókabúðir af bleikum bókum og borðum og alls staðar er verið að hvetja fólk til að kaupa þetta og kaupa hitt handa elskunni sinni. Súkkulaðið bókstaflega flýtur um allt, helst hjartalaga bitar í hjartalaga umbúðum og flöskur með bleikum líkjörum og freyðivíni fylla hillur. Stóru matvörubúðirnar eru með heila risarekka undir góðgæti sem hæfir þessu tilefni og auglýsingaflóðið er mikið.

Það er bókstaflega allt gírað inn á að þú gerir eitthvað fyrir Valentínusarelskuna þína. Svo snýst óskaplega mikið um kort og



Allt skal vera hjartalaga.

það þykir eiginlega hálf hallærislegt að fá ekkert slíkt. Í fyrra fékk ég svaka flott kort frá einum hérna og blómvönd og allt. Það var í fyrsta skipti sem ég upplifði slíkt á þessum degi og nú bíð ég spennt eftir hvað gerist í ár!“

Vigdís segir með hreinum ólíkindum hvað mikið er gert úr Valentínusardeginum þar ytra og finnst siðurinn sniðugur að því leyti að hann á sinn þátt í að dreifa hátíðunum jafnt yfir árið. „Fólk hefur alltaf eitthvað að hlakka til og kaupmenn hafa alltaf eitthvað til að selja,“ bendir hún á að lokum.



Súkkulaðið er ómissandi á Valentínusardaginn.

*gun@frettabladid.is*




Gjöfin handa henni

SNYRTISTOFAN

salon ritz

LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

vísir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS




# Ástin liggur í loftinu

ÞEGAR JAFN MERKIR DAGAR OG VALENTÍNUSARDAGUR OG KONUDAGUR ERU YFIRVOFANDI Á DAGATALINU ER EKKI ÚR VEGI AÐ KOMA SÉR Í RÓMANTÍSKAN GÍR OG LEYFA ÁSTINNI AÐ TAKA VÖLDIN.

Byrjaðu á því að komast að því hvað maka þínum finnst rómantískt. Spurðu lymskulegra spurninga sem gætu gefið þér vísbendingar um hvað myndi gleðja makann og láta hann finna að hann skiptir þig máli.

Passaðu að misskilja ekki langanir þínar sem langanir maka þíns. Þó að þú hafi gaman af því að fá bleikan bangsa með bleiku hjarta sem sönglar ástarlög þá er ekki víst að maki þinn hafi gaman af því.

Gerðu eitthvað óvænt og óvanalegt Keyptu jarðarber og súkkulaðimola og farðu með þetta í vinnuna til maka þíns. Það bæði gleður og gjöfin endist allan daginn.



Skrifaðu lítil falleg skilaboð og skildu þau eftir á óvæntum stöðum, inni í ísskápnum eða hjá tannburstanum eða á góðum stað þar sem maður finnur vanalega ekki orðsendingar.

Sendu til maka þíns litla gjöf sem þú veist að höfðar til hans eða bjóddu viðkomandi í mat og góðan drykk.

Komdu börnunum í pössun og taktu vel á móti makanum þegar hann kemur heim.

Sendu símskeyti með skemmtilegri orðsendingu.



Teiknaðu hjarta í móðuna á spegilinum á baðherberginu. Þegar maki þinn kemur á eftir þér birtist hjartað í móðunni.

Göngutúr eða hjólatúr í rökkrinu



með þínum heittelskaða/elskuðu er góð leið til að finna taktinn saman.

Skrifaðu niður lista yfir alla þá hluti sem heilla þig við maka þinn og gefðu honum að gjöf.

Mundu að rómantík er oft ekki flóknari en það að brjóta upp daglega rútínu þar sem báðir aðilar geta notið sín í friði fyrir daglegu amstri. Rómantík snýst líka um að brjóta odd af oflæti sínu. Láttu þig hafa það að eyða nokkrum klukkustundum í að gera eitthvað með makanum sem gleður hann þó að þér eigi eftir að dauðleiðast. Það kemur margfalt til baka.




Sankti Valentínus eins og hann lítur út á helgimynd úr kristnum sið.

# Dagur ástar og rómantíkur

***Dagur helgaður dýrlingnum Valentínusi á rætur sínar að rekja til miðalda. Dagurinn komst hins vegar í það horf sem við þekkjum hann í dag á síðustu öld.***

Flest þekkjum við Valentínusardaginn og vitum að stendur fyrir rómantík og ást. Íslendingar hafa flestir fengið þessa vitneskju úr bandarískum og breskum kvikmyndum þar sem þessi hefð er hvað mest áberandi. Hefð þessi, sem sækir fyrirmynd sína langt aftur til miðalda, hefur leitt af sér einn af stærstu neysludögum ársins en alls er talið að um einn milljarður ástarkorta sé seldur um heim allan á þessum degi. Aðeins á jólunum eru seld fleiri kort. Aðrar vörur eins og blóm og súkkulaði seljast einnig grimmt. Þess má til gamans geta að 80% af öllum seldum kortum á Valentínusardaginn eru talin vera keypt af konum.

Í byrjun fimmtu aldar hóf kaþólska kirkjan að halda Valentínusardaginn hátíðlegan. Var þá þegar farið að halda upp á hann þann 14. febrúar. Árið 1969, þegar kaþólska kirkjan endurskoðaði almanak sitt, var dagurinn hins vegar strokaður út af dagatalinu sem almennur hátíðisdagur tengdur dýrlingi. Dagurinn þótti byggður á of óljósum heimildum og þóttu þær bera of goðsögulegan keim. En þó að kirkjan hafi tekið daginn út voru kaupmenn ekki á því og sala á rómantískum kortum og tilheyrandi hefur aukist jafnt og þétt.

Ekki er vitað fyrir víst hver hinn eini sanni sankti Valentínus var. Þrír koma til greina en vinsælast er að kenna Valentínusardaginn við mann nokkurn sem kenndi að herbergi og rúm hjóna væri helsti helgistaður ástarinnar og rómantíkur. Hann var einarður stuðningsmaður kristinnar trúar og var tekinn af lífi fyrir þær sakir. Á miðöldum byrjuðu menn að tengja daginn við rómantík og ást.

Hið hefðbundna snið dagsins með kortum og öðru slíku tók að myndast í byrjun síðustu aldar. Síðan hefur tilstandið undið upp á sig og orðið sífellt útbreiddara að halda daginn hátíðlegan.

*steinthor@frettabladid.is*

## Rósir, kerti og kort

ÍSLENDINGAR GETA LÍKA VERIÐ RÓMANTÍSKIR OG LÁTIÐ VALENTÍNUSARDAGINN LÍFGA UPP Á TILVERUNA.



Þar sem nú er orðið um seinan að senda elskunni Valentínusarkort í pósti þetta árið á hér með bent á www.vefkort.is en þar eru Valentínusarkort meðal þess sem í boði er. Þau kosta heldur ekkert.



Kertaljósin klikka ekki á Valentínusardaginn fremur en aðra daga.



Rauðar rósir túlka rómantíkina betur en flest annað.




Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



## Í BLÁU MYRKRI

*Ljóðstafur Jóns úr Vör* BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM KÓPAVOG – ÞRIÐJUDAGUR 14. FEBRÚAR 2006 ]

# Kópavogur



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## EFNISYFIRLIT


**Listin og náttúran**
*Náttúrufræðistofa Kópavogs*
BLS. 2

**Samrýndar handboltahetjur**
*Systurnar Auður og Rut Jónsdætur* BLS. 4

**Aðsniðnar gallabuxur**
*Vortískan í Smáralindinni*
BLS. 6





**Mikil bæjarprýði**
*Saga Kópavogskirkju* BLS. 8

**Skerin dempa öldurnar**
*Höfnin í Kópavogi* BLS. 10





**Hvetjandi verðlaun**
*Umhverfið og fegurðin*
BLS. 12

**Súkkulaðibrunnur og krónhjartarbógur**
*UngFreisting* BLS. 14






Viltu sjá fullt af **fríum** sjónvarpsrásum **beint** um gervihnött?
Þá höfum **við** búnaðinn.

Verð frá **16.900,- stgr.**

- Smart Rapido FTA móttakari,
- 65 cm stáldiskur
- 0,3dB stafrænn nemi.

ÖREIND
Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660

Leiðandi í
- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

www.oreind.is

# Vonast eftir góðum árangri

Guðmundur Daði Kristjánsson er nýráðinn yfirþjálfari yngri flokkanna hjá Frjálsíþróttadeild Breiðabliks. Hann segir marga efnilega frjálsíþróttamenn í Kópavoginum.

Guðmundur Daði Kristjánsson hefur nýlega tekið við yfirþjálfarastöðu yngri flokka hjá frjálsíþróttadeild Breiðabliks. Guðmundur, sem æfir og keppir í langstökki og sprett-hlaupi hjá Aftureldingu, segir að um fullt starf sé að ræða. „Ég er nýlega tekinn til starfa og mér líst mjög vel á starfið.“

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks er mjög öflug og skipta ungir iðkendur tugum. Guðmundur sér um alla yngri flokkana en um 15-16 ára aldur færa iðkendur sig upp í meistaraflokk.

Frjálsíþróttamennirnir ungu æfa af krafti í íþróttahúsinu í Smáranum yfir vetrartímann og er Guðmundur ánægður með getu iðkendanna. „Það eru margir mjög efnilegir hérna og ég held að árangurinn á mótum verði eftir því,“ segir Guðmundur.



Guðmundur Daði Kristjánsson og frjálsíþróttakrakkarnir sem hann þjálfar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Framkvæmdir hafnar

Verður fyrirtaks aðstaða, að sögn Guðmundar Þ. Harðarsonar, forstöðumanns Sundlaugar Kópavogs.

Miklar framkvæmdir eru hafnar við Sundlaug Kópavogs sem miða að því að bæta alla aðstöðu fyrir sundlaugargesti. Nú þegar er risinn grunnur að nýrri búningsklefabyggingu ásamt útisvæði með vaðlaug, eimbaði og þremur heitum pottum. Framkvæmdunum hefur verið skipt í tvo áfanga en í þessum áfanga verður einnig steypt upp 25 metra löng sundlaug. Að sögn Guðmundar Þ. Harðarsonar, forstöðumanns Sundlaugar Kópavogs, verður lokið við fyrsta áfangann að ári liðnu.

„Þegar framkvæmdum við búningsklefana og útiaðstöðuna er lokið verður haldið áfram með 25 metra löngu útilaugina ásamt barnalaug,“ segir Guðmundur og bætir því við að þegar þeim framkvæmdum ljúki verði komin fyrirtaks aðstaða í Sundlaug Kópavogs.

Stóra sundlaugin mun koma í staðinn fyrir barnalaugina sem var opnuð árið 1967 en hún hefur þegar verið rifin. Einnig hafa búningsklefar í kjallara verið rifnir, auk þess sem grátt timburhús sem byggt var til bráðabirgða fyrir fjörutíu árum mun víkja.

Ekki hefur enn verið ákveðið hvort nýju sundlaugarnar verði útilaugar eða innilaugar. „Það verður ákveðið í ferlinu á næstu vikum,“ segir Guðmundur, sem treysti sér ekki að svo stöddu til að spá fyrir um verklok við sundlaugina.



Miklar framkvæmdir eru hafnar við Sundlaug Kópavogs sem miða að því að bæta alla aðstöðu fyrir sundlaugargesti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hilmar J. Malmquist er forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Tengsl listarinnar við náttúruna

Náttúrufræðistofa Kópavogs og Gerðarsafn eru í góðu samstarfi og í vor mun sýning á verkum Guðmundar frá Miðdal verða sett á laggirnar.

Tengsl listar við náttúru eru miðpunktur í samstarfi Náttúrufræðistofu Kópavogs við Gerðarsafn í Kópavogi, en stofnanirnar hafa þegar sett upp eina listsýningu og önnur er væntanleg í vor. Samkvæmt Hilmari J. Malmquist, forstöðumanni Náttúrufræðistofunnar, nýtir stofnunin sér vel nábýlið við ólíkar en samt skyldar stofnanir.

Samstarfið við Gerðarsafn hófst að sögn Hilmars með alþjóðlegri glerlistasýningu sem að mestu var sett upp í Gerðarsafni en teygði anga sína yfir í Náttúrufræðistofu. „Skírskotunin var sú að margt í listinni byggir á ýmsum formum og litum úr náttúrunni og markmiðið var að benda á tengsl listar við náttúruna. Þetta ætlum við að endurtaka í vor með sýningu á verkum Guðmundar frá Miðdal. Auk þess að sýna olíu- og vatnslitamyndir hans er meiningin að stilla upp dýrastyttum Guðmundar, sem skipta nokkrum tugum. Með þessu móti vonumst við til að fá nýja gerð af safngestum inn á Náttúrufræðistofu, þá sem sækja listsýningar,“ segir Hilmar.

Mikið starf hefur verið unnið í fræðslu fyrir börn hjá Náttúrufræðistofu og hefur stofnunin átt gott samstarf við Bókasafnið, sem er í sama húsi. „Við höldum hérna námskeið fyrir krakka í náttúrufræðum á sumrin og einnig er boðið upp á sérstaka dagskrá fyrir leikskólakrakka í samvinnu við bókasafnið. Haldin eru fræðsluerindi hér í fundarsal með myndsýningu og fróðleik af ýmsu tagi. Fjallað er um selinn Snorra eða Val hval. Að lokinni fræðslusýningu trítla börnin í barnadeild bókasafnsins og hlusta á einhverja sögu sem tengist efninu,“ segir Hilmar.

Náttúrufræðistofa Kópavogs hefur verið starfrækt síðan sýningarsalir voru opnaðir formlega árið 1983 en grunnur var lagður að stofnun hennar árið 1976 þegar bærinn keypti einkasafn Jóns Bogasonar af skeljum og kuðungum. Helsta hlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs er að sinna fræðslu um náttúru Íslands, vinna að rannsóknum og stuðla að verndun náttúru landsins. Starfsmenn safnsins miðla einnig fróðleik um munina sem eru til sýnis, birta rannsóknarskýrslur og flytja erindi.

Helstu rannsóknir Náttúrufræðistofu eru á sviði vatnalíffræði og eru verkefnin margvísleg. Gjarnan eru það grunnrannsóknir, oft unnar í samvinnu við erlendar fiskistofnanir og sérfræðinga, og er þá verið að rannsaka líffræði íslenskra vatna á almennan hátt. Þá sér Náttúrufræðistofa reglulega um þjónustuverkefni fyrir sveitarfélög, gjarnan í tengslum við skipulag á nýrri byggð auk rannsókna sem tengjast mati á umhverfisáhrifum.

Að sögn Hilmars eru til hliðstæðar stofnanir, svokallaðar rannsóknarstofur. Þær eru frábrugðnar Náttúrufræðistofu að því leyti að þær eru allar starfræktar með aðild ríkisins en Náttúrufræðistofa Kópavogs er alfarið rekin af Kópavogsbæ. Fimm starfsmenn vinna hjá stofnuninni og eru þeir allir langskólagengnir náttúrufræðingar. Að sögn Hilmars koma átta til tíu þúsund gestir á ári á Náttúrufræðistofu. Liðlega helmingur gesta eru skólahópar í skipulögðum heimsóknum.

Hilmar segir að margt sé góðra muna á sýningarsafninu. „Kúluskítsbúrið okkar vekur til dæmis mikla athygli. Við erum með fjögur fiskabúr hér, bæði með fersku vatni og söltum sjó, og þessi búr vekja alltaf athygli, allt sem er kvikt. Kúluskíturinn er þó athyglisverðastur enda er hann bara að finna á tveimur stöðum í heiminum í svona stóru kúlulaga formi, Mývatni og Japan. Þetta eru undursamleg dýr,“ segir Hilmar að lokum.



Þessa fallegu snæuglu er að finna á Náttúrufræðistofu Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Kúluskítsbúrið vekur ætíð mikla athygli.




# Við hjálpum þér af stað...

byrjaðu að spara reglulega og SPK leggur þér lið við fyrstu innborgun

- Auka innborgun frá SPK við upphaf sparnaðar
- Fjölbreyttar sparnaðarleiðir
- Góð ávöxtun
- Sveigjanleiki, hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn eftir hentugleika
- Góð yfirsýn í Heimabanka

eitt símtal... og þú byrjar að spara

515 1950

spk

Sparisjóður Kópavogs – Hlíðasmára 19 – Digranesvegi 10 – Select við Smáralind – Sími: 515 1950 - Fax: 515 1909 - www.spk.is - spk@spk.is

# Sigurvegarar í norrænni blásarahljómsveitakeppni

Skólahljómsveit Kópavogs er mjög öflug og fjölmenn hljómsveit. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa enda fór hljómsveitin með sigur af hólmi í sterkri norrænni hljómsveitakeppni síðastliðið sumar.

Skólahljómsveit Kópavogs hefur starfað frá árinu 1967 þegar fyrstu tónleikar hljómsveitarinnar voru haldnir undir stjórn Björns Guðjónssonar, stofnanda og stjórnanda hljómsveitarinnar. Björn stýrði hljómsveitinni allt til ársins 1993, þegar Össur Geirsson, núverandi hljómsveitarstjóri, tók við.

„Við erum með um það bil 140 nemendur úr öllum Kópavoginum," segir Össur. Skólahljómsveitin hefur aðstöðu í Digranesi og æfir hún þar af krafti. „Við kennum á níu mismunandi hljóðfæri og æfum einnig samspil, þetta eru um það bil fjórar æfingar á viku. Skólahljómsveitin er fyrir krakka upp í 10. bekk en þó halda margir áfram þegar komið er upp í framhaldsskóla vegna þess að þeir vilja ekki hætta."

Mikil ásókn er í hljómsveitina og segir Össur það leiðinlegasta í starfinu að þurfa að hafna sumum umsækjendum. Engar kröfur eru gerðar um getu áður en krakkarnir sækja um í hljómsveitinni en valið er að mestu í hljómsveitina út frá viðtölum.

Kennsla í skólahljómsveitinni fer fram yfir vetrartímann en áhuginn er mikill og því starfar hljómsveitin allt árið um kring. „Við spilum alltaf á 17. júní og á ýmsum öðrum viðburðum yfir sumartímann, auk þess sem margir hafa fengið okkur til að spila hjá sér."

Hljómsveitin heldur tvo fasta tónleika á hverju ári, hausttónleika og vortónleika. Á hausttónleikunum spilar hljómsveitin ákveðna þematónlist og nefnir Össur til dæmis bítlatónlist, djasstónlist, íslenska tónlist og fleira. Á vorin eru haldnir stórir tónleikar í Háskólabíói og segir Össur að hljómsveitin hafi sprengt utan af sér minna húsnæði. „Við höfum gjarnan viljað halda tónleikana okkar í Kópavogi en við verðum sennilega að bíða þar til búið er að reisa óperuhúsið í Kópavogi," segir Össur.

Hóparnir fara tvisvar sinnum á vetri í æfingabúðir yfir heila helgi þar sem mikið er æft. Á kvöldin eru haldnar kvöldvökur þar sem mikið er sprellað og skipuleggja krakkarnir þær í samvinnu við stjórnendur. Miklar æfingar hafa greinilega borið ávöxt því síðastliðið sumar sigraði elsti hópurinn í mjög sterkri norrænni blásarahljómsveitakeppni í Svíþjóð. „Það var skipt í þrjár deildir eftir getu. Við skráðum okkur í erfiðustu deildina og náðum að fara þar með sigur af hólmi" segir Össur ánægður með árangurinn.



Skólahljómsveit Kópavogs á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Systurnar Auður og Rut Jónsdætur æfa sex sinnum í viku og því gefst lítill tími til annars en að stunda handboltann.

# Samrýndar handboltahetjur

Systurnar Auður og Rut eru efniviður í miklar handboltahetjur og voru heiðraðar sérstaklega á dögunum fyrir góðan árangur.

Systurnar Auður og Rut Jónsdætur voru heiðraðar fyrir góðan árangur í handbolta á árinu 2005 á Íþróttahátíð Kópavogs sem haldin var í Salnum í Kópavogi 22. janúar síðastliðinn. Þótt það hljóti að heyra til undantekninga að systkini séu heiðruð á sömu hátíðinni eru stúlkurnar hæverskar með eindæmum og spurðar hvort þetta þyki ekki merkilegur árangur hjá systrum benda þær á að fyrir tveimur árum hafi tvíburar verið heiðraðir svo þeirra árangur sé nú ekkert ýkja merkilegur.

Auður segist hafa byrjað að æfa handbolta átta ára. Vinkona hennar hafi ákveðið að fara í handboltaskóla og hún fylgt í kjölfarið. Auði þótti svo gaman að hún hélt áfram þótt vinkonan hafi síðan hætt að æfa. Rut varð hins vegar áhugasöm þegar hún fór að fylgja systur sinni á æfingar sex ára gömul. „Ég byrjaði bara að koma með systur minni á æfingar en eftir nokkur skipti prófaði ég sjálf og það var rosalega gaman," segir hún brosandi.

Systurnar æfa sex sinnum í viku þannig að lítill tími gefst til annars en að stunda handboltann. Þær eru samrýndar og segja litla samkeppni á milli þeirra í boltanum enda séu þær ekki í sama aldursflokki. Þær voru þó báðar valdar til að spila í landsliðinu í handbolta fyrir sautján ára og yngri en spila mismunandi stöður og voru því ekki í samkeppni innbyrðis. „Við fórum til Noregs í maí og vorum að spila í undankeppni EM hér á Íslandi. Þetta voru þrír landsleikir," segir Rut. Auður bætir við að þetta hafi verið góð reynsla og þær hafi átt auðvelt með að leika saman þar sem þær þekki vel inn á hvora aðra.

Systurnar hafa alla tíð búið í Kópavoginum og kunna vel við sig. „Jafnvel þótt við búum í Blikahverfi," segir Rut og Auður hlær. Þær segja rígINN milli Breiðabliks og HK þó aðallega eiga við fótboltann þar sem engin handboltadeild sé hjá Breiðabliki. Rut hefur reyndar einnig æft fótbolta síðan hún var sjö ára en er í fríi í augnablikinu. „Það er svo mikið um að vera í báðum íþróttagreinunum þegar það eru svona margar æfingar í handboltanum en ég fer örugglega aftur í sumar," segir hún ákveðin. Hún á erfitt með að gera upp á milli handboltans og fótboltans, finnst báðar íþróttirnar skemmtilegar. Systurnar eru báðar í skóla. Auður er sautján ára og stundar nám á öðru ári við Verslunarskólann en Rut, sem er fimmtán ára, er í Hjallaskóla í Kópavogi.

Þær eru fljótar að svara þegar blaðamaður spyr hvort þær hafi í huga að halda áfram. „Já, við viljum halda áfram eins lengi og við getum," segir Auður ákveðin. Þær segja mjög jákvætt að krakkar alist upp við mikla íþróttaiðkun. „Krakkar kynnast svo mörgu fólki auk þess sem þeir hafa gott af því að hreyfa sig. Ég byrjaði upp á félagsskapinn en svo varð þetta svo skemmtilegt," segir Auður. Systurnar eru ekki frá því að þessi sameiginlegi áhugi á handbolta geri þær enn samrýndari fyrir vikið. „Við erum bara mjög góðar vinkonur. Það bætir örugglega upp á að við höfum sameiginleg áhugamál," segir Rut brosandi að lokum.

**Söngur }**

# Félagsmiðstöðin Þeba sigraði í söngkeppni ÍTK

Söngkeppni ÍTK fór fram í Salnum í Kópavogi 27. janúar síðastliðinn. Allar átta félagsmiðstöðvarnar í Kópavogi sendu keppendur og stóðu þeir sig allir með prýði. Dómnefndin valdi Hugrúnu Þorbergsdóttur úr félagsmiðstöðinni Þebu sem sigurvegara. Í öðru sæti var Védís Pálsdóttir frá Igló og í því þriðja voru Kristjana Arnarsdóttir og Kristín Inga Jónsdóttir frá Ekkó. Þessar þrjár félagsmiðstöðvar munu því senda keppendur á söngkeppni Samfés sem fer fram fyrstu helgina í mars í íþróttahúsinu í Mosfellsbæ.






# Höfum opnað nýtt apótek og gleraugna-verslun yfir gjánni að Hamraborg 8

Lyf & heilsa Hamraborg hefur opnað nýja og glæsilega verslun að Hamraborg 8, yfir gjánni, í sama húsi og Heilsugæslan Kópavogi. Við þökkum viðskiptavinum okkar ánægjuleg viðskipti á gamla staðnum og bjóðum þá velkomna. Nú hefur Augastaður, gleraugnaverslun bæst við í þjónustu Lyf & heilsu þar sem meðal annars er boðið upp á sjónmælingar.

**Fjöldi opnunar-tilboða**

**20%**

**afsláttur af Nicorette vörum í öllum verslunum Lyf & heilsu í dag!**




augastaður
færir þér nýja sýn!

**Hamraborg:**
Opið 9-18 virka daga
10-14 laugardaga

Lyf & heilsa
**Hamraborg**

# Það er líf eftir bílinn

Strætisvagnasamgöngur eru skipulagðar sem heild yfir allt höfuðborgarsvæðið og því er ekkert sérstakt skipulag yfir Kópavoginn sem slíkan heldur er hann hluti af þessari heild.

Kópavogur er orðinn fjölmennt bæjarfélag og þar sem byggðin er þéttust er þjónustan best, að sögn Ásgeirs Eiríkssonar, framkvæmdastjóra Strætó bs.

Ásgeir segir að strætisvagnasamgöngur séu skipulagðar í einni heild yfir allt höfuðborgarsvæðið og því sé ekkert sérstakt skipulag yfir Kópavoginn sem slíkan heldur sé hann hluti af þessari heild. „Við skipuleggjum okkar þjónustu miðað við þarfir alls höfuðborgarsvæðisins, sem er okkar þjónustusvæði, og reynum að búa til net sem tekur mið af þessum þörfum. Þar tökum við líka ákveðið viðmið um göngufjarlægðir og þjónustusvið og þar skiptir þéttleiki byggðar miklu máli, hversu fjölmenn hún er og slíkir þættir. Við reynum að vinna þetta á samræmdan og faglegan hátt,“ segir hann. Ásgeir segir skiptingum vera að fækka, ekki síst með tilkomu svokallaðra stofnleiða sem leiðakerfi Strætó er byggt á. Stofnleiðum er ætlað að flytja fólk á milli fjölmennustu íbúða- og þjónustusvæða á skjótan og skilvirkan hátt og með háu þjónustustigi þegar flestir eru á leiðinni.


Ásgeir Eiríksson segir að Strætó bs. sé að reyna að gera almenningssamgöngur að raunhæfum valkosti. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Ásgeir segir aukna uppbyggingu í Kópavogi ekki hafa mikil áhrif á skipulagningu leiðakerfa en að vel hafi gengið að hefja þjónustu í nýju hverfunum. Hann segir að tekið sé mið af því hvernig bætist við byggðina og þegar hverfin byggist sé almennt tilbúin tillaga um hvernig eigi að veita þjónustuna.

Aðspurður um kvartanir vegna nýja kerfisins sem Strætó bs. tók upp á síðasta ári segir Ásgeir Kópavogsbúa kvarta lítið. „Fólk er duglegt að láta í sér heyra en það hefur ekki verið mikið um kvartanir í Kópavoginum. Það virðist ríkja nokkuð góð sátt um þjónustuna þar. Það eru kannski einstaka tilvik sem varða vissa staði í bænum þar sem menn hafa verið að velta fyrir sér ákveðnum hlutum en við erum nú reyndar að fara í úrbætur á leiðarkerfinu nú í byrjun mars,“ segir Ásgeir.

Hann segir að Strætó bs. sé að reyna að gera almenningssamgöngur að raunhæfum valkosti. „Við erum fyrst og fremst að vekja athygli fólks á því að það er líf eftir bílinn, að það er alveg hægt að komast leiðar sinnar með því að taka strætó,“ segir Ásgeir að lokum.



**Jack & Jones**
Dökkar þvegnar gallabuxur á 6.990 kr., dökkblár jakki með hvítum röndum á 4.995 kr., drapplituð V-hálsmáls peysa á 3.390 kr. og ljós skyrta innan undir 4.490 kr. Að sögn Stefaníu Fanneyjar Björgvinsdóttur hjá Vero Moda og Jack & Jones er mjög vinsælt að blanda saman sterkum og daufum litum í herradeildinni, til dæmis bláum og hvítum. Heildarverð fyrir dressið er 19.865 kr.

**Zara**
Hvítar aðsniðnar buxur á 3.995 kr., teinóttur jakki á 4.995 kr., bolur með gyllingu á sem kostar 1.995 kr., gullvesti á 3.995 kr. og gullskór á 4.995 kr. „Gull- og silfurlitir verða mjög heitir í vor. Sömuleiðis verður mjög mikið um blómamynstur,“ segir Eyrún Dröfn Jónsdóttir há Zöru. Heildarverð fyrir dömudressið er 19.975 kr.

MYNDIR: FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Aðsniðnar gallabuxur og sterkir litir

Fjölmargar tískuvöruverslanir er að finna í Smáralindinni. Fréttablaðið leit við í nokkrum þeirra og fékk ráð frá starfsmönnum verslananna um hvað er handan við hornið í tískunni.

Verslanir í Smáralindinni fyllast þessa dagana af tískufatnaði sem verður áberandi í vor. Starfsfólk nokkurra verslana í Smáralind gaf blaðamanni álit sitt á því hvað verði í tísku í vor og tók saman nokkrar flottar flíkur. Um leið var gerður örlítill verðsamanburður á verslununum.

Bleiki liturinn verður greinilega áfram vinsæll í herrafatnaði og sömu sögu er að segja af aðsniðnum gallabuxum. Hjá dömunum verða gull- og silfurlitir áfram vinsælir í fylgihlutum ásamt sterkum litum.



**Zara**
Ljós jakkafatajakki á 12.995 kr., aðsniðnar gallabuxur á 4.995 kr. og bleik teinótt skyrta á sama verði er nýmóðins að mati Darra Arnar Hilmarssonar hjá Zöru. „Það er alltaf að verða algengara að strákar þori að ganga í bleiku.“ Heildarverð fyrir herradressið er því 22.985 kr.

**Levi´s**
Gallabuxur í nýju DNA línunni á 12.990 krónur. „Þær eru í sniðinu 10/500/6 sem er svolítið þröngt að neðan en samt vítt,“ segir Unnur Pétursdóttir hjá Levi´s í Smáralind. Sumarlegur RedTab bolur á 10.990 krónur. Heildarverð er því 23.980 krónur.

**Levi´s**
Slim fit snið af rauðum gallabuxum á 10.990, RedTab sumarbolur á 3.990, stakur jakki í Bluestar línunni á 15.990 kr. „Við erum að fá mörg ný snið af buxum eins og þessar. Við eigum þessar buxur líka í öðrum litum en rauði liturinn er að koma mjög mikið inn núna. Jakkinn er í aðeins fínni línu en buxurnar og bolurinn,“ segir Unnur Pétursdóttir. Heildarverð fyrir dömudressið hjá Levi´s er því 30.970 kr.




NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Voltaren
Dolo
20 comprimés filmés
Fljótvirkt
bólgueyðandi
verkjalyf
m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni
Fæst án lyfseðils
VoltarenDolo®
Díklófenak-K 12,5 mg
**Voltaren Dolo® ( díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur.** Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



Kópavogskirkja er eitt af einkennum Kópavogs.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Kirkjan er mikil bæjarprýði

Kópavogskirkja þykir ein fegursta kirkja landsins en byggingarstíll hennar er í senn hefðbundinn og sérstakur.

Kópavogskirkja var reist á árunum 1958-1963. Grunnur kirkjunar var helgaður í ágúst árið 1958 og árinu eftir lagði biskup hornstein að kirkjunni. Þann 16. desember árið 1963 var kirkjan svo vígð af Sigurbirni Einarssyni, þáverandi biskupi Íslands.

Séra Ægir Fr. Sigurgeirsson hefur verið sóknarprestur Kársnesprestakalls síðan árið 1990.

Kópavogskirkja þykir ein af fegurstu kirkjum landsins en byggingarstíll hennar er í senn hefðbundinn og sérstakur. Bogarnir sem einkenna hana gefa henni bæði tignarlegt og mjúkt yfirbragð. Altarismynd kirkjunnar, sem sett var upp árið 1990, er eftir listakonuna Steinunni Þórarinsdóttur en hún byggir á frásögn í 13. kafla Jóhannesarguðspjalls af því þegar Kristur laugaði fætur lærisveina sinna.

Hinir tilkomumiklu steindu gluggar kirkjunnar eru verk myndhöggvarans og Kópavogsbúans Gerðar Helgadóttur. Kirkjugluggarnir hafa vakið mikla athygli og hafa þeir meðal annars prýtt erlend listaverkablöð og almanök.

Nýtt og glæsilegt 31 radda orgel var vígt við hátíðlega athöfn snemma árs 1997. Undirbúningur að kaupunum hafði þá staðið lengi vegna þess að fyrra orgel kirkjunnar hafði þurft mikið viðhald.

Guðsþjónustur eru haldnar alla sunnudaga klukkan 11:00 en auk þess eru fjölskylduguðsþjónustur fyrsta sunnudag í hverjum mánuði. Í þeim syngur barnakór undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur ásamt strengjasveit.

Bænastundir eru á þriðjudögum klukkan 12:10 og leikur organistinn Sigrún Steingrímsdóttir við þau tilefni. Fjölbreytt safnaðarstarf hefur verið í vetur og býðst kirkjugestum að sækja samverustundir á þriðjudögum klukkan 14:30 þar sem áhersla er lögð á almennan söng og þægilega samveru. Að auki býður kirkjan upp á foreldramorgna og öflugt barnastarf í allan vetur.




# Í bláu myrkri

Lista- og menningarráð Kópavogs veitir verðlaun í árlegri ljóðasamkeppni á afmælisdegi Jóns úr Vör. Óskar Árni Óskarsson hlaut verðlaunin í ár.

Hinn 21. janúar ár hvert veitir Lista- og menningarráð Kópavogs Ljóðstaf Jóns úr Vör sigurvegara samnefndrar ljóðasamkeppni sem haldin hefur verið árlega í bænum síðan árið 2001. Verðlaunin sem veitt eru á afmælisdegi skáldsins eru áletraður göngustafur úr eigu Jóns, sem sigurvegari keppninnar fær í sína vörslu í eitt ár, og peningaverðlaun sem Kópavogsbær veitir.

Björn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Tómstunda- og menningarsviðs Kópavogs, sagði í samtali við Fréttablaðið að keppnin hafi fest sig vel í sessi undanfarin ár. „Þátttaka hefur alltaf verið mjög góð. Við gefum ákveðinn frest til þess að skila inn ljóðum og síðan skila keppendur inn nafnlaust, en láta um leið fylgja upplýsingar um sig í lokuðu umslagi.“

Óháð dómnefnd, með listamanninn Sjón í fararbroddi, velur sigurvegarann en auk þess eru veittar aðrar viðurkenningar fyrir ljóð sem hafa fallið dómnefnd í geð.

„Þegar dómnefnd er búin að koma sér saman um vinningsljóðið opnum við umslagið og sviptum hulunni af sigurvegaranum,“ segir Björn.

Ljóðstafinn í ár hlaut Óskar Árni Óskarsson, rithöfundur og bókavörður, sem var að vonum glaður með viðurkenninguna. „Ég sendi inn þrjú ljóð og ég var svo heppinn að fá verðlaunin fyrir ljóð sem heitir Í bláu myrkri,“ segir Óskar, sem tók þátt í keppninni í fyrsta skipti.

Á fjórða hundrað ljóða bárust dómnefndinni í ár og því eru þessi verðlaun mikil viðurkenning fyrir Óskar. „Það er náttúrlega mjög ánægjulegt að fá bæði þessa viðurkenningu fyrir ljóðið og svo munar menn auðvitað um þessar fimm hundruð þúsund krónur sem fylgdu Ljóðstaf Jóns úr Vör.“

Verðlaunin hafa sérstaka þýðingu fyrir Óskar þar sem hann ólst að hluta til upp í Kópavoginum. „Fjórtán ára gamall bjó ég á Hlíðarveginum, þannig að ég hef alltaf haft taugar til Kópavogs,“ segir Óskar.

Ritstörf eru aðalviðfangsefni Óskars, sem hefur gefið út nokkrar ljóðabækur eftir sjálfan sig, auk þess sem hann ritstýrði bókmenntatímaritinu Ský sem kom út á árunum 1990-1994. Ljóð eftir Óskar hafa birst í fjölmörgum íslenskum og erlendum tímaritum. Samhliða ritstörfunum hefur hann um árabil starfað á Landsbókasafni sem bókavörður í hlutastarfi.



Óskar Árni Óskarsson, handhafi Ljóðstafs Jóns úr Vör þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

idol }

# Idol-bærinn Kópavogur

Kópavogur leikur stórt hlutverk í Idol-stjörnuleitinni sívinsælu. Það er athyglisvert að flest höfuðvígi stjörnuleitarinnar er að finna í Kópavogsbæ, en eftir að áheyrnarprófunum lauk hefur stjörnuleitin farið að miklum hluta fram í Kópavogi.

Á haustmánuðum var keppendum sem komust í gegnum áheyrnarprófin fækkað töluvert í Salnum í Kópavogi og í Smáralindinni berjast þeir bestu á hverjum föstudegi um sigur í keppninni. Þeir sem geta svo ekki fengið nóg af Idol geta farið í sérstaka Idolbúð í Smáralind og verslað þar allt á milli himins og jarðar tengt þessari vinsælu keppni. Það er heldur ekki óalgeng sjón að sjá keppendur árita plaköt og myndir við Hagkaup í Smáralind á laugardögum. Sigríður Beinteinsdóttir Idol-dómari er einnig stoltur Kópavogsbúi.

Hvort það er yfirlýst stefna bæjaryfirvalda eða Stöðvar 2 að halda stjörnuleitina að svo miklum hluta í Kópavogi er ekki vitað. Sennilega er það þó sú frábæra aðstaða sem er að finna í bænum sem laðað hefur Idol-sirkusinn að undanfarin ár.



Idolstjarnan Willam Hung í góðra vina hópi.

Pace Á ÍSLANDI

Endurnýjunar- og viðhaldskerfi fyrir þök




# Áður en þú skiptir um þak, hringdu þá í Pace® umboðið



**Bættu mörgum árum við líftíma þaksins fyrir mikið minna en það kostar að skipta um þak.** Pace® þakvarnarkerfið ver og verndar þakið með samskeytalausri, teygjanlegri gúmmíhúð sem á varanlegan hátt kemur í veg fyrir leka, ryðmyndun ...og áhyggjur.





Fáðu þakið metið strax í dag þér að kostnaðalausu

**517 9177**

pace@coat.is

**Pace umboðið:** Síðumúla 31 · 108 Reykjavík · Sími: 517 9177 · Fax: 517 9277 · pace@coat.is



Útsýnið frá höfninni er ægifagurt. MYNDIR: FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



# Skerin dempa öldurnar

Kópavogshöfn er lítil en góð höfn og vel varin fyrir veðrum og vindum, að sögn Jóhannesar Guðmundssonar hafnarstjóra.

„Þótt veður sé vitlaust er enginn öldugangur hér. Skerin hér fyrir utan dempa öldurnar," segir Jóhannes Guðmundsson hafnarstjóri, sem hefur starfað við höfnina síðastliðin átta ár.



Kópavogshöfn er 25 ára en að sögn Jóhannesar hefur mest verið að gerast við höfnina undanfarin fjögur ár, síðan Atlantsskip fóru að leggja við bryggju með fragtskip sín á leið frá Evrópu. Höfnin er þó lítil og að sögn Jóhannesar finnst Atlantsskipum að sér þrengt í höfninni og hafa ákveðið að færa starfsemi sína annað þar sem ekki hafa náðst samningar um framkvæmdir. „Það verður einhver breyting þegar Atlantsskip fara héðan en það kemur alltaf maður í manns stað," segir hann brosandi. Aðeins er pláss fyrir eitt skip í einu við Kópavogshöfn auk þess sem fimmtíu bátar komast að við smábátahöfnina. Það eru að hluta sportbátar og einkaleiktæki. Þá leggjast nokkrir atvinnufiskibátar við höfn en þeir hafa verið allt frá þremur og upp í fimm á undanförnum árum.

Jóhannes segir að til standi allveruleg stækkun á höfninni. „Hvenær ráðist verður í það fer eftir því hvernig landið liggur en þetta verður aldrei stór höfn hér, það er alveg ljóst," segir hann ákveðinn. Hann á von á að eftir stækkun verði pláss fyrir 2-3 skip í einu.







Jóhannes, sem er skipstjóri að mennt, segir mikla uppbyggingu hafa farið fram á hafnarsvæðinu og þar sé að finna ýmsa starfsemi á borð við fiskvinnslu, smiðjur og fleira. Á svæðinu vinna milli þrjú- og fjögurhundruð starfsmenn. Fáir starfsmenn vinna hins vegar við höfnina sjálfa. „Það eru ekki margir starfsmenn sem vinna hér á höfninni. Þú ert að tala við alla starfsmennina," segir Jóhannes hlægjandi en hann sér um öll verk á höfninni. Hann er vigtunarmaður, hafnsögumaður, sér um bókhaldið og allt sem fram fer á litlu skrifstofunni við höfnina. „Ég er alltaf á bakvakt. Það þekkist hvergi nema hér. Í kvöld eru bátar að koma til að landa og svo kemur fragtskipið þannig að ég verð hér kannski til eitt eða tvö í nótt," segir Jóhannes. Kópavogshöfn á ekki hafnsögubát



þannig að Jóhannes keyrir í Hafnarfjörðinn til að fá afnot af skipinu þar þegar þarf að aðstoða skip við aðsiglingu. Hann segir að í góðu veðri sé þó minni þörf á að aðstoða skipin. „Innsiglingin er svolítið snúin en það er eins og annað, lítið mál ef maður kann það," segir Jóhannes og brosir breitt.

Einar Ólason ljósmyndari heimsótti höfnina og eins og sjá má á þessum einstöku myndum er höfnin vissulega fögur og veðurblíða mikil.

























## ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

**Heilsan er það mikilvægasta sem við eigum. Því skulum við láta okkur líða vel.**

**Svefn & heilsa**
**býður ykkur í heimsókn til að sjá og kynnast nýjustu heilsudýnunum.**

**Einnig höfuðgaflar, náttborð, kommóður, sænguverarsettin góðu og margt fleira sem prýða má falleg heimili.**




Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

Verið velkomin

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Viðurkenningar hvetja Kópavogsbúa í umhverfismálum

Á hverju ári veitir Kópavogsbær viðurkenningar fyrir endurgerð húsnæðis, hönnun, frágang húss og lóðar á nýbyggingasvæðum, framlag til ræktunarmála og framlag til umhverfismála. Auk þess velur bæjarstjórn Kópavogs götu ársins.

Umhverfisviðurkenningar Kópavogs virka hvetjandi á íbúa bæjarins, að sögn Margrétar Björnsdóttur, formanns Umhverfisráðs Kópavogs. Með viðurkenningunum vilja bæjaryfirvöld sýna þakklæti sitt í verki en tilgangur verðlaunanna er að heiðra þá sem hafa sýnt frumkvæði í umhverfismálum og stuðlað að því að gera Kópavogsbæ fallegri.

Að sögn Margrétar hafa bæjaryfirvöld í Kópavogi verið fremst í flokki sveitarfélaga landsins hvað varðar skipulagningu og uppbyggingu og eru verðlaunin dæmi um þá vinnu sem lögð er í að hvetja fólk til að hafa snyrtilegt í kringum sig. „Viðurkenningarnar beina sjónum fólks að því hvernig við getum bætt umhverfi okkar,“ segir Margrét. Hún er ekki frá því að nokkur samkeppni ríki um hver hljóti viðurkenningu, ekki síst meðal verktaka sem keppast um heiðurinn með því að ganga sífellt betur frá í kringum nýbyggingar og hafa umhverfið til fyrirmyndar. Margrét segir mikla vinnu liggja að baki viðurkenningunum. Auk þess að undirbúa athöfnina sjálfa fer mikill tími og fyrirhöfn í að finna verðuga keppinauta um viðurkenningarnar. Hún segist keyra um bæinn ásamt skipulagsstjóra í um hálft ár til að skoða falleg hús og byggingar áður en viðurkenningin fer fram. Þegar þau hafa valið hóp mögulegra viðurkenningahafa fara aðal- og varamenn Umhverfisráðs Kópavogs í rútuferð ásamt garðyrkjustjóra, skipulagsstjóra og landslagsarkitekt og velja af lista sem gerður hefur verið yfir athyglisverða staði í bænum.

Margrét segir að þeir sem fái viðurkenningu séu mjög ánægðir með framlagið og að allir mæti á athöfnina, sem sé afar vegleg. „Sigurður Geirdal heitinn mætti alltaf og sagði þetta vera hátíðlegustu athöfn sem hann væri viðstaddur sem bæjarstjóri, þegar framlag fólksins í bænum væri viðurkennt,“ segir Margrét. Eftir afhendingu viðurkenninga er farið í vettvangsferð í rútu með allan hópinn og þeir staðir sem hlotið hafa viðurkenningu eru skoðaðir. Þá er gróðursett tré í þeirri götu sem er valin gata ársins. „Krakkarnir í götunni hópast að og ég bið þá um að passa tréð og ítreka hversu mikilvægt er að leggja alúð við það og passa vel. Það er okkur mikilvægt að íbúarnir sjái að við tökum eftir því hvað þeir eru að gera fyrir umhverfið,“ segir Margrét.

Kópavogsbær veitti viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi og fallegustu garða og lóðir bæjarins frá árinu 1964 en árið 1995 var það fyrirkomulag sem nú er notað tekið upp. Í dag eru veittar viðurkenningar fyrir endurgerð húsnæðis, hönnun, frágang húss og lóðar á nýbyggingasvæðum, framlag til ræktunarmála og framlag til umhverfismála. Auk þess velur bæjarstjórn Kópavogs götu ársins. Viðurkenningar eru veittar á haustin en Margrét er þegar farin að gera lista yfir áhugaverðar byggingar sem koma til greina í ár.



Margrét Björnsdóttir, formaður Umhverfisráðs Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


• Perry Ellis • Max Mara • 7th Street • Elisabeth Arden • Kliik • Casual



opnunartilboð í augastað!

Margskipt gleraugu með glampavörn frá kr.
20.900
frá 22.900 kr. með glampavörn og gleri sem dökknar í sól

Gleraugu fyrir fjarsýna og nærsýna (einn styrkleiki) frá kr.
11.900

Barnagleraugu frá aðeins kr.
7.900

Þú færð mælingu hjá sjónfræðingi á staðnum

augastaður
færir þér nýja sýn!

Lyf & heilsa Hamraborg og JL-húsinu




Kjólarnir sem voru til sýnis á Gerðarsafni.

# Kjólar Guðrúnar

Rúmlega tuttugu kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði á vefstofu sinni á Ísafirði voru til sýnis í Gerðarsafni.

Í Gerðarsafni er nýlokið áhugaverðri sýningu sem bar heitið Þræðir. Á henni voru til sýnis rúmlega tuttugu kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Guðrún rak vefstofuna í rúmlega tuttugu ár en stofan var stofnuð árið 1965.

Tilgangur vefstofunnar var að hefja íslenskan ullariðnað til virðingar á ný og hannaði Guðrún margar glæsilegar flíkur þar. Flíkur Guðrúnar eru oft í sauðalitum og hönnun sína byggir hún jafnt á íslenskri vefnaðarhefð og náttúru. Kjólar Guðrúnar nutu töluverðra vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum og voru þeir sýndir margoft bæði hér á landi og erlendis.

Eins og sjá má hafa kjólarnir staðist tímans tönn afbragðsvel. Fjóra hökla sem Guðrún óf fyrir Digraneskirkju í Kópavogi var einnig að finna á sýningunni, sem lauk á sunnudaginn.



Kjóll Guðrúnar Vigfúsdóttur.

## Íþróttir }



Brynja Valdimarsdóttir er þekktust fyrir þáttöku sína í Idol-stjörnuleit.

# Brynja Valdimarsdóttir gengur til liðs við HK/Víking

Sameinuð knattspyrnudeild HK og Víkings fékk nýlega góðan liðsstyrk þegar Brynja Valdimarsdóttir, sem er hvað þekktust fyrir frammistöðu sína í Idol-keppninni í fyrra, gekk til liðs við liðið.

Brynja, sem lék með ÍA í úrvalsdeildinni í fyrra, söðlar nú um og mun hún leika með HK/Víkingi í 1. deild næsta sumar. „Þetta er nýlega frágengið og mér líst bara mjög vel á byrjunina, þetta eru fínar stelpur og góður þjálfari svo ég er ánægð.“ Brynja, sem er framherji, segist vera mjög spennt yfir því að vera byrjuð að æfa aftur og hlakkar til sumarsins.

„Við stefnum auðvitað beint upp í úrvalsdeild og ég er viss um að við getum það,“ segir Brynja, sem mun búa á Akranesi fyrst um sinn. „Ég verð í vetur uppi á Akranesi og svo ætla ég að flytja í bæinn í sumar þegar boltinn fer á fullt.“


IVECO
TRAKKER
Nýr Trakker
verktakabíll á sérstöku
kynningarverði
IVECO TRAKKER
Öflugur,
lipur
og sparneytinn
10 ára
1994 - 2004
Lágmúli 7 • Reykjavík
Sími: 588 2600 • www.velaver.is
VÉLAVER HF



Stefán Cosser tekur þátt í alþjóðlegri matreiðslukeppni fyrir Íslands hönd á Nýja-Sjálandi um miðjan mars.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Súkkulaðibrunnur og krónhjartarbógur

UngFreisting er félag nema í matvæladeild Menntaskólans í Kópavogi. Félagið hélt glæsilega matvælasýningu í Hagkaupum í Smáralindinni um síðustu helgi.

UngFreisting er áhugaverður klúbbur sem samanstendur af matreiðslu-, bakara- og framreiðslunemum í Menntaskólanum í Kópavogi. Klúbburinn á rætur sínar að rekja til Freistingar, sem er félag þeirra sem lokið hafa námi í sömu greinum.

Um helgina hélt UngFreisting glæsilega matvælasýningu í Hagkaupum í Smáralind þar sem vörur frá Ferskum kjötvörum, Snæfiski, Sælkeradreifingu, Lambhaga og Íslandsnauti voru í boði. Stefán Cosser, matreiðslunemi og meðlimur í UngFreistingu, segir sýninguna ekki tengda náminu í MK á neinn hátt. „Við erum klúbbur sem hittist mánaðarlega og ákváðum við að halda þessa sýningu til þess að gera félagið okkar sýnilegt,“ segir Stefán. „Þessi sýning er ekki tengd skólanum að öðru leyti en því að við fáum aðstöðu hjá skólanum.“

Þegar blaðamann bar að garði var sýningin komin á fullt. Sumir sýningarhaldaranna ungu höfðu þá unnið í yfir sólarhring sleitulaust. „Það liggur gífurleg vinna að baki þessari sýningu og það sama má í raun segja um kokkastarfið yfir höfuð. Vinnan er mikil og launin eru ekki góð en þetta er algjörlega þess virði,“ segir Stefán, sem tekur þátt í alþjóðlegri matreiðslukeppni fyrir Íslands hönd á Nýja-Sjálandi um miðjan mars. Stefán segir keppnina vera eina þá virtustu meðal matreiðslunema í heiminum. Keppnin gengur út á að keppendur fá körfu með hráefnum og hafa fjóra klukkutíma til þess að elda fyrir sex manna dómnefnd.

Á sýningunni um helgina buðu matreiðslunemarnir gestum upp á miklar kræsingar. Má þar nefna skelfisk á nýbökuðu brauði í sætri chillí-sósu, krónhjartarbóg í karrí sem er villibráð að asískum hætti og tvær tegundir af nautafille. Spekingslegir framreiðslunemar buðu gestum einnig að smakka rauðvín og hvítvín og mátti augljóslega sjá að þeir vissu sínu viti í vínfræðum. Gestir gátu að lokum dýft bananabitum eða jarðarberjum í glæsilegan brunn sem var fullur af fljótandi súkkulaði.

Ásamt þeim kræsingum sem gestir gátu bragðað á var á sýningunni góðgæti frá öllum heimshornum. „Við erum með alls konar sushi, austurlenskt þema, kalda rétti, akurhænur, lynghænur, nautakjöt, lambakjöt og svínakjöt auk þess sem við skreyttum allt glæsilega,“ segir Stefán og bendir á ísstyttu sem prýðir sýningarborðið.

UngFreisting á heiður skilinn fyrir skemmtilegt og vel heppnað framtak.

# Heillandi fingurbjargir og rússneskar trédúkkur

Bókasafn Kópavogs er í hjarta bæjarins og býður upp á fjölbreytta og spennandi starfsemi. Reglulega er staðið fyrir kynningum og fyrirlestrum sem standa öllum opnir.




Þessi skemmtilega stytta er til sýnis á Bókasafni Kópavogs.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bókasafn Kópavogs hefur um nokkurt skeið haldið úti sýningarkössum úr gleri á öllum þremur hæðum safnsins og boðið almenningi að sýna muni sem safnað hefur verið í gegnum árin. Hrafn Andrés Harðarson bæjarbókavörður segir þessa starfsemi hafa skemmtilega skírskotun í hlutverk bókasafnsins, sem sé að safna bókum og vekja athygli á innihaldi þeirra. Þá býðst fyrirtækjum og verslunum tækifæri til að kynna varning sinn í kössunum.

Hrafn segir þessa þjónustu hafa vakið mikla athygli og að ýmislegt hafi verið sýnt í kössunum. „Þetta kostar ekki neitt enn sem komið er, hefur verið vinsælt og það hefur ýmislegt verið til sýnis, til dæmis fingurbjargir, bækur og leðurmunir auk þess sem við tókum þátt í rússneskum dögum og vorum með safn af rússneskum dúkkum, svokölluðum matrúskum,“ segir Hrafn.

Ýmis starfsemi fer fram innan bókasafnsins og segir Hrafn að reglulega sé reynt að standa fyrir kynningum og fyrirlestrum sem hafi skírskotun í þann efnivið sem finna megi í bókunum á safninu. Sem stendur fer fram röð fyrirlestra um mismunandi trúarbrögð. „Í fyrsta fyrirlestrinum kom Þórhallur Heimisson með erindi þar sem hann fór yfir hlutina og dró upp mynd af því hvernig þetta liti út landfræðilega og hvernig trúarbrögðin dreifðust um heiminn auk þess sem hann tók fyrir einkenni helstu trúarbragða,“ segir Hrafn. Á næstu fyrirlestrum verður svo fjallað nánar um algengustu trúarbrögðin hvert fyrir sig en fyrirlestrunum lýkur 22. mars næstkomandi með umfjöllun um Zen-Búddisma.

Barnastarf er eitt af mikilvægustu hlutverkum Bókasafnsins. Vikulega er safnið með lesstund fyrir börnin en þar eru þeim meðal annars sagðar sögur. Hrafn segir að þótt öll börn séu velkomin í sögustundina sé algengast að leikskólabörn komi í fylgd leikskólakennara þar sem fátítt sé að börn séu heima hjá foreldrum sínum að degi til. Bókasafnið er í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs sem er í sama húsi. Sá háttur hefur verið á að börnunum hefur verið boðið upp á fræðslu hjá Náttúrufræðistofu og hafa skoðað þar uppstoppuð og lifandi dýr en fært sig síðan yfir á bókasafnið þar sem lesnar hafa verið sögur um sama efni og fjallað var um í fræðslunni. Þá hafa Bókasafnið og Náttúrufræðistofa staðið að því að koma uppblásnum hval, sem ber heitið Valur, fyrir á



Bókasafnið stendur reglulega fyrir áhugaverðum fyrirlestrum sem standa öllum opnir.

túninu fyrir framan safnið börnunum til gamans og yndisauka. Á vordögum er svo væntanlegur sérstakur flugdrekadagur í samvinnu við leikskólana þar sem keppt verður í gerð og hönnun flugdreka og mögulega í drekaflugi.

Bókasafn Kópavogs var stofnað árið 1953 og fagnaði því fimmtíu ára afmæli árið 2003. Svo skemmtilega vill til að bókasafn bæjarins er tveimur árum eldra en bærinn sjálfur en það var stofnað sem lestrarfélag valinkunnra Kópavogsbúa þegar bærinn var enn bara hreppur. Jón úr Vör var fyrsti bæjarbókavörður en Hrafn tók við þegar Jón lét af störfum þannig að í rúm fimmtíu ár hafa aðeins tveir aðilar gegnt stöðu forstöðumanns Bókasafns Kópavogs. „Við skulum ekkert vera að rifja upp hvað ég er búinn að vera lengi í þessu starfi,“ segir Hrafn og hlær. Hann telur að lestur hafi ekki minnkað þrátt fyrir að útlán bókasafna hafi dregist saman. „Fólk les mun meira í dag en nokkurn tíma áður. Við sitjum yfir blöðum, tímaritum og vefnum og allt krefst þetta mikils lesturs. Einnig kaupir fólk sér bækur í auknum mæli í dag því það hefur meira milli handanna. Sumir vilja bara kaupa bækurnar og henda þeim svo að lestri lokum. Það kemur þó ekkert í staðinn fyrir bókina. Menn hafa verið að reyna að búa til stafræna bók en það hefur aldrei tekist. Maður getur ekki fundið hjólið upp aftur, það kemur ekkert í staðinn fyrir það,“ segir Hrafn brosandi að lokum.



Mikið af skemmtilegum munum er til sýnis í sýningarkössum bókasafnsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# KOMDU Í MAT EÐA KAFFI



MARGAR TEGUNDIR
AF SMURÐU BRAUÐI



CRÊPES MEÐ ÁLEGGI
AÐ EGIN VALI



TAPAS TILVALIÐ Á FUNDI
OG/EÐA RÁÐSTEFNUR



TERTUR, KÖKUR
OG SMÁSTYKKI



FERSKT SALAT



KAFFI OG RÚNNSTYKKI



RÉTTUR DAGSINS
FISKUR EÐA KJÖT

ADESSO smoothie
S K Y R B A R



Skyr

FERSKUR SKYRDRYKKUR

opið
virka daga 10.00-19.00 fimmtudaga 10.00-21.00
laugardaga 10.00-18.00 sunnudaga 11.30-18.00

Sími 544 2332 www.adesso.is

CAFÉADESSO
2. hæð í Smáralind v/Vetrargarðinn



ez sleep
Rúm Gott
Láttu þér líða vel
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM
Rafmagnsrúm
80x200 verð frá kr. 59.900.-
160x200 verð frá kr. 119.800.-
Comfort Latex
Hjónarúm
með heilsudýnum
160x200 verð frá kr. 49.740.-
180x200 verð frá kr. 59.740.-
Hægindastólar með bylgjunuddi
og hita fyrir mjóbak verð frá kr. 31.900.-
55 ÁRA
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 – laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

Byggingarmeistari tekur að sér uppslátt húsa. Föst tilboð. JB Bygg ehf, s. 659 8950.

**Viðhald og nýsmíði**
Tveir samhentir smiðir geta bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 898 5493 & 860 3975.

Tek að mér parketlagnir, glerísetningar ofl. Uppl. hjá Guðlaugi í s. 898 0503.

Trésmiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 895 9801.

Tek að mér alla almenna trésmíðavinnu, flísalagnir o.fl. Vönduð vinna. Sími 869 1698.

## Önnur þjónusta

Verktakar taka að sér pípulagningar. S. 691 2326 & 861 7294.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í febrúar. Edda Borg S. 896 4662.

HERBALIFE! Frábær fæðubót með líkamsrækt. Jonna 896 0935 - 562 0935. www.heilsufrettir.is/jonna

**Aukakílóin burt!**
Viltu grennast, líða betur og ná árangri ... Hanna -50, Steina -20, Kata -40, Hulda -12, Linda -10. Uppl. gefur Birna í s. 899 2118.

**Taktu þér tak!**
Með HERBALIFE nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Hrönn s: 899 4124.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Höfuðbeina - og Spjaldhryggsjöfnun.**
Nýtt 300 st. nám hefst 17 Feb. Námsefni og kennsla á ísl. Uppl. s.699 8064. www.cranio.cc

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu Skovby borðstofa úr Kirsuberjavið. Selst á hálfvirði Uppl. í s. 896 1067.

Til sölu sjónvarpsskápur og sófaborð úr hnotu. Einnig tölvuskápur úr eik. Vel meðfarið. Upplýsingar í síma 899 4624.

## Heimilistæki

Til sölu Siemens uppþvottaél 1 og 1/2 árs, v. 40 þ. og tæplega 3ja ára AEG þvottavél, verð 45 þ. S. 847 3828.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

**Rýmingarsala**
Brúðarkjólar, smókingar og kjólföt. Uppl. í síma 554 0993, http://www.brudarbaer.is.

## Dýrahald

Labrador hvolpar til sölu. Uppl. í s. 431 3008 & 895 8099 & 431 3018.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 mvehf@hive.is.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




## Hestamenskka

Ístölt útsala

Ístölt útsala. Alvöru hestavöruútsala 30-50% afsl. Ístölt Bæjarlind. S.555 1100.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 300 fm skrifstofuhúsnæði á 2 . hæð, við Malarhöfða 2. Leigist út allt í einu eða í tveimur hlutum. Uppl. í s. 565 2500.

Herb. á sv.105, búið húsgögnum, allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2, Sýn. S. 895 2138.

## Húsnæði óskast

Húsnæði óskast, einbýli, raðhús eða parhús. Uppl. í s. 893 1712.

Erum par með hund í leit að íbúð 2 til 3 herb. á höfuðborgarsvæðinu 860 3974 eftir kl. 18.

Leitum að 2-3 herb íbúð. 3 í heimili, laghentur smiður, viðskiptafræðinemi og 2 ára snáði. Reglusöm og snyrtileg. S. 693 6384/evalind5@hotmail.com. Kveðja, Eva, Henrik og Máni!

Seeking 2-3 bedroom apartment, preferably in Breiðholt/Mosfellsbær. Long term renting. Please call 865 8441 & 865 1352 after 18.00.

## Sumarbústaðir

**Sumarhús.**
Til sölu sumarhús 64 fm. + 20 fm. svefnloft við Apavatn í landi Vatnsholts í Grímsneshreppi og stendur á 5.000 fm. eignarlandi. Tilbúið í mars - apríl. Nánari upplýsingar í síma 565 2500.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn. Heimilisleg gisting á besta stað í borginni. Fáðu tilboð í gistingu til lengri eða skemmri tíma í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Óskum eftir starfsmanni**
í skyndibita eldhús, um kvöld og helgar.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is.**

**Cafe Bleu**
Óskum eftir að ráða vana þjóna í sal. Einungis gott fólk kemur til greina, góð laun í boði.
**Upplýsingar gefur Jón á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

**Hjólbarðaþjónustan Lágmúla 9.**
Óskum eftir að ráða vant fólk í hjólbarðadeildina okkar í Lágmúla 9.
**Upplýsingar í síma. 5333 999.**

**Hrafnista Reykjavík. Aðhlynning.**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir.
**Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529 og á hrafnista.is.**

**Vífilsstaðir. Garðabæ Aðhlynning.**
Okkur vantar starfsfólk í aðhlynningu á morgun-kvöld og helgarvaktir, Einnig vaktir frá kl.8-13 alla daga. Unnið skv. Time Care vaktavinnukerfinu, sveigjanlegur vinnutími.
**Uppl.gefur Ingibjörg Tómasdóttir hjúkrunarstjóri í Síma 599 7011 og 664 9560.**

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu.
**Uppl. í s. 553 8890**

**Saumastofan Saumnálin**
óskar eftir starfskrafti í hlutastarf. Sveigjanlegur vinnutími. Bjartur og skemmtilegur vinnustaður.
**Uppl. í s. 552 8514 & 899 4525 & 893 1532. Arna og Eygló.**

**Prikið auglýsir.**
Óskum eftir starfsfólki á dagvaktir sem fyrst. Vaktavinna. Góð laun í boði fyrir rétt fólk.
**Upplýsingar á mánudag og þriðjudag til kl. 18, hjá Evu lind.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Smart - Starfsmaður**
Starfsmaður óskast í helgarvinnu á Grensásveg 7. Einnig vantar starfsmann á dag og kvöldvaktir á Sólvallargötu 84. Yngri enn 19 ára koma ekki til greina. Reyklaus vinnustaður.
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# SJÓNARHORN



Börn að leik á Hauganesi við Eyjafjörð.
Fréttablaðið/Valli

## VISSIR ÞÚ

...að forveri Kínamúrsins var reistur um 200 árum fyrir Krists burð?

...að þar var að verki Qin-keisaraveldið?

...að hann var mun norðar en Kínamúrinn sem stendur í dag?

...að hann var úr þéttri drullu og grjóti?

...að hann er oft uppnefndur „lengsti grafreitur sögunnar“ vegna þess að talið er að yfir milljón manna hafi farist við að reisa vegginn?

...að lík þeirra sem dóu við smíðina voru sett inn í vegginn?

...að lítið er eftir af þessum vegg?

...að Kínamúrinn sem stendur í dag var reistur á 14. öld af Ming-keisaraveldinu?

...að Kínamúrinn er 6.352 km langur?

...að hann nær í vestri að Jiayuguanhliði, sem er heillegasta hlið Kínamúrsins?

...að Jiayuguan þýðir „Hið fyrsta og mesta hlið undir himnunum?“ Hliðið markaði inngöngu silkivegarins inn í Kína.

...að sagan segir að hönnuður hliðsins hafi gefið upp tölu múrsteina sem þyrfti í verkið? Þegar hliðinu var lokið var einn múrsteinn eftir. Hann var settur á topp hliðsins.

...að í austri endar hann í Shanhaiguan, 300 km austur af Peking? Shanhaiguan þýðir „Hlið fjalls og sjávar“.

...að Kínamúrinn sést ekki úr geimnum? Hann sést ekki frá tunglinu og í raun sést hann í mesta lagi í 300 km hæð. Það ku vera mörg önnur mannvirki sem sjást mun betur úr geimnum.

...að Kínamúrinn liggur víða undir skemmdum?

...að múrinn var gríðarlega dýr og skilaði afskaplega litlu varnarhlutverki?

...að þegar Mansjúnar réðust inn í Kína og stofnuðu Quing-keisaraveldið varð veggurinn svo gott sem úreltur?

## HVUNNDAGURINN



GUÐMUNDUR ARNARSSON RITSTJÓRI

# *Hittir gamla skólafélaga í Melabúðinni*

Guðmundur Arnarsson er ritstjóri tímaritsins Bleikt & blátt sem nú hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Hann vaknar klukkan 7 á morgnana og byrjar daginn á sturtu, morgunmat og auðvitað lýsi. „Svo rúlla ég í mikilli traffík í vinnuna þar sem mitt fyrsta verk er að opna tölvupóstinn,“ segir Guðmundur.

Þegar klukkan er orðin átján heldur Guðmundur heim á leið og tekst á við pirringinn sem fylgir því að keyra Hringbrautina á háannatíma. „Á heimleiðinni kem ég við í Melabúð og kaupi mér eitthvað gott í kvöldmatinn. Þar hitti ég reglulega gamla skólafélaga og spjalla við þá,“ segir Guðmundur.

Þegar heim er komið tekur kærastan vel á móti honum og saman elda þau kvöldmat og horfa á fréttir. „Ég opna líka tölvuna heima og undirbý næsta vinnudag en ef eitthvað krassandi er í sjónvarpinu horfi ég á það.“

Á miðnætti fer þreytan að segja til sín og Guðmundur fer í háttinn. „Svona eru dagarnir hjá mér. Eiginlega „groundhog day“ fimm daga vikunnar,“ segir Guðmundur.

GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

Meirapróf – Nýir tímar
Nýlegir kennslubílar sem uppfylla Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið hefst 15. febrúar

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.730 **+0,57%** **Fjöldi viðskipta:** 698 **Velta:** 5.560 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FL Group** | 5,24% | **Alfesca** | 1,47% |
| **Tryggingam.** | 3,98% | **Atlantic Petr.** | 1,10% |
| **Íslandsbanki** | 2,38% | **Össur** | 0,97% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 53,70 -0,60% ... Alfesca 4,01 -1,50% ... Atorka 6,20 +0,00% ... Bakkavör 51,70 -1,00% ... Dagsbrún 5,83 +1,00% ... FL Group 26,10 +5,20% ... Flaga 3,82 +0,50% ... Íslandsbanki 21,50 +2,40% ... KB banki 994,00 +0,30% ... Kögun 64,40 -0,90% ... Landsbankinn 29,10 +0,70% ... Marel 64,90 -0,20% ... Mosaic Fashions 17,90 -0,60% ... Straumur-Burðarás 20,80 +0,00% ... Össur 102,50 -1,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hagnaður Eglu 17,6 milljarðar

## Gengishagnaður það sem af er þessu ári meiri en allt árið í fyrra.

Egla hagnaðist um 17,6 milljarða króna á síðasta ári en hagnaður var 9,6 milljarðar árið áður. Langstærsta eign félagsins er um ellefu prósenta hlutur í KB banka sem hefur hækkað um þriðjung það sem af er ári. Hluturinn er bókfærður á 53,7 milljarða króna um áramót en stendur nú í 71,6 milljörðum. Hækkunin nemur átján milljörðum króna frá áramótum sem er hærri upphæð en hagnaður alls síðasta árs.

Eigið fé Eglu var um 34 milljarðar króna í árslok og eiginfjárhlutfall um 63 prósent.

Eigendur Eglu eru félögin Ker og Kjalar sem eru að mestu leyti í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa. Vogun, sem er í eigu Árna Vilhjálmssonar og Kristjáns Loftssonar, á um átta prósent í Keri.

Egla var meðal þeirra sem keyptu hlut ríkisins í Búnaðarbankanum við einkavæðingu hans og sameinaði bankann síðan Kaupþingi. Kaupverð hlutarins var 11,6 milljarðar króna.

- eþa



**ÓLAFUR ÓLAFSSON Í EGLU** Félagið hagnaðist um 17,7 milljarða á síðasta ári vegna mikillar hækkunar í KB banka.

# Skýrr kaupir í EJS

Skýrr hf. hefur skrifað undir samning um kaup 58,7 prósenta hlut í EJS hf. en kaupverðið er sagt vera trúnaðarmál.

Skýrr er dótturfélag Kögunar hf., en gera á frekari grein fyrir kaupunum í tengslum við ársuppgjör Kögunar í næstu viku.

Í tilkynningu til Kauphallar Íslands kemur fram að samningurinn sé gerður með fyrirvörum, meðal annars um hefðbundna áreiðanleikakönnun, sem gert er ráð fyrir að ljúka í byrjun mars.

Auk móðurfélagsins teljast til EJS samstæðunnar dótturfyrirtækin Eskill ehf., iSoft ehf., Símland ehf. og Hýsing ehf. Velta samstæðunnar nam í fyrra um 3,6 milljörðum króna, en hjá henni starfa um 150 starfsmenn. EJS starfar, líkt og Skýrr, á sviði upplýsingatækni.

- óká



**HREINN JAKOBSSON** Hreinn, sem er forstjóri Skýrr, segist sjá margvísleg sóknarfæri í kaupunum á EJS. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Krónuútgáfan enn í miklum blóma

Útgáfa krónubréfa eða jöklabréfa er komin yfir 200 milljarða króna eftir að Deutsche Bank gaf út ný skuldabréf fyrir tvo milljarða á föstudaginn. Krónubréf eru erlend skuldabréf í íslenskum krónum.

Greining Íslandsbanka bendir á að töluverður áhugi sé meðal evrópskra fjárfesta fyrir krónubréfum og ekkert sé því til fyrirstöðu að útgáfan verði áfram blómleg meðan mikill munur helst á innlendum og erlendum skammtímavöxtum.

Jafnframt telur bankinn að þessi mikla útgáfa setji áframhaldandi þrýsting til lækkunar á langtímavöxtum þannig að ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa haldist lægri en ella væri raunin.

- eþa

# Íslandsbanki spáir verðbólguskoti

Greining Íslandsbanka spáir mikilli hækkun verðbólgu á milli febrúar og mars eða um 0,7 prósenta hækkun á vísitölu neysluverðs. Mun verðbólga þá vera um fjögur prósent á ársgrundvelli sem er langt yfir markmiðum Seðlabankans.

Í síðasta mánuði lækkaði vísitalan óvænt meðal annars vegna áhrifa af útsölum. Útsölulok munu hins vegar hafa áhrif til hækkunar við næstu mælingu og jafnvel gæti aukin velta á fasteignamarkaði valdið verðbólgu á þar með meiri verðbólgu á næstu mánuðum.

- eþa


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

jafnrétti fyrir alla



Spornum gegn mismunun
– styðlum að þátttöku

Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis

Fundarstjóri er Þóra Arnórsdóttir, fréttakona

*Fundur á Hótel Sögu*
*föstudaginn 17. febrúar 2006*

| | |
|---|---|
| 13:00–13:10 | **Setning**<br>*Borgarstjóri* |
| 13:10–13:30 | **Inngangsávarp**<br>*Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir formaður jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar* |
| 13:30–13:50 | **Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun**<br>*Baldur Þórhallsson dósent í stjórnmálafræði* |
| 13:50–14:10 | **Skilningur á jafnréttishugtakinu**<br>*Þorgerður Þorvaldsdóttir sagn- og kynjafræðingur* |
| 14:10–14:30 | **Jafnrétti og minnihlutahópar**<br>*Rannveig Traustadóttir prófessor* |
| *14:30–15:00* | ***Kaffihlé*** |
| 15:00–15:20 | **Jafnrétti og þjónusta sveitarfélaga – er hægt að þjónusta alla jafn vel?**<br>*Óskar Dýrmundur Ólafsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar Vesturgarðs* |
| 15:20–16:10 | **Jafnrétti út frá mínum sjónarhóli**<br>*Kristín Tómasdóttir nemi, Sigursteinn R. Másson formaður Öryrkjabandalagsins, Amal Tamini fræðslufulltrúi, Viðar Eggertsson leikari* |
| 16:10–16:30 | **Umræður og fyrirspurnir** |




ALLT AÐ 75% LÁNS HLUTFALL

ATVINNUHÚSNÆÐISLÁN
Þú velur húsnæðið sem hentar þér – okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**.

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN

**P.G. WODEHOUSE (1881-1975) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Það er aðeins til ein lækning við gráu hári. Frakkar fundu hana upp og er hún kölluð fallexi.“*



*P.G. Wodehouse var breskur rithöfundur. Hvað þekktastur er hann fyrir sögur sínar af þjóninum Jeeves og grannvitra aðalsmanninum Wooster.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 14. FEBRÚAR 1989

# *Salman Rushdie dæmdur til dauða*

Á þessum degi árið 1989 hvatti leiðtogi Írans, Ayatollah Khomeini, múslima til að drepa indversk-breska rithöfundinn Salman Rushdie fyrir skrif hans í bókinni Söngvar Satans. Breska leyniþjónustan Scotland Yard brást við með því að veita Rushdie vernd.

Mótmæli brutust út um allan heim vegna Söngva Satans. Bókin var gefin út í september 1988 en þar kannaði Rushdie árekstra sem verða milli trúarlegra og veraldlegra sjónarmiða. Bókin rokseldist þrátt fyrir að hún væri bönnuð í fjölmörgum löndum.

Khomeini taldi rithöfundinn réttdræpan fyrir guðlast og voru settar háar fjárhæðir til höfuðs honum. Í níu ár lifði hann á flótta og í felum undir lögregluvernd uns bannfæringunni var aflétt í september 1998. Þá tilkynnti nýr forseti Írans, Mohammed Khatami að ríkisstjórnin myndi ekki styðja „fatwa“ eins og bannfæringin var kölluð.

Harðlínumenn halda þó enn til streitu dauðadómnum yfir Rushdie enda getur fatwa tæknilega ekki verið afturkölluð heldur rennur sitt skeið á enda þegar sá sem var bannfærður hverfur yfir móðuna miklu.



SALMAN RUSHDIE RITHÖFUNDUR

## MERKISATBURÐIR

- **1779** Enski skipstjórinn og landkönnuðurinn James Cook er drepinn á Hawaii.
- **1929** Sjö andstæðingar glæpóns Als Capone eru drepnir í bílskúr í Chicago. Atvikið hefur verið kallað Valentínusardags-blóðbaðið.
- **1942** Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, BSRB, er stofnað.
- **1969** Landsprófsnemendur fara kröfugöngu um götur Reykjavíkur til að leggja áherslu á kröfur sínar um endurskoðun skólakerfisins.
- **1994** Björk Guðmundsdóttir er valin besta alþjóðlega söngkonan og besti nýliðinn á Brit-tónlistarverðlaunahátíðinni í Bretlandi.
- **2003** Frægasta kind veraldar, hin einræktaða Dolly, er aflífuð sex ára gömul þar sem hún þjáist af lungnasjúkdómi.

---



*Faðir okkar og bróðir minn,*

**Gylfi Gíslason**

teiknari og myndlistarmaður,
Skólastræti 3b, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu miðvikudaginn 1. febrúar. Útför hans fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 15. febrúar kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Margrét Þóra Gylfadóttir**
**Kristín Edda Gylfadóttir**
**Unnur Kristbjörg Gylfadóttir**
**Freyja Gylfadóttir**
**Þorkell Snorri Gylfason**
**Kristín Eiríka Gísladóttir**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Gísla Vigfússonar**

frá Skálmarbæ.

Þakkir til starfsfólks á Klausturhólum, Kirkjubæjarklaustri. Fyrir hönd aðstandenda,

**Kolbrún Gestsdóttir**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Jóhannesson**

frá Herjólfsstöðum í Álftaveri,
Mánatúni 2, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju í dag, þriðjudag, kl. 13.00.

**Guðlaug Jóhannsdóttir**
**Sigrún Björnsdóttir**
**Þuríður Pálsdóttir Páll Kjartansson**
**Már Grétar Pálsson Sólveig Sveinsdóttir**
**barnabörn og langafastrákur.**

---



*Ástkær eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Katrín Sólveig Jónsdóttir**

lést sunnudaginn 5. febrúar á Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Hlöðver Helgason**
**Sævar Hlöðversson María Pétursdóttir**
**Hjálmar K. Hlöðversson Elínborg Pétursdóttir**
**Guðjón H. Hlöðversson Björg Ragnarsdóttir**
**Hafdís Hlöðversdóttir Sigmar Teitsson**
**Gunnar Hlöðversson Sigurlaug M. Ólafsdóttir**
**Valgerður O. Hlöðversdóttir Pétur Andrésson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**FORMAÐUR Í 27 ÁR** Jón Páll Halldórsson hefur verið í Sögufélagi Ísfirðinga frá stofnun þess árið 1953 og í stjórn frá 1960. Hann hættir nú sem formaður félagsins eftir 27 ára starf.

## JÓN PÁLL HALLDÓRSSON: HÆTTIR SEM FORMAÐUR SÖGUFÉLAGS ÍSFIRÐINGA

# Varðveitir sagnaarf Ísfirðinga

Jón Páll Halldórsson hefur verið meðlimur í Sögufélagi Ísfirðinga frá því það var stofnað í ársbyrjun árið 1953. Hann hefur setið í stjórn þess frá 1960 og sem formaður síðastliðin 27 ár. „Það var og er tilgangur félagsins að safna, varðveita og kynna hvers konar fróðleik um Ísafjarðarsýslu og -kaupstað að fornu og nýju,“ upplýsir Jón Páll en félagið hefur gefið út fjölda rita á síðustu áratugum. Saga Ísafjarðar hefur komið út í fjórum bindum og fyrir áramótin kom út fyrra bindið að sögu Bolungarvíkur. Þá hefur félagið gefið út ársrit í fimmtíu ár eða allt frá árinu 1956. „Ég hef nú fullyrt það að hvergi sé samankominn jafn mikill fróðleikur um hérað og íbúa þess eins og á þessum stað en þetta eru orðnar yfir átta þúsund lesmálssíður,“ segir Jón Páll og telur að félagið hafa staðið við þau markmið sem í upphafi voru sett.

Sögufélagið hefur ekki eingöngu safnað fróðleik heldur hefur það barist ötullega fyrir varðveislu sögulegra minja. Til að mynda átti félagið stærstan þátt í því að friðlýsa verslunarhúsin í Neðstakaupstað á Ísafirði sem eru ein helsta bæjarprýðin í dag. Jón Páll telur að aðkoma sín að varðveislu húsanna sé það sem helst standi upp úr á löngum ferli í félaginu. „Fróðleik er hægt að safna síðar en ef húsin hefðu verið rifin hefði þeim ekki verið bjargað,“ áréttir Jón Páll og segir að um miðja öldina hafi menn ekki verið með hugann við það að varðveita gömul og sögufræg hús þó allir séu opnir fyrir því í dag. Sama segir hann uppi á teningnum gagnvart bátum í dag, en félagið berst nú fyrir því að varðveita nokkra slíka. „Þegar þeir hverfa einn af öðrum átta menn sig á því að þarna eru söguleg verðmæti sem eru að glatast,“ segir Jón Páll sem starfaði í fimmtíu ár við útgerð og fiskvinnslu. „Sjávarútvegurinn stendur mér hjarta mínu nærri,“ segir Jón Páll sem ákvað nýverið að hætta sem formaður Sögufélags Ísfirðinga. „Ég er kominn á aldur og kominn tími fyrir nýja menn að taka við. Ég hef áhuga á þessum málefnum öllum og vona að mér endist líf og heilsa, og að ég fái tækifæri til þess að leggja þeim lið,“ segir Jón Páll ánægður með það sem áunnist hefur síðustu áratugi og vonar að byggt verði ofan á hið góða starf um ókomin ár.

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ingi Berg Guðmundsson**

loftskeytamaður, Völvufelli 42, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans föstudaginn 10. febrúar. Útför hans verður frá kirkju Óháða safnaðarins föstudaginn 17. febrúar kl. 14.00.

**Fanney Vigfúsdóttir**
**Auður Björg Ingadóttir Elías Jón Sveinsson**
**Jóna Rán Ingadóttir Rúnar Þór Vilhjálmsson**
**Ingi Berg Ingason Anna Lísa Hassing**
**og barnabörn.**

## ANDLÁT

**Þorgerður Sigurjónsdóttir**, Stekkjarbergi 1, Hafnarfirði (Stórabergi) lést fimmtudaginn 2. febrúar 2006 á Landspítalanum, Fossvogi. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Anna María Helgadóttir**, áður til heimilis að Hringbraut 11b, Reykjavík, lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 10. febrúar.

**Anna María Gunnarsdóttir**, Herningvej 86, Álaborg, Danmörku, lést á heimili sínu fimmtudaginn 9. febrúar.

**Erlendur Steinar Ólafsson**, Miðtúni 46, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 8. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Páll Jóhannesson** frá Herjólfsstöðum í Álftaveri, Mánatúni 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

## AFMÆLI



**Tómas Helgason** prófessor er 79 ára.



**Steinþór Sigurðsson** leikmyndahönnuður er 73 ára.



**Jóhanna Kristjónsdóttir** rithöfundur er 66 ára.



**Eyjólfur Kolbeins**, innkaupastjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur, til heimilis að Gvendargeisla 82 er 60 ára.



**Elva Dögg Melsteð** fyrsta ungfrú Ísland.is er 27 ára.




# Vertu í öruggu formi.Veldu C4.

► Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.

Sífellt fleiri Íslendingar kaupa Citroën. Í ljósi þess eykur Brimborg gæða þjónustu Citroën enn frekar: Citroën er kominn í bjartari og glæsilegri sýningarsal hinum megin götunnar. Einnig byggjum við nýtt þjónustuverkstæði og nýjan lager varahluta.

**Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 í dag. Skoðaðu Citroën í nýju ljósi.**



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- ESP stöðugleikastýring
- ASR spólvörn
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Akstur stölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

## Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.



**C2 VTS 1,6i**
125 hö. 5 gíra*
**Franskt tilboð 1.549.000 kr.**
Bílasamningur 20.575 kr.
Rekstrarleiga 27.954 kr.



**C3 SX 1,4i**
75 hö. 5 gíra*
**Franskt tilboð 1.319.000 kr.**
Bílasamningur 17.518 kr.
Rekstrarleiga 23.896 kr.



**C4 SALOON SX 1,6i**
110 hö. 5 gíra*
**Franskt tilboð 1.720.000 kr.**
Bílasamningur 22.847 kr.
Rekstrarleiga 29.973 kr.



**Xsara Picasso Exclusive 1,8i**
117 hö. 5 gíra*
**Franskt tilboð 1.859.000 kr.**
Bílasamningur 24.694 kr.
Rekstrarleiga 32.463 kr.



**C5 SX 2,0i**
143 hö. sjálfskiptur*
**Franskt tilboð 2.220.000 kr.**
Bílasamningur 29.491 kr.
Rekstrarleiga 39.258 kr.



**Berlingo Multispace 1,6 Dísil**
90 hö. 5 gíra*
**Franskt tilboð 1.649.000 kr.**
Bílasamningur 21.903 kr.
Rekstrarleiga 30.178 kr.

**Citroën flytur í nýtt húsnæði**




**Gildir aðeins til 15. febrúar!**

Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun.
Sjáðu Citroën – ekta franskan munað.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is




Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

SP-FJÁRMÖGNUN

Í tilefni nýrra heimkynna Citroën, Bíldshöfða 8, býður SP fjármögnun viðskiptavinum Brimborgar enn betri kjör á nýjum Citroën. Nýttu þér tilboðin á Citroën í dag. Veldu bílasamning og aðeins 10 prósent útborgun.



brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: álfelgur og bakkskynjari. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.










## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 8 | 2 | 3 |
| 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 2 | 1 | 9 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 |
| 7 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 4 | 1 | 8 | 7 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 4 |
| 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 | 1 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 2 | | | 6 | | | 8 |
| | 9 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| | | | | | 5 | | | |
| | | | 3 | | | 8 | | 6 |
| | | 5 | | | | 4 | | |
| 7 | | 1 | | | 4 | | | |
| | | | 9 | | | | | |
| | 5 | | | 1 | 3 | | 8 | |
| 3 | | | 8 | | | 6 | | 5 |






# STUÐ MILLI STRÍÐA Ave Satani, eða þannig sko

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** GEFUR EKKI MIKIÐ FYRIR DJÖFLADÝRKUN.



Það hafa sjálfsagt runnið í það minnsta tvær grímur á einhverja sem horfðu á fréttaskýringaþáttinn Kompás á NFS og Stöð 2 í gær. Þar komu fram skuggamyndir af íslenskum djöfladýrkendum sem sögðust með brengluðum röddum vilja stofna trúfélag satanista á Íslandi.

Það er hins vegar ekkert að óttast í þessum efnum enda eru satanistar sjálfsagt meinlausasta sértrúarlið sem sögur fara af. Djöfladýrkendur eru nefnilega upp til hópa vitleysingar sem halda að þeir verði voða töff með því að tengja sig djöflinum. Mér stendur meiri stuggur af Krossinum og Veginum en satanistum.

Það sem gerir djöfladýrkendur svo fullkomlega misheppnaða er að þeir eru í raun kristnari en páfinn í Róm. Enginn hópur er jafn þétt innrammaður í kristna kenningu en einmitt þeir sem kenna sig við þann í neðra. Tilvist þeirra grundvallast á andófi gegn kirkjunni og þess vegna gera þeir fátt annað en hvolfa krossum og blanda obláturnar sínar tíðablóði.

Grundvallarrit djöfladýrkendanna er Satansbiblían eftir Anton LaVey sem stjórnaði Satanskirkjunni í Chicago. Nú er þessi bók síður en svo galin enda grunnurinn í kenningum LaVey sá að Guð sé fjandsamlegur mannlegu eðli, ólíkt Satan, sem hann notar til að upphefja mannlegan breyskleika og veikleika holdsins. Persónulega er ég mjög hlynntur því að mannlegt eðli og þá aðallega skepnan í okkur fái að blómstra með tilheyrandi hömlulausu kynlífi, áfengisneyslu og öðrum djöfulskap sem var LaVey að skapi. Okkur líður sjálfsagt illa innst inni undir oki kristinnar siðmenningar. Djöfladýrkun er þó engin lausn enda var LaVey trúður þó það hafi verið vitglóra í skrifum hans, rétt eins og Biblían er uppspretta endalausra illvirkja þó boðskapur hennar sé góður.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott






FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

PANTAÐU Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

**! Kl. 20.00**
*Bandaríska dans- og söngvamyndin **The Gay Divorce** eftir Mark Sandrich frá árinu 1934 verður sýnd í Kvikmyndasafni Íslands. Í aðalhlutverkum eru **Ginger Rogers** og **Fred Astaire** og tónlistin er eftir **Cole Porter**.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Sauðalituð Ronja

**LEIKHÚS**

BORGARLEIKHÚSIÐ

**Ronja Ræningjadóttir**

**Höfundur:** Astrid Lindgren/Leikgerð: Annina Enckell/Tónlist og söngvar: Sebastian/Þýðing: Þorleifur Hauksson/ Þýðing söngtexta: Böðvar Guðmundsson.

**Leikarar:** Arnbjörg Hlíf Valsdóttir/Friðrik Friðriksson/Þórhallur Sigurðsson/Sóley Elíasdóttir/Eggert Þorleifsson/Halldór Gylfason/Gunnar Hansson/Björn Ingi Hilmarsson/Þór Tulinius/Kjartan Bjargmundsson/Ellert A. Ingimundarson/Hildigunnur Þráinsdóttir/Valur Freyr Einarsson/Davíð Guðbrandsson/Orri Huginn Ágústsson/Oddur Bjarni Þorkelsson/Hinrik Þór Svavarsson/Tryggvi Gunnarsson, auk barna í hlutverkum grádverga.

**Leikmynd og búningar:** Sigurjón Jóhannsson/Gervi: Sigríður Rósa Bjarnadóttir/Brúðugerð: Bernd Ogrodnik/Lýsing: Halldór Örn Óskarsson/Hreyfing og dans: Ástrós Gunnarsdóttir/Tónlistarstjóri: Karl Olgeirsson/Hljóðfæraleikur: Karl Olgeirsson og Jóel Pálsson/Hljóðmynd: Jakob Tryggvason/Leikstjórn: Sigrún Edda Björnsdóttir.

**Niðurstaða:** Uppfærsla Borgarleikhússins er nokkur vonbrigði. Það vantar eiginlega ævintýrið í hana.



**ÚR SÝNINGU BORGARLEIKHÚSSINS** Ronja Ræningjadóttir var frumsýnd um helgina með Arnbjörgu Hlíf Valsdóttur í hlutverki Ronju.

Heiðarlega ræningjadóttirin Ronja er með skemmtilegri persónum úr smiðju Astridar Lindgren. Stelputítla sem gerir uppreisn gegn gildismati og rembu pabbans sem er konungur ræningjanna í Matthíasarskógi. Hefur lært af móður sinni að það þarf styrka hönd og ákveðinn raddblæ til að stýra karlinum þeim arna. Atburðarásin hefst þar sem Ronja er komin til vits og ára og tímabært er að hún dvelji ein úti í skógi til að ná tökum á lífinu þar. Fyrir henni á jú að liggja að verða drottning ræningjanna þegar fram líða stundir.

En það fer nú svo að Ronja, sem hefur lifað ósköp vernduðu lífi í kastala föður síns, sér hlutina í öðru ljósi en hann þegar hún byrjar að horfa á þá með sínum eigin augum. Hún verður ekki síst fyrir áhrifum frá Birki, syni ræningjaforingjans Borka – sem hún má auðvitað ekki þekkja vegna þess að feður þeirra leggja staka fæð hvor á annan.

Ronja er verk sem býður upp á mikið sviðsævintýri – en það verður að segjast eins og er að uppfærsla Borgarleikhússins að þessu sinni er nokkur vonbrigði. Það vantar eiginlega ævintýrið í hana, vantar litina, vantar skóginn, vantar lífið. Alltaf verið að tala um Matthíasarskóg en hann er ekki í sýningunni, alveg á mörkunum að hann sé gefinn í skyn. Þess í stað er klunnaleg klettaborg sem snýst í sífellu á sviðinu, þótt nógu vel sé það útfært þegar kletturinn klofnar. En það er bara eitt „móment“ og varla þess virði að láta alla sýninguna markast af því leikhús-trikki. Það er lítið gaman að horfa á grátt grjót snúast endalaust á sviðinu og ræningja í íslensku sauðalitunum reyna að gera sitt besta til þess að halda athygli áhorfandans á meðan klettaborgin snýst frá einu svæði til annars. Afleiðingin er sú að sýningin verður of hæg. Hreyfingar leikaranna takmarkast svo af leikmyndinni að sýningin lifnar aldrei almennilega. Þeir þurfa að dansa og sprella á þeim punkti sem þeir standa. Útfærslan á sviðshreyfingum og dansi er býsna vel unnin – en hefði bara getað orðið svo miklu skemmtilegri ef gert hefði verið ráð fyrir plássi fyrir slíkt. Grádvergarnir voru krúttlegir og gervi þeirra sniðuglega unnið – en rassálfarnir voru frekar plastiklegir.

Hvað leikhópinn varðar þá er Arnbjörg Valsdóttir skemmtileg og sjarmerandi í hlutverki Ronju. Hún fremur nánast alla leiklistina fyrir hópinn, einkum vegna þess að persónurnar eru ekki dregnar nógu skýrum dráttum. Matthías ræningjakóngur, faðir Ronju, er leikinn af Þórhalli Sigurðssyni sem nær ekki að vinna úr þeim öfgum sem einkenna ógnvaldinn með merarhjartað. Í stað þess að vera stór í öllum tilfinningum og tjáningu verður Matthías óttalega vælulegur. Sóley Elíasdóttir gefur Lovísu, móður Ronju, myndugleika en ekkert meira. Og Birkir litli Borkason er vægast sagt karakterlaus í meðförum Friðriks Friðrikssonar, eiginlega alveg óskiljanlegt að Ronja skuli nenna að eyða púðri og sumri í helli með honum. Fyrir utan Arnbjörgu virðist Eggert Þorleifsson einn um það í sýningunni að skapa karakter í hlutverki Skalla-Péturs. Stelur senunni í hvert sinn sem hann birtist. Restin fer bara með textann sinn. **- Súsanna Svavarsdóttir**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

11 12 13 **14** 15 16 17

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir bandarísku dans- og söngvamyndina **The Gay Divorce** frá árinu 1934 með **Ginger Rogers** og **Fred Astaire** í aðalhlutverkum. Sýningar safnsins eru í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Ralph Weber** flytur erindi um „hefðbundin lög“ í Kína og þýðingu þeirra í dag á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið er í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

☐ 17.00 **Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir** hönnuður heldur fyrirlestur um verk sín í Opna Listaháskólanum í Skipholti 1.

☐ 20.00 **Þorvaldur Kristinsson** flytur erindi í Reykjavíkurakademíunni um kynhneigð, vald og fjölskyldu í fyrirlestraröð Mannfræðifélags Íslands, Ímyndir, gildi, viðhorf.

### FUNDIR

☐ 20.00 **Julie Janko** og **Barra Secka**, fulltrúar frá Rauða kross deild Gambíu fjalla um starfsumhverfi Rauða krossins/hálfmánans í Gambíu á málstofu sem félagið Afríka20:20 heldur í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu.





| Stóra svið | | Nýja svið / Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **SALKA VALKA** | | **MANNTAFL** | |
| Fi 16/2 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING! | | Mi 22/2 kl. 20 AUKASÝNING | |
| **WOYZECK** | | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** | |
| AUKASÝNINGAR | | Fi 16/2 kl. 20 UPPS. | Fö 17/2 kl. 20 UPPS. |
| Fö 17/2 kl. 20 | Lau 18/2 kl. 20 | Lau 25/2 kl. 20 UPPS. | Su 26/2 kl. 20 UPPS. |
| **KALLI Á ÞAKINU** | | **BELGÍSKA KONGÓ** | |
| AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA! | | Lau 18/2 kl. 20 UPPS. | Su 19/2 kl. 20 UPPS. |
| **CARMEN** | | Fi 23/2 kl. 20 | Fö 24/2 kl. 20 UPPS. |
| Su 19/2 kl. 20 | Lau 25/2 kl. 20 UPPS. | Lau 4/3 kl. 20 | Su 5/3 kl. 20 |
| Fö 3/3 kl. 20 | Lau 4/3 kl. 20 | Fö 10/3 kl. 20 | Su 12/3 kl. 20 |
| Lau 11/3 kl. 20 | Lau 18/3 kl. 20 | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** | |
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | | Mi 1/3 kl. 20 | Fö 17/3 kl. 20 |
| Lau 18/2 kl. 14 UPPS. | Su 19/2 kl. 14 UPPS. | **NAGLINN** | |
| Su 26/2 kl. 14 UPPS. | Su 26/2 kl. 17:30 | Su 19/2 kl. 20 UPPS. | Fö 24/2 kl. 40 |
| Lau 4/3 kl. 14 | Su 5/3 kl. 14 | Lau 25/2 kl. 20 | |
| Lau 11/3 kl. 14 | Su 12/3 kl. 14 | **HUNGUR** | |
| Lau 18/3 kl 14 | Su 19/3 kl. 14 | FORSÝNINGAR, MIÐAV. 1.200- Kr. | |
| Lau 25/3 kl. 14 | Su 26/3 kl. 14 | Í kvöld kl. 20 | Mi 15/2 kl. 20 UPPSELT |
| | | Fi 16/2 kl. 20 | Fö 17/2 kl. 17 |
| | | Lau 18/2 FRUMSÝNING UPPSELT | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

Fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 **uppselt**. **Síðustu sýningar. Aukasýning sun. 5/3 örfá sæti laus.**
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 19/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00 örfá sæti laus.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld þri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 örfá sæti laus, þri. 7/3 örfá sæti laus, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 örfá sæti laus, mið. 15/3 örfá sæti laus, lau. 18/3 kl. 17:00 örfá sæti laus.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/3 kl. 18:00 örfá sæti laus, sun. 12/3 örfá sæti laus.

KASSINN

PÉTUR GAUTUR

**Frumsýning fim. 23/2 uppselt**, sun. 26/2 örfá sæti laus, fim. 2/3 örfá sæti laus, fös. 3/3, lau. 4/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




HIMNARÍKI

Lau. 17. Feb. Örfá sæti laus
Fim. 23. Feb.
Fös. 3. Mars

eftir Jón Atla Jónasson
Sun. 19. Feb
Síðustu sýningar

*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*

EF

eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Vestmanneyjar
Þrið. 21. Feb. kl. 9, 11 og 13 Uppselt

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20- 7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20
8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15
**KYNNING FYRIR SÝNINGU**
**Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.**
**Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði. Húsið opnar kl. 19.00**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN





**ÞORVALDUR KRISTINSSON** Fyrrverandi formaður Samtakanna ´78 talar á fundi Mannfræðifélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Homminn í ættinni

Þorvaldur Kristinsson flytur í kvöld fyrirlestur um samband samkynhneigðra einstaklinga við fjölskyldur sínar. Fyrirlesturinn er fluttur á vegum Mannfræðifélags Íslands í kvöld.

Þorvaldur er MA-nemi í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands, en margir þekkja hann sem fyrrverandi formann Samtakanna ´78. Í erindi sínu ætlar hann að velta fyrir sér hvaða merkingu fjölskyldan hefur í lífi hins samkynhneigða, og spyr hvort hún efli vald hans eða veiki? Er fjölskyldan styrkur hans eða byrði? Í erindinu ræðir Þorvaldur um flókið samspil fjölskyldunnar við „hommann í ættinni“, vald fjölskyldunnar og valdstjórnartæki og viðbrögð hins samkynhneigða við uppruna sínum.

Erindið byggir á rannsókn höfundar á lífssögum nokkurra íslenskra homma á ólíkum aldri.

Erindið flytur hann í fyrirlestraröðinni Ímyndir, gildi, viðhorf, sem Mannfræðifélag Íslands hefur efnt til í Reykjavíkurakademíunni, Hringbraut 121, á fjórðu hæð. Fyrirlesturinn hefst klukkan 20.


HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA



| | | |
|---|---|---|
| fimmtudagur | 16.02 | örfá sæti laus |
| föstudagur | 17.02 | örfá sæti laus |
| laugardagur | 18.02 | örfá sæti laus |
| föstudagur | 24.02 | laus sæti |
| laugardagur | 25.02 | örfá sæti laus |
| föstudagur | 03.03 | laus sæti |
| laugardagur | 04.03 | laus sæti |

SÝNT Í IÐNÓ KL. 20
MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.






JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

BYRJAR Í KVÖLD

YFIRNÁTTÚRULEGIR ÞÆTTIR UM BRÆÐUR SEM BERJAST VIÐ ALLSKYNS ILL ÖFL Í LEIT AÐ FÖÐUR SÍNUM.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS



Spænskir dagar

á Fjalakettinum

á Uppsölum bar & bistro



Komdu inn úr kuldanum í rjúkandi heita stemmningu

Fáðu Sangria á barnum, pantaðu glóðheitan spánskan mat eldaðan af matreiðslumönnum Fjalakattarins

Leyfðu vínþjónunum að velja gott spánskt vín fyrir ykkur og njótið lífsins um leið og það er stjanað við ykkur!!!

Pantaðu borð í dag í síma 514-6060



Fjalakötturinn Aðalstræti 16

Uppsalir BAR & CAFE Aðalstræti 16

Eldhúsið opið alla daga vikunnar 11:30 til 22:00




# Afsökun fyrir væmni

Hvernig er sniðugast að heilla elskuna, eða tilvonandi elskuna á Valentínusardag án þess að vera of grófur?

**1. Kort.** Þetta er klassískt og fólki finnst yfirleitt spennandi að fá sæt eða sjóðheit skilaboð frá leyndum aðdáenda. Passaðu þig þó að vera ekki of „creepy“.

**2. Blóm.** Rauðar eða bleikar rósir sendar heim eða á vinnustað slá líka í gegn, að minnsta kosti hjá kvenpeningnum.


SEXÍ EÐA SÆT SKEYTI Í TILEFNI DAGSINS.

**3. Kampavín.** Og ekki fara að draga upp neitt freyðivínssull, hafðu það Veuve Cliquot eða einhverja sjaldgæfa tegund og árgerð.

**4. Veitingahús.** Þetta er alltaf gott kvöld til að fara út að borða, sérstaklega ef þú ert að reyna að heilla einhvern upp úr skónum. Þarf ekkert endilega að vera rándýrt og fínt.

**5. Eldaðu.** Taktu þér tíma til að búa til góðan mat. Galdraðu til dæmis fram ostrur. Einstaklega ljúffengar, kynæsandi og kynörvandi.

**6. Flugferð til Parísar.** Jú, jú, þetta er dálítið dýrt, en örugglega það rómantískasta sem þú getur gert.

**7. Nærföt.** Komdu elskhuganum á óvart með nýjum glaðningi, eða færðu ástkonu þinni eitthvað að þínu skapi.

**8. Borðið úti í náttúrunni.** Hlý föt, heimalöguð súpa á brúsa og ullarteppi. Kynlíf í 2 stiga hita er þó dauðadæmt.

**9. Komdu með morgunmat í rúmið.** Prófaðu að gera hjartalaga vöfflur með sírópi eða bara hjartalaga ristað brauð til að bræða ástina í morgunsárið

**10. Sms.** Þú ert enga stund að senda lítið, sætt eða sexí skeyti í tilefni dagsins.


ELDAÐU FYRIR ELSKUNA Í DAG.


**HMM...** Dagur hefur hingað til haft munninn fyrir neðan nefið en eitthvað vafðist honum tunga um tönn ef marka má svipbrigðin á andliti hans.
FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

# Dagur fagnar sigri

Dagur B. Eggertsson var kjörinn oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík í vel sóttu prófkjöri sem fram fór á laugardaginn og sunnudaginn. Dagur hélt smá hóf fyrir stuðningsmenn sína sem samfögnuðu lækninum unga eftir glæsta framgöngu.


**SÆTAR SAMAN** Guðrún Birna og Valgerður B. Eggertsdóttir höfðu næga ástæðu til að brosa breitt enda sigurinn í höfn.


**DYGGIR STUÐNINGSMENN** Þeir Erlendur Gunnarsson og Tómas Huldar Jónsson voru í skýjunum með úrslit prófkjörsins.


**ÁNÆGÐ MEÐ DAGSVERKIÐ** Hrannar B. Arnarsson, Kristrún Heimisdóttir og Magnús Orri Schram voru að sjálfsögðu mætt enda dyggir stuðningsmenn Dags B. Eggertssonar.


**ÞUNGAVIGTARMENN** Fjalar Sigurðsson, Jakob Frímann Magnússon og Kristján Möller voru í hrókasamræðum um úrslitin og pólitíkina.

OG 52 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR




# STAFRÆNN UPPTÖKULYKILL

## NÝR VALKOSTUR FYRIR ÞÁ SEM NÁ STAFRÆNUM ÚTSENDINGUM DIGITAL ÍSLANDS

Stafræni upptökulykillinn gerir þér kleift að taka upp og geyma uppáhalds sjónvarpsefnið þitt til að þú getir horft þegar þér hentar. Þú getur einnig gert hlé á dagskránni og framkvæmt tafarlausa afturspólun. Ef smellt er á dagskrárlið í dagskrárvísi vistast hann á 80 GB hörðum diski. Lykillinn hefur um 40 klst. upptökupláss og því ættir þú alltaf að geta séð það sem þér er að skapi í sjónvarpinu.




### UPPTAKA MEÐ EINUM SMELLI

Taktu upp dagskrána á stafræna upptökuykilinn með einum smelli - engar spólur, ekkert vesen og í stafrænum gæðum.




### HLÉ ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Þarftu að bregða þér frá í miðjum fréttatíma? Ýttu á “pásu” og haltu áfram að horfa þegar þú vilt. Þú þarft ekki að missa af sekúndu!




### TAFARLAUS AFTURSPÓLUN

Ekki missa af aðalatriðinu eða flottasta markinu í leiknum aftur, spólaðu tafarlaust til baka.

### HVAÐ KOSTAR MIG AÐ FÁ STAFRÆNAN UPPTÖKULYKIL?

Stofngjald: 7.990 kr.
Mánaðargjald: 790 kr.

Njóttu þess að horfa á dagskrána okkar - hvenær sem þér hentar. Þú færð nýjan stafrænan upptökulykil hjá verslunum Og Vodafone og þjónustufulltrúum á útsendingasvæði Digital Íslands.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN




★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| ZATHURA m/ensku tali | kl. 8 B.I. 10 ÁRA |
| FINAL DESTINATION 3 | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| CHEAPER BY TE DOZEN 2 | kl. 3.45 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| MRS. HENDERSON | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| MEMOIRS OF GEISHA | kl. 9 |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6 B.I. 14 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ZATHURA | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| FINAL DESTINATION | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 6 |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað






## Hjartans þakkir

*Ég þakka öllum sem þátt tóku í prófkjöri Samfylkingarinnar og óháðra fyrir að stilla upp sigurstranglegum og góðum lista.*

*Sérstakar þakkir til stuðningsfólks og hamingjuóskir með árangurinn.*

*Nú vinnum við saman að sigri 27. maí.*

*Björk Vilhelmsdóttir*


# Neyðin kennir...

**[ UMFJÖLLUN ]**

**KVIKMYNDIR**



**FRÚ HENDERSONS KYNNIR... (MRS. HENDERSON PRESENTS)**

LEIKSTJÓRI. STEPHEN FREARS

**AÐALHLUTVERK:** Judi Dench, Bob Hoskins, Kelly Reilly og Will Young.

**Niðurstaða:** Stórskotaliði í kvikmyndagerð bregst heldur betur bogalistin í langdreginni upphafningu á ljósbláu klámi.

Laura Henderson (Judi Dench) bindur bagga sína ekki sömu hnútum og aðrir. Henni leiðist nýtilkomið ekkjulíf sitt og finnur sér ekki fró í „hefðbundnum“ áhugamálum kvenna í sinni stétt, til dæmis útsaumi og nefndarstörfum. Hún ákveður því að kaupa Vindmylluleikhúsið í Sohohverfinu í London til að stytta sér stundir. Hún ræður reyndan mann úr leikhúsheiminum, Vivian Van Damm (Bob Hoskins) til að reka fyrirtækið. Allt gengur eins og í sögu, þar til önnur leikhús fara að apa revíurnar eftir, svo frú Henderson og herra Van Damm grípa til þess óbrigðula ráðs til að trekkja að skarann, það er að segja að láta leikkonurnar koma naktar fram. Þetta auðvitað svínvirkar, áhorfendur streyma inn og þegar loftárásir Þjóðverja á London hefjast er Vindmylluleikhúsið eina leikhúsið í hverfinu sem lokar ekki.

Það er glæsilegt lið sem kemur að Frú Henderson kynnir..., Dench og Hoskins eru auðvitað kanónur á sínu sviði og Stephen Frears hefur sýnt að honum er í lófa lagið að leikstýra búningamyndum. Myndin byrjar ágætlega enda býður Engaland millistríðsáranna hnyttninni heim, samanber ævintýri Jeeves og Woosters í þáttunum Ráð undir rifi hverju, sællar minningar.

Myndin tekur hins vegar kolldýfu þegar á líður. Samband þvergirðinganna Henderson og Van Damms er uppistaða myndarinnar, en þau ná því miður aldrei flugi og verða klisjuleg í móður- og föðurlegri umgengni við „leikkonurnar“. Dench er að vísu tilnefnd til óskarsverðlauna (að venju) fyrir rulluna, en síðan hún hreppti styttuna fyrir örstutta viðveru í Ástföngnum Shakespeare um árið er það ekki mælikvarði á leik hennar.

Þá er sú söguskoðun, sem sett er fram í myndinni sérstök, svo ekki sé fastar að orði kveðið; á meðan sprengjunum rigndi yfir borgina hélt Vindmylluleikhúsið lífinu í baráttuþreki Lundúnarbúa með ljósbláu klámi. Klámbúllur Soho-hverfisins í dag eru því eins konar bautasteinn frú Henderson. Merkileg arfleifð það.

Það má líka setja spurningarmerki við siðferðilegt inntak myndarinnar. Það er lítið sem ekkert fjallað um bakgrunn kvennanna sem koma fram í leikhúsinu, að einu atriði undanskildu þar sem ýjað er að því að neyðin reki þær til þess að koma fram naktar. Gróðafýsnin rekur Henderson og Van Damm fyrst og fremst áfram, en auk þess trúir frú Henderson að það sé heilagur réttur hvers hermanns að sjá bera konu áður en hann fer í stríð. Hvetur þá jafnvel til þess gegn þeirra eigin vilja og útskýrir í innblásinni ræðu í lokin að sonur hennar hafi fallið í fyrri heimsstyrjöld án þess að vera við konu kenndur. Á einhvern undarlegan hátt er gerð máttlaus tilraun til að ljá þessu öllu saman göfgi, til dæmis sem uppreisn gegn ríkjandi tíðaranda á Englandi sem einkenndist af tepruskap og kynferðislegri bælingu.

Þeir sem hafa gaman af búningamyndum, revíumúsík, berum konum eða Bob Hoskins á Adamsklæðunum fá kannski eitthvað fyrir sinn snúð í Frú Henderson kynnir... og stöku sinnum má brosa út í annað. Í heildina séð er sagan hins vegar losaraleg, langdregin og ófyndin.

**Bergsteinn Sigurðsson**







HÁDEGISBÍÓ

400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| NORTH COUNTRY | KL. 5:15-8-10:40 | B.I. 12 |
| BAMBI 2 | KL. 4-6 | |
| BAMBI 2 VIP | KL. 4-6 | |
| DERAILED | KL. 8-10:20 | B.I. 16 |
| DERAILED VIP | KL. 8-10:20 | |
| MUNICH | KL. 9:15 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 8 | |
| OLIVER TWIST | KL. 4-6:30 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 10:40 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| KING KONG | KL. 8 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER & ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DERAILED | KL. 8-10:10 | B.I. 16 |
| FUN WITH DICK & JANE | KL. 8 | |
| JARHEAD | KL. 10 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 6-8 | |
| DERAILED | KL. 6-8.15-10:10 | B.I. 16 |
| MUNICH | KL. 8:15-10 | B.I. 16 |
| OLIVER TWIST | KL. 5:45 | B.I. 12 |

KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| DERAILED | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 | KL. 12-2-4-6 | |
| MUNICH | KL. 6-8:15-10 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 12-3 | |
| HARRY POTTER & ELDBIKARINN | KL. 12-3 | B.I. 10 |

HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| NORTH COUNTRY | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 12 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| CACHÉ | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUD. | KL. 5:30-8-10:30 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 5:15 | B.I. 10 |
| CRASH | KL. 8-10:20 | B.I. 16 |

SAMBÍÓIN

Háskólabíó


# Styttist í tónleika The Rushes

Breska hljómsveitin The Rushes heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum á fimmtudag. Íslenski dúettinn Bluebird mun hita upp ásamt Idir, sem er nýkomin úr stuttri tónleikaferð um Bretland.

The Rushes spilaði síðast hér á landi á Iceland Airwaves í haust við góðar undirtektir. Sveitin hefur verið dugleg við tónleikahald í heimalandinu undanfarið og er með sína fyrstu breiðskífu í smíðum. Áður en hún kemur út mun EP-plata með upptökum af tónleikum sveitarinnar líta dagsins ljós. Lagið þeirra „I Swear“ er fáanlegt á safndisknum Iceland Airwaves 2005, auk þess sem hægt er að hlaða niður tveimur nýjum lögum með sveitinni á dest-iny.is.



**THE RUSHES** Breska hljómsveitin heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum á fimmtudag.

Kjallarinn opnar klukkan 21.00 á fimmtudag og tónleikarnir hefjast klukkan 22.00. Miðasala fer fram í verslunum Skífunnar og á Midi.is. Miðaverð er 1.200 krónur, auk 150 kr. miðagjalds.

# Höfundur Jaws látinn

Bandaríski rithöfundurinn Peter Benchley, sem er þekktastur fyrir bókina Jaws, er látinn 65 ára að aldri af völdum lungnasjúkdóms.

Benchley ólst upp í New York, útskrifaðist frá Harvard og vann eitt sinn sem ræðuhöfundur Bandaríkjaforsetans Lyndons B. Johnson. Hann vann einnig sem blaðamaður áður en hann gaf út Jaws 1974. Varð bókin gríðarvinsæl og hefur nú selst í 20 milljónum eintaka. Kvikmynd í leikstjórn Steven Spielbergs var gerð eftir bókinni og náði hún einnig miklum vinsældum.

Benchley hafði alla tíð mikinn áhuga á hákörlum. Fjallar Jaws einmitt um hvítan hákarl sem gerir fólki lífið leitt í bæ nokkrum við Long Island. Þrátt fyrir áhuga sinn á hákörlum sagðist Benchley aldrei hafa meiðst af völdum alvöru sjávardýrs á ævinni. „Ef þú ert varkár þarftu ekki að hafa áhyggjur af því að sjávardýr ráðist á þig,“ sagði hann eitt sinn á heimasíðu sinni.



**PETER BENCHLEY** Höfundur Jaws er látinn, 65 ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**TIMO MAAS** Plötusnúðurinn vinsæli er á leiðinni hingað til lands.

# Timo Maas til Íslands

Plötusnúðurinn vinsæli Timo Maas heldur tónleika hér á landi í annað sinn þann 24. febrúar næstkomandi. Verða tónleikarnir haldnir á Nasa.

Honum til aðstoðar verða íslenskir starfsbræður hans af betri gerðinni. Maas hélt síðast tónleika á Íslandi árið 2001 á stóru kvöldi Party Zone, sem stendur fyrir komu hans aftur núna í samvinnu við Hr. Örlyg.

Undanfarin ár hefur Maas gefið út nokkrar plötur með vinsælum lögum og er hann tvímælalaust einn sá stærsti í bransanum ásamt köppum á borð við Sasha.

# Miðasalan byrjar vel

Miðasala á tónleika Ray Davies í Háskólabíói þann 14. apríl hefur farið vel af stað. Uppselt er inn á tvö verðsvæði af fjórum.

Ray Davis kemur nú hingað til lands í fjórða sinn. Hann er þekktastur sem liðsmaður bresku hljómsveitarinnar The Kinks sem gerði garðinn frægan á sjöunda áratugnum með lögum á borð við Lola og Sunny Afternoon. Miðasala á tónleikana fer fram á concert.is og í verslunum Skífunnar og BT á Selfossi á Akureyri.



**RAY DAVIES** Fyrrverandi liðsmaður The Kinks er á leið hingað til lands í fjórða sinn.


ELÍSABET VILL BARA ÁNÆGÐA VIÐSKIPTAVINI.

ÞESS VEGNA GETUR ÞÚ HÆTT HJÁ HENNI ÞEGAR ÞÚ VILT.

HÚN ER BARA ÞANNIG SKJALDBAKA.

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.



## KR tapaði á Spáni

Teitur Þórðarson og lærisveinar hans í KR töpuðu fyrir norska úrvalsdeildarliðinu Tromsö í fyrsta leik sínum á La Manga mótinu á Spáni, 1-0. Arash Talebinjad skoraði eina mark leiksins á 58. mínútu en leikurinn var mjög jafn og hefði sigurinn geta fallið hvorum megin sem var.

# sport

sport@frettabladid.is

**LOGI GEIRSSON KOMINN Á RÓL:** SKORAÐI SIGURMARKIÐ GEGN PFULLINGEN

# *Áhorfendur kölluðu mig inn á völlinn*

Hinn litríki og skemmtilegi handknattleiksmaður Logi Geirsson er loksins byrjaður að spila á nýjan leik fyrir lið sitt Lemgo en hann hefur glímt við þrálát meiðsli síðan í maí á síðasta ári. Logi var fimmtándi maður í leikmannahópi Lemgo gegn Pfullinegn um helgina og sat því upp í stúku en þó í búningi. Fjórtán leikmenn mega vera á skýrslu hverju sinni og leyfilegt er að halda einu sæti opnu fram í leikinn. Það nýtti þjálfari Lemgo sér að þessu sinni og kallaði ekki fjórtánda manninn inn fyrr en rúmlega 4000 áhorfendur settu pressu á hann.

„Við vorum að tapa leiknum og alltaf skrefi á eftir Pfullingen. Áhorfendur byrjuðu svo allt í einu að kalla nafnið mitt og þjálfarinn kallaði þá á mig. Hann setti mig síðan inn á og má því segja að áhorfendur hafi kallað mig inn á völlinn. Þetta var eiginlega alveg fáranlegt en stórkostleg upplifun engu að síður," sagði Logi kátur en hann stóð vel fyrir sínu og skoraði tvö mörk. Síðara markið var það mikilvægasta í leiknum enda sjálft sigurmarkið. „Ég skoraði sigurmarkið þegar einhverjar átta sekúndur voru eftir. Hendin var komin á loft hjá dómaranum og lítið annað að gera en að lyfta sér upp. Það var ekki leiðinlegt að sjá boltann í netinu og ég er klárlega kátasti maðurinn í Lemgo í dag."



Logi hefur verið einstaklega óheppinn með meiðsli frá því hann gekk í raðir Lemgo og þar af leiðandi skiptir það hann miklu að hafa fengið slíka draumabyrjun í endurkomu sinni í liðið.

„Þetta er búið að vera erfitt lengi og það er gaman að uppskera núna eftir allt erfiðið. Nú verður maður að bæta í og leggja enn harðar að sér. Það er nóg eftir af tímabilinu og ég ætla að byggja mig upp og komast líka aftur í landsliðið fyrir Svíaleikina mikilvægu," sagði Logi bjartsýnn en Lemgo er enn með í Evrópukeppninni og það er síðasti möguleiki liðsins á titli í vetur þar sem liðið er úr leik í þýska bikarnum og nokkuð á eftir toppliðinu í deildinni.

## > Einar byrjaður að æfa

Landsliðsmaðurinn Einar Hólmgeirsson mætti á sína fyrstu æfingu hjá Grosswallstad í Þýskalandi í gærmorgun eftir að hafa fengið þungt höfuðhögg í leik Íslands og Rússlands á EM í Sviss. Einar rotaðist og hlaut heilahristing og hefur verið í hvíld allt frá því að hann kom heim frá Sviss. Einar sagði við Fréttablaðið í gær að hann væri með höfuðverk eftir æfinguna og svo gæti farið að hann myndi hvíla í einhvern tíma til viðótar. „Ég var nú bara meira að prófa að æfa en ég er ekki alltof góður eftir þetta. En það liggur ekkert á og ég mun ekki byrja að æfa á fullu fyrr en ég er orðinn 100% góður," sagði Einar og bætti því við að kúlan sem hann hlaut við höfuðhöggið sé nánast horfin.





**SIGURKARFAN** Dwayne Wade tryggir Miami sigurinn með því að skora yfir Tayshaun Prince hjá Detroit. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Toppslagur í NBA:

## Wade var stórkostlegur

**KÖRFUBOLTI** Dwayne Wade skoraði 17 síðustu stig Miami gegn Detroit í NBA-deildinni í fyrrinótt og þar af sigurkörfu leiksins þegar tvær sekúndur voru eftir. Topplið deildarinnar, Detroit, hafði verið með undirtökin allan leikinn og náði m.a. sjö stiga forystu þegar fjórar mínútur voru til leiksloka. En þá tók Wade til sinna ráða, setti upp sýningu á lokakaflanum og tryggði Miami 100-98 sigur.

„Hann gerði út af við okkur," sagði Flip Sanders, þjálfari Detroit, um Wade í leikslok en bakvörðurinn magnaði skoraði 37 stig í leiknum, þar af 29 í síðari hálfleik. Shaquille O´Neill skoraði 31 stig en hjá Detroit var Chauncey Billups stigahæstur með 29 stig og gaf auk þess 10 stoðsendingar. - vig

Frank Rijkaard, stjóri Barcelona:

## Mun hringja í McLaren

**FÓTBOLTI** Frank Rijkaard, knattspyrnustjóri Barcelona á Spáni, ætlar að koma sér í samband við Steve McLaren, stjóra Middlesbrough, og fá upplýsingar um hvernig best sé að vinna Chelsea. Eins og kunnugt er völtuðu lærisveinar McLaren yfir meistaralið Chelsea, 3-0, um helgina en Chelsea og Barcelona mætast í fyrri leik sínum í 16-liða úrslitum meistaradeildarinnar í næstu viku.

„Ég ætla að hringja í hann," sagði Rikjaard við spænska fjölmiðla í fyrradag og brosti. „Chelsea mun líta á þetta tap sem viðvörun og ég á ekki von á því að þeir muni spila svona illa aftur í bráð," bætti sá hollenski við. - vig

# Risasamningur við FIBA

**Sideline Sports, sem er í eigu Íslendinga og rekið af Íslendingum, hefur gert risasamning við alþjóða körfuknattleikssambandið, FIBA, og þjálfunarforrit fyrirtækisins verður opinbert þjálfunartæki sambandsins um allan heim.**

**KÖRFUBOLTI** Brynjar Karl Sigurðsson vakti strax athygli þegar hann kom fram á sjónarsviðið með fyrirtæki sitt Sideline Sports fyrir fjórum árum. Aðalvara fyrirtækisins er leikgreiningarforrit sem getur greint íþróttaleiki í öreindir sem og æfingar. Fjölmargir þjálfarar um allan heim nota forritið til að greina leik andstæðinga sinna sem og hafa yfirsýn yfir æfingar sína og fleira, en forritið er gríðarlega víðfeðmt og nýtist þjálfurum á margvíslegan hátt. Forritið er nú þegar notað af þjálfurum í NBA-deildinni sem og í bandaríska háskólaboltanum.

Viðurkenningin sem forritið og fyrirtækið fær með þessum samningi við FIBA er gríðarleg enda munu þjálfarar í öllum 212 sambandslöndum FIBA fá forritið og það er um leið viðurkennt sem aðalþjálfunartæki þjálfara sem eru innan FIBA.

„Við erum komnir á kaf inn í fræðsluhlutann hjá FIBA með þessu og þetta er algjör risasamningur. Við erum að hafa áhrif á hvernig körfuboltinn er þjálfaður út um allan heim. FIBA er í raun að segja við þjálfara heimsins að þessi búnaður nægi til að fullnægja þörfum þjálfarans. Svo verður forritið notað í að greina leiki á ólympíuleikum og heimsmeistaramótum sem er alveg magnað," sagði Brynjar Karl, eigandi fyrirtækisins, og mátti greina að hann var enn hátt uppi yfir þessum miklu tíðindum en samningurinn er til ársins 2012.



**BRYNJAR KARL SIGURÐSSON** Segir að fyrirtæki sitt, Sideline Sports, komist ekki mikið hærra enda sé samningur fyrirtækisins við FIBA risavaxin.

„Forritinu okkar verður dreift í hundruða þúsunda tali. Allir landsliðsþjálfarar í löndunum 212 munu fá hugbúnaðarpakka frá okkur og þar að auki ætlar FIBA að koma öllum sínum þjálfunarupplýsingum fyrir í forritinu," sagði Brynjar Karl, en þeir sem hrífast af forritinu geta síðan fengið stærri og betri hugbúnaðarakka gegn greiðslu og þar liggur einna helst gróðavonin fyrir fyrirtækið, en auglýsingagildið í samningum fyrir Sideline Sports verður seint metið til fjár.

„Við förum ekki mikið hærra en þetta og fyrir mig sem körfuboltaþjálfara er þetta einstakt. Það er trúnaðarmál hversu miklar peningafjárhæðir liggja að baki samningnum en þessi samningur gæti vel skilað okkur töluverðum upphæðum síðar. Ég er ekki orðinn milljónamæringur en ef við höldum áfram að selja fullt af hugbúnaði í kjölfarið er aldrei að vita hvað gerist," sagði Brynjar Karl og hló dátt. henry@frettabladid.is

Markmannamál Everton:

## Þórður fer ekki á bekkinn

**FÓTBOLTI** Nú er allt útlit fyrir að Þórður Ingason, hinn 17 ára gamall markvörður úr Fjölni, fái ekki tækifæri lífs síns með því að vera varamarkvörður Everton í næsta leik liðsins gegn Newcastle í ensku úrvalsdeildinni. Everton er í miklum markmannavandræðum þessa dagana en nú hefur félagið fengið undanþágu frá forráðamönnum úrvalsdeildarinnar til að fá til sín markvörð en eins og flestir vita er félagsskiptaglugginn í Englandi lokaður fram á sumar.

Þórður var nýlega lánaður til Everton og verður út tímabilið. Til stóð að hann myndi spila með unglinga- og varaliði félagsins en eins og staðan er í dag hefði hann líklega verið á bekknum hjá aðalliðinu um næstu helgi, þar sem þrír fyrstu markmenn liðsins eru ýmist meiddir eða í banni. Hinn ungi John Ruddy var því orðinn markvörður númer eitt og Þórður sá næsti. - vig

West Ham á siglingu:

## Fimm í röð

**FÓTBOLTI** West Ham hélt sigurgöngu sinni í ensku úrvalsdeildinni áfram í gærkvöldi með góðum sigri á hrjáðu liði Birmingham, 3-0. West Ham var mun sterkari aðilinn í leiknum og hefði getað unnið með meiri marka mun, en þetta var fimmti sigurleikur liðsins í röð í úrvalsdeildinni. Evrópudraumur liðsins lifir því enn góðu lífi en með sigrinum komst West Ham yfir Bolton í 6. sæti deildarinnar.

Marlon Harewodd skoraði fyrstu tvö mörkin fyrir West Ham í gær en Dean Ashton skoraði það þriðja. - vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

11 12 13 **14** 15 16 17

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 18.30 **Mótorsport** á Sýn.
- 19.00 **Skoski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Celtic** og **Rangers**.
- 20.40 **Meistaradeildin** á Sýn. Útsending frá leik **Chelsea** og **Barcelona** frá því á síðustu leiktíð.
- 23.20 **Ensku mörkin** á Sýn. Mörkin úr ensku 1. deildinni.

# *Yfirlýsing frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands*

Á ársþingi KSÍ síðastliðinn laugardag, lét formaður sambandsins þau orð falla að KSÍ nyti engan veginn réttlætis þegar verið væri að greiða út sameiginlega fjármuni íþróttahreyfingarinnar og að með fjármunina væri farið sem útspil í íþróttapólitík og að verið væri að refsa KSÍ fyrir góðan rekstur á meðan skussarnir í íþróttahreyfingunni væru verðlaunaðir. Í tilefni þessara ummæla formanns KSÍ vill Íþrótta- og ólympíusamband Íslands taka eftirfarandi fram:

Fullyrðingar formanns KSÍ um að sambandið njóti ekki réttlætis þegar greiddir eru út sameiginlegir styrkir íþróttahreyfingarinnar, eru byggðar á misskilningi. Í föstum úthlutunum ÍSÍ til sérsambanda hlýtur KSÍ hæstu styrkina á hverju ári, þ.e. bæði styrki vegna lottós frá ÍSÍ og útbreiðslustyrk ÍSÍ. Báðir þessir styrkir miðast við umfang og stærð sérsambanda.

Hvað varðar styrki til norræna verkefna þá hefur KSÍ einnig hlotið hæstu styrki sérsambanda á þeim vettvangi.

KSÍ hefur sömuleiðis fengið styrki úr afrekssjóði ÍSÍ en afrekssjóður vinnur eftir starfsreglum sem miða við stöðu viðkomandi íþrótta á heimslistum viðkomandi íþróttagreinar. Úr afrekssjóði ÍSÍ hefur KSÍ fengið myndarlega styrki vegna kvennalandsliðs KSÍ, vegna stöðu liðsins á styrkleikalista FIFA. Karlalandsliðið hefur hins vegar ekki fengið styrki vegna stöðu sinnar á sama lista. Þá hefur KSÍ einnig hlotið styrki vegna yngri landsliða sinna úr sjóði ungra og efnilegra.

Hvað varðar fyrstu úthlutun sérstakra styrkja Alþingis, fyrir atbeina menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, til sérsambanda, þá ber að hafa í huga að grundvallarforsenda fyrir styrkveitingunum var að styrkja sérsamböndin til að geta haldið úti einum starfsmanni á skrifstofu, en fjölmörg sérsambönd ÍSÍ hafa ekki haft bolmagn til að standa undir starfsmannakostnaði. Þar að auki:

Í fyrsta lagi var styrkur Alþingis lægri en menn höfðu lagt upp með í upphafi. Í öðru lagi að Knattspyrnusamband Íslands hefur sem sérsamband ÍSÍ fengið sérstaka styrki á fjárlögum undanfarin ár, beinlínis til að byggja upp viðkomandi íþrótt á landsvísu. Hér er átt við 30 milljóna króna árlegt framlag Alþingis til KSÍ vegna hins öfluga og góða útbreiðsluátaks KSÍ um gerð sparkvalla um land allt. Í þriðja lagi hefur KSÍ nýlega undirritað samning við menntamálaráðherra um 200 milljóna króna framlag ríkisins til KSÍ vegna uppbyggingar þjóðarleikvangs.

ÍSÍ og íþróttahreyfingin fagnar öllum þessum fjárveitingum sem KSÍ hefur fengið frá ríkinu en þær sýna jafnframt sérstöðu sambandsins umfram önnur sérsambönd ÍSÍ. Í fjórða lagi hefur rekstur KSÍ verið afar blómlegur og öflugur af hálfu sambandsins og því ber að fagna. Í ljósi rekstrarárangurs KSÍ eru 2-3 milljónir króna ekki sú upphæð sem ræður úrslitum.

Með vísan til alls þessa voru hugmyndir ÍSÍ um skiptingu þessarar fyrstu úthlutunar kynntar á formannafundi ÍSÍ í nóvember sl. Fulltrúi KSÍ á þeim fundi gerði ekki athugasemdir við hugmyndafræði skiptingarinnar. Í samræmi við þá hugmyndafræði sem kynnt var á formannafundinum lagði fjármálaráð ÍSÍ fram tillögur um skiptingu á milli sérsambanda sem gerði ráð fyrir því að KSÍ fengi ekki úthlutun í þetta skipti.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands vísar því á bug að þessi fyrsta úthlutun af framlagi Alþingis hafi verið notuð sem útspil í íþróttapólitík. Ummæli formanns KSÍ í garð annarra sérsambanda ÍSÍ eru ómakleg og óverðskulduð. Öll hin 24 sérsambönd ÍSÍ eru skipuð miklum fjölda sjálfboðaliða sem vinna jafn göfugt og merkilegt starf eins og Knattspyrnusamband Íslands vinnur. Knattspyrnusamband Íslands er stærsta og öflugasta sérsamband ÍSÍ og er það von og vissa forystu ÍSÍ að starfsemi sambandsins muni halda áfram að eflast og dafna á komandi árum.

*Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, og Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, skrifa undir yfirlýsinguna*




Fíton/SÍA



**ALLT FYRIR HEILSUNA**

**ALLT** er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. Ef þú ert að breyta um lífsstíl er gott að hafa **ALLT** við höndina því þar finnur þú **ALLT** sem þú þarft til að öðlast hraustan líkama og heilbrigt útlit. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**

vísir

**NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT**

allt

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„No, it is not dangerous to confuse children with angels.“**

**Svar:** Spurningastrákurinn Donnie Smith úr kvikmyndinni Magnolia frá árinu 1999.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON **FINNST EKKI MIKIÐ TIL IDOLS-INS KOMA**

## *Fyrirsjáanleg söngvarakeppni*

Þegar maður kemst á fast, eins og sagt er, er skemmtanalíf Reykjavíkur ekki jafn heillandi og áður. Ég kann betur við mig núna fyrir framan sjónvarpið með heimabakaða súkkulaðiköku og vanilluís í amerískusófanum hennar ömmu heldur en að hanga draugfullur á einhverri knæpu. Á föstudaginn prófaði ég svo að lifa vísitölufjölskyldulífi; settist í hinn goðsagnakennda sófa með borgara frá Búllunni og gerði mig kláran fyrir Idol-keppni Stöðvar 2.

Keppnin í ár hefur verið með daufara móti. Held að hún hafi toppað í fyrra þegar fjölmargar skemmtilegar persónur spruttu fram á sjónvarpssviðið. Þær hafa allar, þó misgott sé, lagt eitthvað fram til skemmtanaiðnarins. Nú hafa örfáir þann sjarma sem þarf til að hrífa fólk með.

Ég hafði reynt að horfa á Idol-ið í tvígang en í bæði skiptin orðið fyrir vonbrigðum og verið nákvæmlega sama hver yrði sendur á brott. Föstudagurinn var engin undantekning. Andleysið algjört, lögin leiðinleg og útsendingin fyrirsjáanleg. Tökuvélinni snúið í kringum keppandann sem horfði beint í hana með þá von í brjósti að áhorfendur heima í stofu myndu heillast. Get samt ekki annað en tekið hattinn ofan fyrir þessu fólki sem stendur á sviðinu, algjörlega óreynt, en reynir að syngja sig inn í hjörtu landans. Aldrei myndi ég þora þessu ódrukkinn.

Ég hefði samt sem áður kannski betur pússað ballskóna og boðið stúlkunni minni upp í dans á einhverjum af börum borgarinnar umkringdur af skemmtanafíklum og gleðipinnum. Í það minnsta hefði eitthvað óvænt gerst en því er ekki að heilsa í Idol-keppni Stöðvar 2.



**IDOL-KYNNARNIR** Það er helst að þeir Jói og Simmi bjóði upp á eitthvað skemmtilegt í útsendingunni úr Vetragarðinum.



▶ **21.10** *Íþróttir*

VETRARÓLYMPÍULEIKARNIR Í TÓRÍNÓ



▶ **21.35** *Spenna*

PRISON BREAK



▶ **21.30** *Spenna*

REUNION



▶ **22.00** *Drama*

CLOSE TO HOME



▶ **18.30** *Íþróttir*

MÓTORSPORT 2005

### SJÓNVARPIÐ

**8.50** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **11.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **11.50** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

**12.25** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **14.30** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **16.50** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Gló magnaða (38:52) **18.25** Tommi togvagn (16:26)

**18.30 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Fyrri samantekt dagsins.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Söngvakeppni Sjónvarpsins** Kynnt verða þrjú laganna fjórtán sem keppa til úrslita á laugardagskvöld.
**20.25 Veronica Mars (20:22)**
▶ **21.10 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Listhlaup á skautum, parakeppni, frjálsar æfingar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin (7:10)** (Spooks) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **23.50** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Veggfóður **13.45** The Guardian **14.30** Extreme Makeover – Home Edition **15.15** LAX **16.00** Töframaðurinn **16.20** Shin Chan **16.45** He Man **17.05** Töfrastígvélin **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (26:31)**
**20.50 Numbers (12:13)** (Tölur) Bönnuð börnum.
▶ **21.35 Prison Break (3:22)** (Bak við lás og slá)(Cell Test) Michael verður fyrir vonbrigðum þegar klefafélagi hans ákveður að taka ekki þátt í flóttatilraun og óskar eftir því að fá að skipta um klefa. Bönnuð börnum.
**22.20 20/20 – First Deadly Sin** (20/20 – Dauðasyndin fyrsta) Bandarískur fréttaskýringaþáttur um fyrstu dauðasyndina: hégómann. Svo virðist sem útlitið skipti okkur æ meira máli og má merkja það á vaxandi fegurðardýrkun.

**23.05** Twenty Four **23.50** Inspector Lynley Mysteries (B. börnum) **0.35** Nip/Tuck **1.25** The Ring (Str. b. börnum) **3.15** Bandits (B. börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (5:24) (e)**
**20.00 Friends 6 (24:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006**
**21.00 American Dad (12:13)**
▶ **21.30 Reunion (5:13)** (1990) Spennuþættir sem fjalla um sex ungmenni og 20 ár í lífi þeirra.
**22.20 Supernatural (1:22)** (Pilot) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn.

**23.05** Laguna Beach (9:17) **23.30** Party 101 (e) **0.00** Friends 6 (24:24) (e) **0.25** Idol extra 2005/2006 (e)

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers – 10. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House**
**21.00 Innlit / útlit** Í vetur eru Þórunn Högnadóttir, Arnar Gauti Sverrisson og Nadia Katrín Banine sem hafa umsjón með þættinum.
▶ **22.00 Close to Home** Annabeth Chase er ungur saksóknari, sem nýtur mikillar velgengni í starfi og snýr aftur til starfa eftir barneignarfrí. Vinnan tekur oft á, og Annabeth verður fyrir mótlæti hjá yfirmönnum sínum, en eiginmaður hennar, Jack, er alltaf til staðar fyrir hana þegar illa gengur.
**22.50 Sex and the City** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd.

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Panama (e) **1.00** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Mótorsport 2005** (Mótorsport 2005) Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.
**19.00 Enski boltinn** (Glasgow Rangers – Glasgow Celtic) Endursýndur leikur frá sunnudegi þar sem risarnir í skoska boltanum mættust.
**20.40 UEFA Champions League** (Chelsea – Barcelona) Chelsea fengu Barcelona í heimsókn í síðari leik liðanna 16 liða úrslitum keppninnar í fyrra en fyrri leiknum hafði lokið með 2-1 sigri Barcelona.
▶ **22.25 World Supercross GP 2005-06** (Angel Stadium Of Anaheim)

**23.20** Ensku mörkin **23.50** World Poker

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.15** Sinbad: Legend of the Seven S **8.00** I Capture the Castle **10.00** Drumline **12.00** How to Lose a Guy in 10 Days **14.00** Sinbad: Legend of the Seven S **16.00** I Capture the Castle **18.00** Drumline **20.00 How to Lose a Guy in 10 Days** (Losnað við gæja á 10 dögum) **22.00 Life or Something Like It** (Svona er lífið) Blaðakonan Lanie Kerrigan sinnir hefðbundnu verkefni þegar veröld hennar tekur nýjan stefnu. **0.00** Wakin' Up in Reno (Bönnuð börnum) **2.00** Deeply (Bönnuð börnum) **4.00** Life or Something Like It

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! Entertainment Specials **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Mariah Carey Uncut **15.00** Awards Fashion Police **16.00** 50 Cutest Child Stars **18.00** E! Entertainment Specials **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Man. City – Charlton frá 12.02 **16.00** Sunderland – Tottenham frá 12.02 **18.00** Þrumuskot (e)

**18.50 Að leikslokum (e)**
**19.50 Liverpool – Arsenal (b)**
**22.00 Middlesbrough – Chelsea frá 11.02**

**0.00** West Ham – Birmingham frá 13.02 **2.00** Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

MISSTU EKKI AF BESTA
ÞÆTTI ÁRSINS 2005

Prison Break í kvöld kl. 21:35



GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Supernatural** Sirkus, kl. **22.20**

### *Nýr þáttur um yfirnáttúrulega hluti*



***Bræðurnir Sam og Dean reyna að vinna bug á ýmsum illum öflum.***

Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður sínum að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn. Á meðan Sam og Dean elta vísbendingar sem þeir hafa fundið lenda þeir í alls kyns illum öflum sem þeir eru staðráðnir í að stöðva. Í þættinum í kvöld er Sam við það að útskrifast úr framhaldsskóla. Bróðir hans Dean, sem Sam hefur ekki séð síðan hann byrjaði í skólanum, birtist um miðja nótt og segir honum að faðirinn hafi týnst í veiðiferð. Sam fer ásamt bróður sínum að leita hans í bænum Jaricho, þar sem ókvæntir menn hverfa og hvergi finnast vísbendingar um hvar þá er að finna.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hve glöð er vor æska **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.40** Tímans nýu bendíngarî **21.25** Er ofbeldi fyndið? **22.15** Lestur Passíusálma **22.23** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10**
*Fréttir*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og þau krufin til mergjar.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy **14.00** Olympic Games: Olympic News Flash **14.05** Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **15.00** Luge: Winter Olympic Games Torino Italy **16.00** Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **16.45** All Sports: Daring Girls **17.00** Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **18.00** Luge: Winter Olympic Games Torino Italy **18.25** Olympic Games: Olympic News Flash **18.30** Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **19.30** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **22.15** Olympic Games: Olympic Extra **23.15** All Sports: Daring Girls **23.30** Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy **0.30** Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy

**BBC PRIME**

**12.00** The Brittas Empire **12.30** Last of the Summer Wine **13.00** Down to Earth **14.00** Balamory **14.20** Teletubbies **14.45** Tweenies **15.05** Binka **15.15** Fimbles **15.35** Jeopardy **16.00** Changing Rooms **16.30** Bargain Hunt **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Ray Mears' Extreme Survival **20.00** Boss Women **20.40** Days that Shook the World **21.30** The Vicar of Dibley **22.00** The Human Mind **23.00** Holby City **0.00** Samuel Beckett: As the Story Was Told **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Rough Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** D-Day **13.00** The Ultimate Crocodile **14.00** Megastructures **15.00** Seconds From Disaster **16.00** Air Crash Investigation **17.00** D-Day **18.00** Battlefront **18.30** Battlefront **19.00** Pests from Hell **20.00** Megastructures **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Eruption At Pinatubo **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** RSPCA – Have You Got What it Takes? **13.30** Wildlife SOS **14.00** Equator **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Aussie Animal Rescue **18.30** Monkey Business **19.00** Wild South America **20.00** Maneaters **20.30** Predator's Prey **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Animal Precinct **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Maneaters **1.30** Predator's Prey **2.00** Wild South America

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 All Access **20.00** VH1's Viewers Jukebox **21.00** The Osbournes **21.30** Battle for Ozzfest **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of... **0.30** VH1 Hits






## HRÓSIÐ

*...fær Berglind Gestsdóttir sem hefur opnað sérstaka skóverslun á Rauðarárstígnum en hönnuðir skónna, Angela Spieth og Michael Oehler, eru á móti fjöldaframleiðslu og því eru skórnir framleiddir í litlum verksmiðjum í Austur-Berlín.*

## FJÓRIR SPURÐIR DAGUR ELSKENDA ER Í DAG OG LEGGST MISVEL Í FÓLK

# Heldur þú Valentínusardaginn hátíðlegan?



**Hörður Torfason tónlistarmaður**

„Nei, þetta er seinni tíma siður sem er að ryðja sér til rúms. Það er samt alltaf gaman að halda upp á eitthvað og þetta er ástardagurinn en maður þarf nú engan sérstakan dag til þess. Það er skemmtilegast að lifa lífinu í sífellu með óvæntum uppákomum í gegnum tíð og tíma.“



**Simmi í Idol**

„Nei, ég geri það ekki. Ég er ekki hrifinn af því að ég þurfi að vera rómantískur á einhverjum virkum degi. Mér finnst það ekki ekta. Ég er gamaldags Íslendingur að þessu leyti.“



**Brynja Björk Garðarsdóttir, sjónvarpsstjarna á Sirkus:**

„Ég held Valentínusardaginn yfirleitt hátíðlegan, mér finnst þetta krúttlegur dagur. Það er alltaf gaman að fara út að borða með góðum vini og hafa það notalegt, en mér virðist nefnilega að fólk sé að misskilja pínulítið þennan dag, þetta er alls ekki bara fyrir pör.“



**Krista Mahr, ritstjóri Iceland Review og Atlantica (frá Kaliforníu):**

„Pabbi var ávallt mjög skyldurækinn þegar kom að því að færa okkur mömmu og ömmu súkkulaði og blóm á Valentínusardag. Sjálf hélt ég daginn hátíðlegan meðan ég bjó í foreldrahúsum. Í dag finnst mér dagurinn tilvalinn fyrir aðra að gera sér glaðan dag, þótt það hvarfli ekki að mér persónulega. Ég er svo einstaklega órómantísk.“

**LÁRÉTT**
**2** eiturlyf **6** í röð **8** skref **9** jurt **11** eldsneyti **12** þrábeiðni **14** smápeningar **16** 2 eins **17** árkvíslir **18** drulla **20** tveir eins **21** fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
**1** ósaði **3** frá **4** hljóðfæri **5** arinn **7** aðgætinn **10** efni **13** hrökk við **15** svall **16** kóf **19** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** hass, **6** aá, **8** fet, **9** urt, **11** mó, **12** kvabb, **14** aurar, **16** kk, **17** ála, **18** aur, **20** ll, **21** fróa. **LÓÐRÉTT: 1** rauk, **3** af, **4** semball, **5** stó, **7** árvakur, **10** tau, **13** brá, **15** rall, **16** kaf, **19** ró.


MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




**MEZZOFORTE** Hljómsveitin Mezzoforte er að öllum líkindum á leið til Indónesíu til að spila á djasshátíð. Guðmundur Pétursson, næstlengst til hægri, verður ekki með sveitinni í þetta skiptið.

DJASSHÁTÍÐ Í INDÓNESÍU: ÓVÍST MEÐ ÞÁTTTÖKU MEZZOFORTE

# Danskur nýliði í hættu

Óvíst er hvort hljómsveitin Mezzoforte muni koma fram á alþjóðlegu Java-djasstónlistarhátíðinni í Jakarta í Indónesíu í byrjun mars vegna þess að einn af liðsmönnum hennar er danskur ríkisborgari.

Trompet- og ásláttarleikarinn Thomas Dyani býr í London og er hálfur Afríkumaður en er jafnframt með danskt vegabréf. Allir Danir í Indónesíu hafa verið hvattir til að yfirgefa landið vegna hinna umdeildu teikninga af Múhameð spámanni sem voru birtar í dönsku dagblaði fyrir nokkrum mánuðum. Teljast þeir vera í lífshættu vegna teikninganna og því er för Mezzoforte á hátíðina, sem verður haldin 3. til 5. mars, í nokkurri hættu.

„Við ætlum að sjá hvernig þetta þróast. Eins og staðan er núna reiknum við ennþá með því að fara en staðan getur breyst,“ segir Eyþór Gunnarsson, einn af fjórum íslenskum meðlimum Mezzoforte sem ætla út. Hinir eru Gunnlaugur Briem trommari, bassaleikarinn Jóhann Ásmundsson og saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson sem hefur spilað töluvert með sveitinni á tónleikum. Auk þeirra ætla til Indónesíu tveir aðrir erlendir nýliðar; gítarleikarinn Bruno Mueller og Sebastian Studnitzky sem spilar á hljómborð og trompet.

Eyþór segir það hugsanlegt að Mezzoforte muni fara út án Thomasar en það eigi allt eftir að koma í ljós. „Við ætlum að fara með stórt band og gera þetta veglega og sjá síðan til. Þegar maður spilar á svona festivölum eru alltaf njósnarar frá öðrum festivölum þannig að við ætlum að tjalda öllu því sem við eigum til,“ segir hann. Auk Mezzoforte spila þekkt nöfn á borð við Kool and the Gang og Brand New Heavies á hátíðinni.

„Við ætlum alla vega að fljúga útlendingunum heim þann 23. þessa mánaðar og byrja að æfa,“ svarar hann er hann er spurður hverjar líkurnar séu á Indónesíuförinni. „Indónesía er samt ein af aðalbækistöðvum Al-Kaída þannig að maður veit ekki hvað verður,“ bætir hann við. „Þegar allir Danirnir eru farnir þá er spurningin hvort þeir ráðist bara ekki á nágrannana.“

Mezzoforte hefur þrisvar sinnum spilað á annarri djasshátíð í Indónesíu áður, árin 1993, 1994, og ´97. Einnig var sveitinni boðið á hátíðina árið 1999 en þá var hátíðin blásin af vegna óeirða í landinu. Segir Eyþór að í þau skipti sem Mezzoforte hafi farið til Indónesíu hafi dvölin verið mjög ánægjuleg og allt verið til mikillar fyrirmyndar þar.

Mezzoforte er með ýmislegt fleira í bígerð. Eru tónleikar meðal annars fyrirhugaðir í Búlgaríu, Þýskalandi og á Norðurlöndunum. Síðasta plata Mezzoforte, Forwards Motion, kom út árið 2004 þar sem allir fjórir upprunalegu meðlimirnir spiluðu, þar á meðal Friðrik Karlsson sem er nú fjarri góðu gamni vegna mikilla anna í London.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrir ekki margt löngu greindi Fréttablaðið frá því að Saga Film leitaði eftir fimm ára stúlku til að leika unga **Elvu Ósk** í kvikmyndinni Köld slóð sem Björn Br. Björnsson leikstýrir. Um sextíu manns settu sig í samband við fyrirtækið og voru tíu stúlkur kallaðar í prufur. Það var þó aðeins ein útvalin og það reyndist vera Birta Júlía Þorbergsdóttir, fimm ára gömul stelpa frá Akureyri, sem hreppti hnossið. Tökur eru um það bil að hefjast á þessari spennumynd sem gerist að mestu leyti við virkjun uppi á hálendi Íslands.



Það er **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** sem verður gestur hinna gáskafullu Stráka á morgun. Þetta er eitt fyrsta sjónvarpsviðtalið sem alheimsfegurðardrottningin mætir í og það má vera flestum ljóst að þeir drengir munu reyna að spyrja hana spjörunum úr. Vafalaust hafa þeir Pétur, Sverrir og Auðunn ekki verið jafn spenntir fyrir einum þætti enda ekki á hverjum degi sem slík drottnning leggst upp í rúm með þeim öllum í einu.



Fréttablaðinu barst fyrir skömmu bréf frá einlægum aðdáanda Ray Davies sem lengi hafði hlakkað til að sjá átrúnaðargoð sitt. Hann sá sér hins vegar ekki fært að borga þær fjárhæðir sem miðarnir kostuðu en til gamans má geta að miði í C-svæði kostar rúmar sjö þúsund krónur en á A-svæðið um fjórtán þúsund krónur. Að hans mati er það því „einungis velsettara fólk sem hafi efni á og geti boðið sínum nánustu að sjá hann skemmta“. Aðdáandinn segir það í farveginum að láta Ray sjálfan vita af þessu verði. „Uns það kemst á hreint hvort Ray ætli að svíkjast undan merkjum, hvet ég alla Kinks aðdáendur og áhugamenn um klassíska popptónlist að kaupa sig ekki inn á þennan ófagnaðarkonsert sem auglýstur er,“ segir í bréfinu og hugsar skrifari líklega **Einari Bárðarsyni**, sem flytur Davies til landsins, þegjandi þörfina.



-fgg






# Hvaða lag er best?

Það eru tuttugu ár liðin síðan að Icy-tríóið steig á sviðið í Bergen og flutti lagið Gleðibankann sem sérhvert barn hefur fengið í arf með móðurmjólkinni. Af því tilefni ætlar Fréttablaðið að efna til kosningar á www.visir.is hvert af okkar lögum í keppninni hafi verið best og var kjörstaðurinn opnaður nú í morgun. Kjósendur geta unnið sér inn úttektir frá Senu en einungis er hægt að kjósa fimm sinnum. Úrslitin verða síðan kynnt í aukablaði um lokakeppni RÚV sem fylgir Fréttablaðinu á laugardaginn en þá verður einmitt 19. framlag okkar valið.

Átján keppendur eða hópar hafa farið fyrir okkar hönd og reynt að heilla Evrópubúa upp úr skónum með misjöfnum árangri í þessari merkilegu keppni. Við getum til að mynda státað okkur af því að við unnum keppnina „næstum“ því árið 1999 þegar Selma rakaði inn heilum 146 stigum og hafnaði í öðru sæti. Níu árum áður náðu Sigga Beinteins og Grétar Örvars fjórða sætinu með lagi sínu Eitt lag enn. Lífið hefur þó ekki alltaf verið dans á rósum hjá okkur. Við höfum tvívegis mátt sætta okkur við að vera á hliðarlínunni og þá höfum við mátt verma botnsætið. Oftast höfum við þó siglt lygnan sjó og hafnað fyrir miðju



**SELMA BJÖRNS** Náði besta árangri okkar Íslendinga með laginu All out of Luck árið 1999, en hún hafnaði í öðru sæti eftir harða baráttu við Svía. FRÉTTABLAÐIÐ / MYND: REUTERS

Það verða fimmtán lög sem keppa um að komast til Grikklands í sumarbyrjun á þessu ári og fær þjóðin að velja það með símakosningu. Það er búist við mikilli spennu enda til mikils að vinna en undankeppnirnar þrjár hafa vakið athygli og notið mikilla vinsælda.

-fgg

# SKÍFAN KYNNIR

## ÖLL LÖGIN Í ÚRSLITUNUM ERU KOMIN ÚT Á GEISLAPLÖTU!

# 2006 söngvakeppni sjónvarpsins

NÝTT!

1.799 kr.




1. Eldur nýr – Ardís Ólöf
2. Stundin - staðurinn - Edgar Smári Atlason og Þóra Gísladóttir
3. Útópía - Dísella
4. Flottur karl, Sæmi Rokk – Magni & Magnararnir
5. Það sem verður - Friðrik Ómar
6. Sést það ekki á mér? – Matti
7. 100% hamingja – Heiða
8. Strengjadans - Davíð Olgeirs
9. Andvaka - Guðrún Árný
10. Hjartaþrá – Sigurjón Brink
11. Til hamingju Ísland - Silvía Nótt
12. Á ég? – Bjartmar Þórðarson
13. Mynd af þér - Birgitta Haukdal
14. 100% - Rúna G. Stefánsdóttir og Brynjar Már Valdimarsson
15. Þér við hlið - Regína Ósk

**Nú á tilboði í verslunum Skífunnar**

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

BaseCamp

**Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


# *Meiri mengunarkvóta?*

Það er eðli kvótakónga að raka að sér meiri kvóta. Stöðnun jafngildir hnignun og því verður sóknin að vera stöðug. Mikill vill meira. Þannig er því líka varið í mengunarkvótabransanum. Á ævintýraeyjunni sjá menn fyrir sér álver hér og álver þar. En hvernig eigum við að fara að þessu? spyrja sauðsvartir, bláeygir og eftirvæntingarfullir. Förum við ekki yfir á mengunarkvótanum? Neee, segja ráðsmenn á stjórnarheimilinu sem fengu úthlutað mengunarkvóta í Kýótó. Við höfum nóg að gera í stóriðjubrölti fram til 2012 og þá getur allt gerst. Kannski fáum við meiri kvóta þá.

Í liðinni viku hlaut Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, viðurkenningu fyrir störf í þágu umhverfismála. Við það tækifæri hvatti hann leiðtoga heims til að sameinast um Kýótó-sáttmálann og nýta hann til að bregðast við loftslagsbreytingum. Hann kallaði eftir hugarfarsbyltingu stjórnvalda, fyrirtækja og almennings svo snúa mætti vörn í sókn. „Nú þegar Kýótó-bókunin hefur tekið gildi geta jarðarbúar í sameiningu reynt að ná tökum á og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda auk þess að styrkja umhverfisvæn verkefni í þróunarríkjunum,“ sagði Annan.

**KÝÓTÓ-SÁTTMÁLINN** er tímamótaplagg frá árinu 1997, gert til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem valda hlýnun jarðar. Þrjátíu og fimm iðnríki skuldbinda sig til að draga úr losun þessara lofttegunda á árunum 2008 til 2012. „Ríkisstjórnir þróaðra ríkja geta valið um ótal leiðir; reglugerðir, skattheimtu og aðrar aðferðir til að leggja sitt af mörkum. Þær þjóðir sem hafa auð og völd eiga að taka forystu,“ sagði Annan. „Fyrirtæki ættu að styðja enn frekar við umhverfisvæna tæknivæðingu og gera sitt til að slík tækni verði raunhæfur möguleiki morgundagsins. Og gleymum ekki mætti einstaklingsins. Neytendur og kjósendur ættu að láta til sín taka í þessum efnum á heimavelli.“

Í ljósi ummæla aðalritarans virðast Frónverjar ósköp stutt á veg komnir. Meiri mengunarkvóta 2012 fyrir fleiri álver? Það er ólíklegt. Miklu heldur er tímabært að hefja hugarfarsbyltinguna meðal valdhafa, fyrirtækja og almennings. Nú er líka lag að fullnægja óbilandi þrá landans eftir forystuhlutverki á alþjóðavettvangi.


www.volkswagen.is




Nýr Fox

HEKLA kynnir Volkswagen Fox, nýjasta meðliminn í Volkswagen fjölskyldunni. Kraftur og öryggi eru lykilatriðin í hönnun Fox. Hann er rúmgóður, ríkulega búinn og verðið er hreint frábært.

**Volkswagen Fox fæst bæði með sparneytinni bensínvél og nýju umhverfisvænu TDI® dísilvélinni sem gerir hann einstaklega hagkvæman í rekstri.**

**Komdu og reynsluaktu.**

**1.175.000 kr.**

15.800 kr. á mánuði m.v. 10% útborgun og 84 mánaða bílasamning.

Aus Liebe zum Automobil

Aukabúnaður á mynd: álfelgur

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Allt að
53.040 kr.
endurgreiðsla á fjölskyldu



Skilvísir viðskiptavinir fjölskylduþjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2005. Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskylduþjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.

Má bjóða þér að slást í hópinn og eiga kost á endurgreiðslu að ári?

Skráðu þig og þína í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

spron – fyrir allt sem þú ert

Himinn og haf / SÍA